



Hagstæðasta bílalánið FRJÁLSI

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. október 2005 – 277. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**FÖSTUDAGUR**  
**Höfundur norska Da Vinci lykilsins**  
Tom Egeland Setur Snorra Sturluson í reyfarakennt samhengi  
**FÓLK 50**

**Karfan farin að rúlla**  
Íslandsmeistarar Keflavíkur hófu titilvörn sína í körfuboltanum með góðum sigri á ÍR í Seljaskóla. KR vann góðan sigur á Fjölni í Grafarvogi.  
**ÍPRÓTTIR 32**

**Woyzeck fær frábæra dóma**  
Vesturport frumsýndi Woyzeck í London. Nick Cave ætlar að sjá verkið í Reykjavík.  
**FÓLK 44**

**VEÐRIÐ Í DAG**  
Hyggjast á stormur sunnan og austan til eftir hádegi.  
**VONSKUVEÐUR EFTIR HÁDEGI**  
á suðurhluta landsins með slagveðursrigningu. Hægari og þurr lengst af nyrðra en hversir þar og fer að rigna í kvöld. Lægir þá sunnan og vestan til. Hiti víðast 5-11 stig undir kvöld.  
**VEÐUR 4**

Tilkynning  
**Bensínkort og frítrygging**  
Bensínkort með 50 þúsund króna inneign og frí ábyrgðar- og kaskótrygging fylgir nú öllum nýjum bílum frá B&L. Ef þú ert í bílahugleiðingum, fáðu þér nýjan Hyundai, Renault, Land Rover eða BMW með kaupauka sem þú færð beint í veskið, að verðmæti allt að kr. 140.000.  
\*Frí ábyrgðar- og kaskótrygging í 1 ár. Gildir ekki með öðrum tilboðum.  
Með bílinn handa þér  
B&L - Grjóthalsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200  
Opnið virka 10 til 18 og laugardaga frá 12 til 16



DAVÍÐ ODDSSON FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Davíð var ákaft hylltur af flokkssystkinum sínum þegar hann flutti sína síðustu setningarræðu á landsfundi flokksins í gærkvöldi. (FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI)

## Viðbrögði við gagnrýni Davíðs Oddssonar á Samfylkinguna og forsetann: Eins og biturt fórnarlamb

**STJÓRN MÁL** „Því er enn dapurlegra að ekki aðeins formaður Samfylkingarinnar, heldur einnig sumir þingmenn hennar, eins og ömurlegt uppstand í þinginu síðastliðinn þriðjudag sýndi, virðast naumast líta á Samfylkinguna sem flokk en fremur sem tiltölulega léttvægt dótturfélag auðhrings.“ sagði Davíð Oddsson, fráfarandi formaður Sjálfstæðisflokksins í ræðu sinni við setningu landsfundar í gærkvöldi.

„Það er merkilegt að maður sem hefur í fjórtán ár haft öll þau pólitísku völd sem hægt er að hafa í íslensku samfélagi skuli tala eins og biturt fórnarlamb þegar hann stígur sjálfviljugur af velli.“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. Ingibjörg segir það augljóst hvern Davíð telji vera sinn skeinuhætta-asta andstæðing. Davíð vék að fleiru en Samfylkingunni: „Eftir fáein ár verð-

ur þessi ljótasti blettur í sögu íslenskrar fjölmiðlunar kominn í sitt skot í sögunni. Sama má segja um þá árás sem gerð var á þingræðið í landinu og lengi verður í minnum höfð.“ „Í stjórnskránni segir að alþingi og forseti Íslands fari með löggjafarvaldið. Þetta er eina stjórnskráin sem þjóðin hefur samþykkt í beinni atkvæðagreiðslu.“ segir Sigurður Líndal prófessor. - jh/saj Sjá síðu 22

## Prestinum var greint frá kynferðisofbeldinu

Peim einstaklingum hefur farið fjölgandi á síðustu fimm árum sem segja presti sínum frá því að þeir hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi sem börn. Þetta segir séra Gunnþór Ingason sóknarprestur í Hafnarfirði.

**KYNFERÐISOFBELDI** Peim einstaklingum sem sagt hafa presti sínum frá því að þeir hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi sem börn hefur farið fjölgandi á síðustu fimm árum. Þetta segir séra Gunnþór Ingason, sóknarprestur í Hafnarfirði. Hann segir að bæði sé um að ræða karla og konur, sem greini frá þessu á viðtölum við sig. Fjölskylda Thelmu Ásdísardóttur, sem sagt hefur frá ógnvekjandi misnotkun föðurins á henni og systur hennar um árabil, var á þeim tíma sem þeir atburðir gerðust, búsett í Hafnarfjarðarsókn. Gunnþór segir að mál systranna hafi aldrei borið fyrir sín eyru fyrr en nú að það er gert opinbert. Engin þeirra fermdist að því er fram hefur komið í fjölmiðlum. „Þetta gerðist fyrir allmörgum árum. Þessar systur hafa augljóslega ekki farið sömu leið og jafn-

aldrar þeirra.“ segir séra Gunnþór. „Þær hafa þó ekki borið utan á sér hvernig komið væri fyrir þeim. Þær hafa greinilega haft sitt hvað til brunns að bera og hafa komist áfram í lífinu þótt kringumstæður þeirra væru slæmar og átakanlegar.“ Séra Gunnþór segir að hafa beri í huga, að áður fyrr hafi hugmyndir um kynferðisofbeldi barna verið mun fjarlægari heldur en nú er. Samfélagið hafi verið lokaðra og talið hafi verið að svona nokkuð myndi vart þrífast í okkar ágæta samfélagi. Erfitt hafi verið fyrir fólk að horfast í augu við svo ónotalegan veruleika. „En nú þegar margt er á hverfanda hveli og sitthvað þyrlast upp í sviptivindum samtíðar, viðmið og fleira, þá er farið að gæta að dekkri hlutum tilverunnar og huldum skúmaskotum sem hafa alltaf verið til einhvers staðar, hvort

sem þau eru fleiri núna heldur en áður var.“ segir séra Gunnþór. „Ég gæti samt best trúað því að margt í okkar samfélagi sé nú látið viðgangast sem andmælt var fyrrum. Þölmörk samfélagsins eru meiri nú heldur en áður var en menn verða að gera upp við sig hvar þeir vilja standa í málum sem verða velferð og samfélagsheill og andmæla óhæfverkum.“ Spurður hvaða ráð hann gefi fólk sem segi frá kynferðisofbeldi sem þau hafi orðið fyrir á yngri árum segist séra Gunnþór hvetja það til að tjá sig um það, horfast í augu við það, reyna að viðurkenna tilveru sína og láta ekki örvæntingu, biturleika eða skammartilfinningu ráða ferðinni. Reyna jafnframt að finna gildi í guðstrúnni og glæða þrátt fyrir allt lífsvirðinguna í vitundinni um háleitan tilgang lífsins. - jss

## Ríkið tapar í deilu um land: Makaskiptin viðurkennd

**DÓMSTÓLAR** Héraðsdómur Suðurlands ógilti í gær úrskurð óbyggðanefndar frá í mars 2002 um eignarhald á Grímsnesafrétti og jörðum umhverfis Lyngdalsheiði að því er varðar land sem Grímsneshreppur fékk í makaskiptum við Þingvallakirkju árið 1896. Grímsnes- og Grafningshreppur kærði ríkið og krafðist þess að viðurkenndur yrði eignarréttur yfir umræddu landi, en þeirri kröfu var vísað frá dómi. Skiptin árið 1896 gengu út á að kirkjan fékk jörðina Kaldárhöfða, en hreppurinn landið. Ríkinu var gert að greiða hreppnum 1,2 milljónir króna í málskostnað en öðrum kröfum um málskostnað var vísað frá að mestu. - óká

## Bókmenntaverðlaun: Pinter fær Nóbélinn

**SVÍÐPJÓÐ** Breska leikskáldið Harold Pinter hlýtur Bókmenntaverðlaun Nóbels í ár. Frá þessu var skýrt í gær. Í tilkynningu frá sænsku akademíunni, sem úthlutar verðlaunum ár hvert, segir að Pinter hafi í verkum sínum „afhjúpað hengiflugið undir hversdagsblaðri okkar og þröngvað sér inn í lokuð herbergi kúgunarinnar“. Pinter varð 75 ára á mánudaginn var. Hann þykir eitt áhrifamesta leikskáld samtímans en sagðist í mars á þessu ári vera hættur að skrifa leikrit til þess að geta helgað sig stjórnmálum. Hann hefur óspart gagnrýnt bresk og bandarísk stjórnvöld fyrir Íraksstríðið og annan stríðsrekstur. sjá síðu 39



HAROLD PINTER

**Haust útsala**  
stendur til mánudags!  
**15-50% AFSLÁTTUR**  
Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA



Guðmundur, ætlaðu að sitja næstu þúsund fundi?

„Væri ég eilífur litist mér vel á það.“

Guðmundur Páll Jónsson tekur við sem bæjarstjóri á Akranesi í nóvember en í fyrradag var þúsundasti bæjarstjórnarfundurinn þar haldinn.

Verðmunur á svipuðu námi hjá Háskóla Íslands og Endurmenntun HÍ:

## Munurinn er hálf milljón

**NÁM** „Þetta getur litið svolítið undarlega út en það er skýring á þessu,“ segir Helgi Þór Ingason dósent en hann er forstöðumaður náms í verkefnastjórnun við Háskóla Íslands. Meistararnemendur í verkefnastjórnun vöktu á því athygli að nemendur í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við Endurmenntun sitja með þeim námskeiðin á fyrsta ári þótt lesefni og próf séu ekki alveg hin sömu.

Mikill munur er á kennslugjaldinu fyrir hópana þótt námið sé að miklum hluta það sama. Meistararnemendur er gert að greiða 925 þúsund krónur fyrir árið en nemendur í Endurmenntun greiða

345 þúsund og er munurinn því 580 þúsund.

„Annað er nám meðfram starfi og er fimmtán einingar sem engin deild innan háskólans tekur faglega ábyrgð á. Hitt er tveggja ára nám þar sem nemendur útskrifast með meistaragráðu frá verkfræðadeild háskólans og nemendur borga fyrir 51 einingu samtals. Einingarnar eru mun dýrari í meistaránáminu. Við fáum erlenda fyrirlesara og förum í ferðir út á land og kröfurnar eru mun meiri þannig að ekki er sömu við að jafna. Þetta eru einfaldlega tvær ólíkar vörur sem henta tveimur hópum með misjafnar þarfir.“

-jse



KENNARAR NÁMSKEIÐSINS Helgi Þór Ingason, Haukur Ingi Jónasson og Tryggvi Sigurbjarnarson kenna tveimur hópum svipað efni en miklu munar á verði.

Átján mánaða dómur:

## Maður brást hjálparskyldu

**DÓMSMÁL** Maður var dæmdur til átján mánaða fangelsisvistar í hæstarétti í gær fyrir að bregðast hjálparskyldu. Hann lét farast fyrir að koma ungrri stúlku undir læknishendur þar sem hún hafði veikt lífshættulega af völdum of stórra skammta af e-töflum og kókaiini. Stúlkan lést á staðnum.

Dómurinn telur sannað að manninum hafi verið ástand stúlkunnar ljóst og að honum hafi borið að kalla til sjúkrálið.

Hæstiréttur staðfestir með þessu dóm sem kveðinn var upp í héraði.

-saj

### KÍNA

Skaut á skólábörn Kínverskur karlmaður skaut og særði sextán skólábörn í Anhui-héraði. Sjö barnanna liggja alvarlega særð á sjúkrahúsi en ekkert þeirra er í lífshættu. Maðurinn flúði af vettvangi og leitar lögregla að honum. Honum er lýst sem geðsjúklingi sem öfund barnafólk. Þetta er í sjötta skipti á einu ári sem ráðist er á börn í kínverskum skólum.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktssdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.



HÆST Á ÍSLANDI Hlutfall virðisaukaskatts af skatttekjum ríkissjóðs er hærra hér en á Norðurlöndum.

## Hlutfallslega mesti vaskurinn á Íslandi

Samkvæmt skýrslu OECD er hlutfall virðisaukaskatts af þjóðarframleiðslu hvergi hærra en á Íslandi þar sem það jókst mest á milli árunna 2003 og 2004.

Þá er skattur á fyrirtæki sem hlutfall af skatttekjum næstlægstur á Íslandi.

**EFNAHAGSMÁL** Hvergi meðal ríkja innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD er hlutfall virðisaukaskatts af þjóðarframleiðslu hærra en á Íslandi. Hlutfall virðisaukaskatts af skatttekjum ríkissjóðs á Íslandi er jafnframt þriðja hæsta í löndum innan OECD. Aðeins í Mexíkó og Tyrklandi er hlutfallið hærra. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá OECD.

Hlutfall virðisaukaskatts af þjóðarframleiðslu á Íslandi er 16,3 prósent en til samanburðar er hlutfallið á hinum Norðurlöndum á bilinu 13,3 í Svíþjóð til 16 í Danmörku.

Skattur af þjónustu og matvöru er samkvæmt skýrslunni um 41 prósent af skatttekjum ríkissjóðs

Íslands, eða þriðja hæsta. Hlutfallið er hæst í Mexíkó, um 53 prósent. Hlutfall skatttekna sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á Íslandi jókst jafnframt mest allra ríkja OECD á milli árunna 2003 og 2004, eða um 2,1 prósentustig. Aðeins í tveimur öðrum ríkjum jókst hlutfallið um meira en eitt prósentustig, eða í Noregi um 1,5 prósentustig og 1,3 prósentustig í Danmörku.

Ef horft er til árunna 1995 til 2003 jókst hlutfall skatttekna af þjóðarframleiðslu næstmest á Íslandi, eða um tæp 8 prósentustig. Aðeins í Tyrklandi jókst hlutfallið meir.

Þá er skattur á fyrirtæki sem hlutfall af skatttekjum næstlægstur á Íslandi, eða 3,9 prósent. Hlutfallið er lægst í Þýskalandi þar

sem það er 3,4 prósent af skatttekjum. Hæst er hlutfallið í Noregi og Lúxembúrg, eða 19 prósent.

Fram kemur að hlutfall skatttekna sem rennur til ríkissjóðs miðað við hlutfall sem rennur til að mynda til sveitarstjórna, er einungis hærra en á Íslandi í fimm löndum innan OECD. Hlutfallið á Íslandi árið 2003 var um 75 prósent til ríkissjóðs á móti 25 prósentum til sveitarstjórna, samkvæmt skýrslunni.

Ísland er í tunda sæti þegar horft er til hlutfalls skatttekna af þjóðarframleiðslu og eru öll hin Norðurlöndin þar ofar á lista.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra vildi ekki tjá sig um skýrsluna þar sem hann hafði ekki kynnt

### NOREGUR

**MUNCH-VERKIN Í RÚTU** Rútueigandi sem er í haldi lögreglunnar hefur víðurkennt að hafa fundið tvö verk Edwards Munch, Ópið og Madonnu, vafin inn í ábreiðu í rútu sinni. Annað verkanna var litilla skemmt. Maðurinn þorði ekki að gera viðvar af ótta við að flækjast í málið. Verkin eru enn ófundin.

**NAUÐGUNUM FJÖLGAR** Dagblaðið Aftenposten greinir frá því að á þessu ári hafi 71 kona komið á neyðarmóttöku Ólafs helga sjúkráhusins í Þrándheimi, þar af 17 í síðasta mánuði vegna nauðgana, samanborið við 56 í fyrra. Ekki er vítað hvers vegna nauðgunum hefur fjölgað í þessari fríðsælu 150.000 manna borg.



STÁLINU STAPPAÐ George W. Bush ræddi við hermenn á myndfundi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

George W. Bush:

## Hvatti menn sína til dáða

Washington, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti ávarpaði bandaríska hermenn í Tikrit í Írak í gær um myndsiða frá Hvíta húsinu en búist er við að þeir muni hafa í nógu að snúast vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar á morgun.

„Við höfum hrint nokkru af stað sem ekki verður stöðvað og það er leiftursókn lýðræðisins,“ sagði Bush við menn sína.

Eftir að þjóðarbrotin í Írak komust að samkomlagi um hugsanlegar breytingar á stjórnarskránni í vikunni hafa líkurnar aukist á að drögin verði samþykkt á morgun.

Ráðherralisti nýrrar ríkisstjórnar í Noregi kynntur á mánudag:

## Halvorsen fjármálaráðherra

**STJÓRN MÁL** Ráðherralisti nýrrar ríkisstjórnar í Noregi verður kynntur á ríkisráðsfundi í norsku konungshöllinni í Osló á mánudag.

Viðræðum forystumanna rauðgræna bandalagsins svennda, sem hlaut meirihluta þingsæta í þingkosningunum 12. september síðastliðinn, lauk í ráðstefnumiðstöðinni Soria Moria í gær.

Norskir fjölmiðlar telja fullvíst að Kristín Halvorsen, formaður Sósíalíska vinstriflokksins, verði fjármálaráðherra í ráðuneyti Jens Stoltenbergs, formanns Verkamannaflokksins og verðandi forsætisráðherra.

Búist er við því að Áslaug Haga, formaður Miðflokksins, verði félagsmálaráðherra og fari með málefni sveitarstjórna.

Stjórnmalarynendur í Noregi telja fullvíst að Jonas Gahr Støre frá Verkamannaflokki verði utanríkisráðherra. Terje Riis-Johansen er orðuð við stól landbúnaðarráðherra og fleiri hafa verið nefndir sem líklegir ráðherrar.


Flokkarnir þrjú hlutu samtals 87 þingsæti af 169 og felldu borgaralega stjórn Kjells Magne Bondevik.

-jh



KRISTÍN HALVORSEN FORMAÐUR SÓSÍALÍSKA VINSTRIFLOKKSINS Norskir fjölmiðlar telja að Halvorsen verði fjármálaráðherra í ráðuneyti Jens Stoltenberg.

Alltaf hagstætt



Ódýrt bensín

15 stöðvar!

www.ob.is

# GJÖRBREYTTUR NÝR GRAND VITARA ER KOMINN



Verð frá kr. 2.690 þús.

Nýr Grand Vitara, er lúxusjeppi byggður á grunni Grand Vitara frá Suzuki, einum stærsta bílaframleiðanda Japans. Grand Vitara er alvöru jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um aksturseiginleika, öryggi og hagkvæman rekstur.

Undir glæsilegri yfirbyggingu leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif með háu og lágu sídrifi með læsingu á milli fram- og afturhjóla.

Það skiptir ekki máli hvort þú ert í borgarumferðinni, eða uppi á fjöllum, einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara gera aksturinn ánægjulegan.



Hugtak Sep 05

# SUZUKI

...er lífsstíll!










SUZUKI BÍLAR HF.  
Skeifunni 17. Sími 568 5100.  
[www.suzukibilar.is](http://www.suzukibilar.is)

## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 13.10.2005

## KAUP SALA

	Bandaríkjadalur USD	61,23	61,53
	Sterlingspund GBP	107,11	107,63
	Evra EUR	73,39	73,81
	Dönsk króna DKK	9,834	9,892
	Norsk króna NOK	9,395	9,451
	Sænsk króna SEK	7,832	7,878
	Japanskt jen JPY	0,5333	0,5365
SDR		XDR	88,31 88,83

## Gengisvísitala krónunnar

103,2219

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## HÉRAÐSDÓMUR

**FALSADI VOTTORÐ** Maður var dæmdur í tveggja mánaða fangelsi í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir að hafa haustið 2002 falsað vottorð vinnuveitanda til að fá greiddar atvinnuleysisbætur hjá Svæðismiðlun Norðurlands eystra. Vottorðið falsaði maðurinn sjálfur með nafni fyrrverandi yfirmanns.

**EYÐILAGÐI SKÓLATÖFLU** Ákvörðunar um refsingu ungs manns var í vikunni frestað í tvö ár í Héraðsdómi Norðurlands eystra og fellur hún niður að þeim tíma liðnum brjóti hann ekki af sér. Er þetta gert með hlidsjón af ungum aldri hans, en í ágúst í fyrra braust hann inn í verslun BT á Akureyri og stal þremur tölvuleikjum. Í mars á þessu ári bjó hann svo til litla sprengju úr flugeldartertu og eyðilagði með henni töflu í Lundarskóla.

**FLÚÐI FRÁ INNBROTI** Fullnustu þriggja af fimm mánaða fangelsis manns sem flúði af vettvangi innbrots á Akureyri var frestað í þrjú ár og fellur hún niður haldi hann skilorð. Maðurinn hætti við að brjótast inn í Eyrarúðina í ágúst þegar til hans sást.



**BORINN TIL GRAFAR** Útför Ghazi Kanaan fór fram þegar í gær.

MYND/AP

Sýrlensk rannsókn:

## Kanaan batt enda á líf sitt

**DAMASKUS, AP** Sýrlenskir ríkisfjölmiðlar sögðu frá því í gær að rannsókn Muhammad al-Louji ríkissaksóknara á dauða Ghazi Kanaan innanríkisráðherra hefði leitt í ljós að Kanaan hefði stungið byssu upp í munn sér og hleypt af. Hann kenndi einelti líbanskra fjölmiðla í garð Kanaan um.

Fregnirnar af rannsókninni dugðu þó ekki til að eyða almennri tortryggni um að Kanaan hefði verið ráðinn bana vegna yfirvofandi skýrslu SP um þátt Sýrlendinga í morði á líbönskum stjórnmálaman.

Rjúpnaveiði hefst aftur á morgun eftir tveggja ára veiðibann:

## Þyrla eltir veiðimenn uppi

**RJÚPNAVEIÐAR** Eftir tveggja ára veiðibann má aftur byrja að veiða rjúpu á morgun og eru veiðar heimilaðar til 30. nóvember.

Ríkislögreglustjóri hefur hvatt lögreglustjóra til að efla eftirlit með skotveiðimönnum á veiðisvæðum í sínum umdæmum. Ríkislögreglustjóri mun aðstoða lögregluna á Suðvesturlandi og Norðurlandi með eftirliti og verður þyrla Landhelgisgæslunnar notuð í eftirlitsferðir um veiðilundur.

Þórður Helgason, verslunarstjóri Sjóðbúðarinnar á Akureyri, segir góða sölu hafa verið í veiðibúnaði undanfarna daga og mikill spenn-



**RJÚPUR Í KJARNASKÓGI** Verslunarstjóri Sjóðbúðarinnar á Akureyri segir veiðimenn tala um að mikið sé af rjúpu á Norður- og Austurlandi. Fréttablaðið/KK ingur í veiðimönnum norðan heiða. „Rjúpnaveiðimenn á Akureyri munu fara víða um helgina

en flestir ætla að fara í Þingeyjarsýslurnar. Veiðibann undanfarna ára, og ný reglugerð um rjúpnaveiðar, virðist hafa vakið marga til umhugsunar og mér sýnist veiðimenn almennt ætla að gæta höfs og miða veiðarnar við þarfir sínar,“ segir Þórður.

Samkvæmt reglugerð umhverfisráðherra um rjúpnaveiðar er ekki leyfilegt að selja rjúpu eða rjúpnaafurðir og bannað er að nota vélsleða eða torfærutæki við veiðarnar. Jafnframt eru veiðimenn hvattir til að stilla veiðum í hóf og skjóta ekki fleiri en tíu til fimmtán rjúpur á veiðitímabilinu.

- kk/th

## Alda polenda hefur leitað til Stígamóta

Saga Thelmu Ásdísardóttur og systra hennar, sem urðu fyrir grófu kynferðisofbeldi af hendi föður síns, hefur hreyft við samfélaginu. Alda einstaklinga sem eru polendur slíkra brota hafa leitað til Stígamóta í kjölfarið.

„Það er alltaf hvetjandi fyrir fólk að heyra af öðrum sem sýna hugrekki,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta. Hún segir, að sú mikla umræða sem átt hefur sér stað vegna langvarandi kynferðisofbeldis sem Thelma Ásdísardóttir og systur hennar máttu þola af hendi föður síns, hafi hrundið af stað öldu einstaklinga sem hafa haft samband við Stígamót vegna kynferðisofbeldis sem þeir hafa verið beittir í æsku. Systurnar hafa sagt sögu sína í fjölmiðlum en væntanleg er á markaðinn bókin Myndin af pabba - saga Thelmu, sem Gerður Kristný skrúar. Þar segir Thelma frá ömurlegri æsku sinni og systra sinni.

„Ég hef ekki tekið saman hversu mörg símtöl við höfum fengið frá einstaklingum sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi eftir að þessi umræða fór af stað,“ segir Guðrún. „Við hittum 500 manns á ári þannig að við erum alltaf að fá símtöl frá fólki. Ég hef ekki tekið það saman hversu miklu fleiri það hafa verið nú en áður. Það eina sem við getum gengið að með vissu á Stígamótum er að við vitum aldrei hvernig næsta vika eða mánuður verður. En eitt af því sem alltaf virkar á aðsókn er svona opin umræða. Einhverjir eru kannski búnir að vera lengi að hugsa sig um og hún nærir til að ýta á þá að gera eitthvað.“

Í gær mætti Ragnheiður Harðardóttir varasaksóknari á hádegisverðarfund hjá Stíga-



**OPINN FUNDUR HJÁ STÍGAMÓTUM** Fullt var út úr dyrum þegar Ragnheiður harðardóttir vararíkissaksóknari mætti á hádegisverðarfund hjá stígamótum í gær.

mótum. Hún fræddi fundargesti um aðkomu saksóknaraembættisins að kynferðisbrotamálum.

„Það fyllist hjá okkur húsið,“ segir Guðrún. „Það er augljóst að Thelmu hefur tekist að hreyfa við íslensku samfélagi almennt og kalla fram í fólk löngunina til þess að laga og taka til. Þetta hefur virkjað réttlætiskennend í fólk og það gleður okkur mjög. Við skulum vona að það sé til langframa.“

Guðrún segir starfsfólk

Stígamóta hafa orðið þessa áskynja í fjölda skeyta, símhringinga, stuðningsyfirlýsinga og jafnvel fjárframlaga. Fjölmiðlar hafi staðið sig mjög vel, því baráttan væri til lítils ef hún leiddi ekki til þess að allir litu í eigin barm og hugleiddu hvað þeir mættu gera betur.

„Almenningur vill halda vöku sinni og vill ekki bregðast nágrannabarninu sínu,“ segir Guðrún sem fagnar vitundarvakningunni.

jss@frettabladid.is

Fasteignasali í Reykjavík:

## Stal nítján milljónum

**DÓMSMÁL** Fasteignasali var dæmdur í tólf mánaða fangelsi í Hæstarétti í gær fyrir að hafa á tímabilinu mars 2001 til desember 2002 dregið sér rúmar nítján milljónir króna af fé sem hann tók við frá viðskiptavinum vegna sölu á fasteignum.

Maðurinn var í Hæstarétti sakfelldur fyrir að hafa dregið að sér 2,9 milljónir frá níræðum manni, en héraðsdómur hafði sýknað hann af þeim hluta ákærinnar. Hæstiréttur þyngir þar dóm héraðsdóms um þrjá mánuði.

- saj



**HÁLKA** Svell og snjór eru á gangstéttum og rétt fyrir unga sem aldna að fara varlega.

Akureyri:

## Fljúgandi hálka

**LÖGREGLA** Mikil hálka hefur verið á götum Akureyrar undanfarna daga og töluvert af umferðaróhöppum.

Margar bifreiðar eru enn á sumardekkjum en ökumenn óku gætilega um götur bæjarins í gær og klukkan 18 hafði lögreglunni einungis verið tilkynnt um fjögur umferðaróhöpp. Engin slys urðu á fólki í þeim óhöppum.

- kk

Forsetakosningar í Póllandi:

## Tusk eykur forskotið

**PÓLLAND, AP** Frjálslyggjumaðurinn Donald Tusk hefur aukið forskot sitt á keppinautinn um pólska forsetaembættið, íhaldsmanninn Lech Kaczynski, upp í tólf prósentustig, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar sem birtar voru í gær. Úrslitamerferð forsetakosninganna, þar sem valið stendur á milli þeirra tveggja, fer fram 23. þessa mánaðar.

Samkvæmt könnun OPOP, sem birt var í blaðinu Fakt, mælist fylgið við Tusk 56 prósent en við Kaczynski 44 prósent. ■

Fellihýsi, tjaldvagnar og húsbílar

## Tilboð!

Á NOTUÐUM OG NÝJUM VÖGNUM

**STÓRLÆKKAD VERÐ!**



Hóli - camp AEGIS tjaldvagn

JOINT lágþekjubíll

Tjaldvagnaland

SEGLAGERÐIN AEGIR


Verslaðu við traustan aðila!

EYJARSLÓÐ 5-7 • Sími 511 2203 • www.seglagerdin.is

## VEÐURSPÁ

um hádegi »

**STORMUR OG SLAGVIÐRI**  
Nú er kraftur í því. Fyrir hádegi verður þó víðast þunt og vindur skaplegur en eftir hádegi fer þetta allt í gang með stormi sunnan og suðaustan til með slýddu og síðar rigningu. Fram eftir degi verður hann hægar og þurr fyrir norðan en þar hversir og fer að rigna í kvöld.  
**HÖFUDBORGIN Í DAG**  
Ört vaxandi suðaustan átt eftir hádegi með hvassviðri og mikilli rigningu. Lægir talsvert í kvöld. Hiti 5-9 stíg.



Kaupmannahöfn	14°C hálfskýjað	Paris	21°C hálfskýjað	Alicante	22°C hálfskýjað
Osló	12°C hálfskýjað	Berlín	18°C léttskýjað	Milano	20°C heiðskirt
Stokkhólmur	14°C léttskýjað	Frankfurt	20°C léttskýjað	New York	17°C rigning
Helsinki	13°C léttskýjað	Madrid	17°C hálfskýjað	San Francisco	20°C léttskýjað
London	16°C alskýjað	Barcelona	21°C skúrir	Orlando/Florida	31°C skúrir

\* Sveði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggt á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Lambalæri

## beint úr kjötborði

Kjöt & fisktorgið



**TILBOÐ**  
**898** kr/kg  
Verð áður 1.298,-

Úr kjötborði  
**lambalæri**

**Hrefna R. Jóhannsdóttir**  
aðstoðar yfirmatreiðslumaður  
á Sjávarkjallaranum  
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

### LAMBALÆRI SOOLÁ MASALA

- |                     |                      |               |
|---------------------|----------------------|---------------|
| 1 stk. lambalæri    | 1 tsk. svartur pipar | 1 tsk. salt   |
| 2 msk. olía         | 1 msk. fennelfræ     | 150 g jógúrt  |
| 2 msk. smjör        | 1 stk. laukur        | Salt og pipar |
| 10 stk. kardimommur | 6 rif hvítlaukur     |               |
| 1 msk. kórianderfræ | 150 g Kóriander      |               |

Hitið oliuna í potti og steikið kardimommurnar, kórianderfræin, svarta piparinn og fennelfræin upp úr oliunni. Bætið smjörinu út í ásamt söxuðum lauknum og hvítlauknum og steikið áfram. Slökkvið undir pottinum, bætið kóriandernum og saltinu út í og kælið. Maukið í matvinnsluvél ásamt jógúrtinu. Snyrtið lambalærið, kryddið með salti og pipar og steikið lærið á pönnu. Setjið soola masala maukið á lærið og eldið inn í ofni á 150°C í 70 mín.



**30%**  
afsláttur

**TILBOÐ**  
**1.769** kr/kg  
Verð áður 2.527,-

Nauta  
**piparsteik**



**30%**  
afsláttur við  
kassa

**TILBOÐ**  
**1.084** kr/kg  
Verð áður 1.549,-

New Orleans  
**BBQ svínaríf**



### Tyson eldaður kjúklingur



**Gott verð**  
**168** kr/pk

**Myllu** heimilisbrauð  
- ómissandi daglega



**Créapan** fylltar pönnukökur  
- tilbúinn eftirréttur



**40%**  
afsláttur við  
kassa

**Magnum** íspinnar  
- ómótæðilega góðir

Gildir til 16. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

Skemmtilegast að versla

Í það minnsta 36.000 þúsund manns létust í jarðskjálftanum:

# Tíminn er óðum að renna út

**MUZAFFARABAD, AP** Kuldi, vösbúð og hungur sverfa nú að bágstöddum á jarðskjálftasvæðunum í Pakistan. Allstór eftirskjálfti reid yfir svæðið í gær en olli þó ekki teljandi skemmdum.

Jan Egeland, aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna og yfirmaður neyðaraðstoðar þeirra, heimsótti borgina Muzaffarabad í gær en hún varð illa úti í skjálftunum. Hann sagði að neyðin væri mikil og áriðandi væri að koma mat, lyfjum og teppum til þeirra tveggja milljóna sem eru heimilislausar á svæðinu. „Við erum að tapa kapphlaupinu við tímann,“ sagði Egeland og bætti

því við að hann hefði aldrei séð aðra eins eyðileggingu.

Skelfing greip um sig þegar skjálfti af stærðinni 5,6 skók hamfarasvæðið. Skemmdir af völdum eftirskjálftans virtust hverfandi en hann olli þó því að björgunaraðgerðir stöðvuðust um tíma. Töfin varð til þess að ekki tókst að bjarga konu í Muzaffarabad sem fundist hafði á lífi í húsarústum.

Í gær áætluðu stjórnvöld í Pakistan að 35.000 manns hefðu beðið bana af völdum skjálftans, tugir þúsunda væru slasaðir. Á Indlandi er talið að 1.350 manns hefðu farist.



**VONIN DÓ** Björgunarsveitir fundu í gær konu á lífi í rústum í Muzaffarabad en þær urðu að gera hlé á aðgerðum þegar eftirskjálfti reid yfir í gær. Þegar björgunarsveitirnar tóku upp þráðinn á ný var konan hins vegar látin.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



## KJÖRKASSINN

Eiga verkalyðsfélögin að segja upp kjarasamningum vegna verðbólgu?

Já	69%
Nei	31%

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Vinna Íslendingar of mikið?



**RANNEIG RIST OG LÚDVIK GEIRSSON** Forstjóri og bæjarstjóri tvímenntu á reidhjólum í gær.

Hafnarfjarðarbær og Alcan:

## Hjólað til Straumsvíkur

**SAMGÖNGUR** Lúdvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði og Ranneig Rist, forstjóri Alcan, tvímenntu á hjóli eftir nýjum hjólréiðastíg milli Hafnarfjarðar og Straumsvíkur sem opnaður var formlega í gær.

Lagning stígsins var samstarfsverkefni Alcan og Hafnarfjarðarbæjar sem deildu með sér kostnaði við framkvæmdina.

Með opnun hans rættist draumur margra starfsmanna í Straumsvík sem fara vilja hjólandi til vinnu sinnar.

-jse

Tveggja ára fangelsi:

## Dæmdur fyrir ítrekuð brot

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi í gær tæplega þrítugan mann í tveggja ára fangelsi fyrir samtals 35 brot. Brot mannsins eru margvísleg, þar á meðal hefur hann ekið tíu sinnum án réttinda og tvisvar ekið undir áhrifum. Einnig er hann dæmdur fyrir skjalafals, gripdeild og þjófnaði og fíkniefnabrot.

Dómurinn kveður manninn vera vanaafbrotamann og er það honum til refsipýngingar. Hann játaði brot sín afdráttarlaust og var litið til þess við ákvörðun refsingar.

-saj

# Átta vilja fyrsta sæti

Spennandi prófkjör er framundan vegna lista Framsóknarflokks í sveitarstjórnarkosningum í Kópavogi og sækjast átta eftir fyrsta sæti. Kosið verður um sex efstu sætin. Þar verða þrjár af hvoru kyni samkvæmt reglum flokksins.

**PRÓFKJÖR** Átta sækjast eftir fyrsta sæti á lista Framsóknarflokksins í Kópavogi fyrir sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fara í vor. Alls eru fjórtán í framboði, fjórar konur og tíu karlmenn. Kosið verður um sex efstu sætin á 22 manna lista til sveitarstjórnarkosninga í opnu prófkjöri. Tekið verður mið af jafnréttisákvæðum í lögum Framsóknarflokksins og verða því þrjár af hvoru kyni í sex efstu sætum, þeir þrjár karlar sem fá flest atkvæði og þær þrjár konur sem fá flest atkvæði.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er talið að baráttan um fyrsta sætið standi einna helst milli Ómars Stefánssonar bæjarfulltrúa og Unu Maríu Óskarsdóttur, uppeldis- og menntunarfræðings. Ómar er eini starfandi bæjarfulltrúinn á listanum og er það talið vera honum til tekna en bent var á Unu Maríu til stuð-



**ÓMAR STEFÁNSSON** Þykir líklegur í baráttuna um fyrsta sæti. Sumir eru þó enn svekktir út í hann fyrir aðild hans að lóðaúthlutunum í Vatnsenda. Stuðningsmaður bræðrana Páls og Árna Magnússona.



**UNA MARÍA ÓSKARSDÓTTIR** Líklegust til að keppa við Ómar um fyrsta sætið. Umdeild en þekkt í flokknum og sögð í fylkingu með Siv Friðleifsdóttur sem tókst á um völd í Freyju.

ings að hún hefði starfað að bæjararmálum undanfarin tvö kjörtímabil.

Ómar og Una María eiga þó sína andstæðinga, sem vildu jafnvel heldur sjá Lindu Bentsdóttur í forystusætinu. Bent er á að Ómar hafi misst traust margra flokksmanna þegar hann úthlutadi vinum og fjölskyldu lóðum í lóðaúthlutuninni í Vatnsenda í Kópavogi sem styr stóð um. Una María er jafnframt nokkuð umdeild meðal flokksmanna. Þá eru þau sögð tilheyra hvort sinni fylkingunni í baráttu sem staðið hefur um yfirráð yfir framsóknarfélögum í Kópavogi og endurspegladist meðal annars í Freyjumálinu svokallaða. Ómar heyrir til fylkingar sem kennð hefur verið við bræðurna Pál og

Árna Magnússyni en Una María sé hluti af fylkingu sem kennð er við Siv Friðleifsdóttur.

Þá er Andrés Pétursson, sem sækist eftir öðru sæti, talinn líklegur til að ná kjöri í eitt af efstu sætum og jafnframt er Samúel Örn Erlingsson sagður til alls líklegur. Þó svo að Samúel hafi ekki starfað áður í Framsóknarflokknum er hann vafalaust þekktasta nafnið á listanum, en einnig eru eiginkona hans og dóttir miklir og þekktir Breiðabliksmenn, sem ekki þykir spilla fyrir í prófkjörum í Kópavogi. Fréttablaðið hafði samband við allfesta frambjóðendurna í gær sem voru sammála um að framundan væri spennandi og skemmtileg kosningabáratta.

sda@frettabladid.is



**NÓG KOMIÐ!** Hugo Chavez (til vinstri) telur bandarísku trúboðana nýlendusinna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Venesúela:

## Trúboðarnir reknir á brott

**VENESÚELA** Hugo Chavez, forseti Venesúela, hefur lýst því yfir að starfsmönnum bandarísku trúboðasamtakanna New Tribes verði vísað úr landi.

Hundruð trúboða á vegum samtakanna hafa boðað frumbyggjum kristna trú undanfarin ár en nú sér fyrir endann á því. „Þetta er ófrávikjanleg ákvörðun. Við viljum ekki New Tribes hér. Nóg komið af nýlendustefnu,“ sagði forsetinn á fundi í vikunni.

Chavez og bandarísk stjórnvöld hafa lengi eldað saman grátt silfur og má sjálfsagt skoða þessa deilu í því ljósi.

Bilun í olíuborpalli:

## Sleipni lokað vegna gasleka

**NOREGUR, AP** Vegna bilunar í norska olíuborppallinum Sleipner A, sem er um 240 km vestur af Stafangri, var öll vinnsla á tveimur jarðgasvinnslusvæðum stöðvuð í gær, Frá þessu greindu talsmenn Statoil.

Gasleki kom upp á borpallinum síðdegis á miðvikudag og var brugðist við honum með því að stöðva alla jarðgasdælingu á vinnslusvæðunum Sleipner vestur og Sleipner austur. Að meðaltali er þar dælt upp 45 milljónum rúmmetra af gasi á dag.

Ráðherralisti þýskra jafnaðarmanna:

# Steinmeier í utanríkismálin

**ÞÝSKALAND, AP** Frank Walter Steinmeier, starfsmannastjóri Gerhards Schröder fráfarandi kanslara, verður næsti utanríkisráðherra Þýskalands. Þetta kom í ljós er forusta þýska jafnaðarmannaflokksins SPD staðfesti hverjir úr þeirra röðum tækju sæti í væntanlegri samsteypustjórn með kristilegum demókrötum.

Franz Müntefering, formaður SPD, verður varakanslari og ráðherra atvinnamála. Peer Steinbrück, fyrrverandi forsætisráðherra sambandslandsins Nordrhein-Westfalen, verður fjármálaráðherra. Alls munu átta af fjórtán fagróðherra stjórnarinnar verða jafnaðarmenn. Þrjár ráðherrar úr fráfarandi stjórn - dómsmálaráðherrann Brigitte Zypries, heilbrigðisráðherrann Ulla

Schmidt og þróunarmálaráðherrann Heidemarie Wierzeck-Zeul - sitja áfram.

Steinmeier hefur verið áhrifamikill en þó frekar óáberandi samherji Schröders allt frá því þegar kanslarinn var forsætisráðherra Neðra-Saxlands. Þegar Schröder varð kanslari árið 1998 fylgdi Steinmeier honum þangað sem ráðgjafi og tók við sem yfirmaður kanslaraskrifstofunnar árið 1999, er Bodo Hombach véc úr því embætti.

Að svo náinn samstarfsmaður Schröders skyldi veljast í utanríkisráðherraembættið vekur spurningar um hversu mikla möguleika Angela Merkel, leiðtogi kristilegra, muni sem kanslari hafa á því að breyta um kúrs í utanríkismálunum. Merkel hefur heitið því að störbæta samskiptin við Bandaríkstjórn, en þau hafa



**FRANK WALTER STEINMEIER** Náinn samherji Schröders kanslara.

MYND/AP

verið erfið frá því að Schröder ákvað að styðja ekki innrásina í Írak.

-aa

**SUBARU**  
MED HUGAN VÍÐ AKSTURINN

**FORESTER**

**NÝR FORESTER**

STADREYNDIR:  
- 21% kraftmeiri - 158 hð.  
- Síttengt aldrif (AWD)  
- Vegghæð - 20,5 cm  
- 16" álfelgur  
- Mikið rými

SJÁLFSKIPTUR  
**VERÐ 2.550.000 kr.**  
30.315 kr. á mánn.\*

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

\*Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði



# Núna Haust uppskera 100.000 í afslátt á meðan birgðir endast. Komdu í dag.

Veldu Focus  
Nýtt ta... gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestrar merki. Spennandi hönnun, aukin gæði og öruggasta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upphafi nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

**Focus er betur búinn en Corolla**  
Gömul tákni eru fallin. Og ný tekin við. Nýr, endurbúinn Ford Focus er betur búinn en Toyota Corolla hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa á reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöð lúxusbíla á lægra verði. Berðu fordómalaust saman við Focus. Og þú finnur að margur búna lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus: **ESP stöðug stýrikerfi**, TRACS spólvörn, öryggisþúðagardinn liðafjöðrun, loftkæling og hiti í sætum eru þar á Spurðu um þjónustu Ford.

**Hæsta einkunn fyrir öryggi frá upphafi**  
Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki frá upphafi. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppit 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins.

- af gæðalista staðalbúnaðar:**
- Þugleikastýrikerfi
  - Spólvörn
  - Hitari hiti í framsætum
  - Þúðar að framan
  - Þúðar í hlöðum
  - Þúðagardinnur
  - Þúðakerfi
  - Þúðjöfnun
  - Þúðrhemlun
  - Frjókomasía
  - Upphitanlegir hliðarspeglar
  - Rafstíllir hliðarspeglar
  - Vindskeið að aftan (3d og 5d)
  - Fjarstýrð samlæsing
  - Fjölstillanlegt stýri
  - Geislaspilarir með þjófavörn og 6 hátölurum
  - Fjarstýring fyrir hljómtæki
  - Aksturstólva og útihamælir
- Þú fá aukalega:**
- Fyrir síma
  - Þúð beygjuljós
  - Lofti og skjár
  - Þúðrheyrnartól
  - Þúðskahólfi
  - Hljómtæki
  - Þúðsæti
  - Þúðannssæti
  - Raddstýring fyrir:
  - hljómtæki
  - síma
  - leiðsögukerfi
  - Aðfellanlegir speglar
  - Hiti fyrir alla framrúðuna
  - Sólarvörn í framrúðuna
  - Sportfjöðrun
  - Sjálfvirkur „dimmer“ á baksvisspeglum
  - Hraðastíllir
  - Rafdrifin sóllúga

Íslendingar velja Ford umfram önnur bílamerki (74,1% aukning 2004) Ford meðal vinsælastu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hóp þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.

GLOBALMINDS - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Nýttu haustuppskeruna Skoðu Ford Focus í bilaverslun Brimborgar



● **Focus Trend 3 dyra 1,6i 5 gíra\***  
Listaverð 1.790.000 kr.  
**Afsláttur -100.000 kr.**  
Uppskeruverð 1.690.000 kr.  
Bílasamningur 17.580 kr.  
Rekstrarleiga 32.085 kr.



● **Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra\***  
Listaverð 1.890.000 kr.  
**Afsláttur -100.000 kr.**  
Uppskeruverð 1.790.000 kr.  
Bílasamningur 18.620 kr.  
Rekstrarleiga 32.585 kr.



● **Focus Trend 4 dyra 1,6i 5 gíra\***  
Listaverð 1.940.000 kr.  
**Afsláttur -100.000 kr.**  
Uppskeruverð 1.840.000 kr.  
Bílasamningur 19.140 kr.  
Rekstrarleiga 33.455 kr.



● **Focus Trend Wagon 1,6i 5 gíra\***  
Listaverð 1.990.000 kr.  
**Afsláttur -100.000 kr.**  
Uppskeruverð 1.890.000 kr.  
Bílasamningur 19.660 kr.  
Rekstrarleiga 33.965 kr.



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir

upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðuðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



\* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukin kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendrar mynta 50% ísk / 50% erl. myntkerfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendrar mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. \*\* Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Afleitur.

## VEISTU SVARIÐ



1 Hver hefur keypt verslunina Sautj-  
án?

2 Hvaða fyrrverandi knattspyrnumað-  
ur í forsetaframbodi í Líberíu?

3 Hvaða þjóð sendi mannað geimfar  
út í geim í vikunni?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 50

8

Par í fangelsi og 17 ára dreng komið í hendur foreldra sinna á Srí Lanka:

## Dæmd fyrir vegabréfafals

**DÓMSMÁL** Par á fertugsaldri frá Srí Lanka hefur verið dæmt í 45 daga fangelsi fyrir að hafa framvísað á Keflavíkurflugvelli fölsuðum vegabréfum á leið sinni vestur um haf. Með fólkinu í för var piltur sem talinn er vera 17 ára, einnig með fölsuð skilríki, en sökum aldurs sætti hann ekki ákæru.

Eyjólfur Kristjánsson, deildarlögfræðingur hjá Sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, segir embættið hafa, í samvinnu við barnaverndaryfirvöld í Reykjanesbæ, gætt drengsins meðan grafist var fyrir um hans hagi. „Honum verður á næstu dögum komið aftur til foreldra sinna, en það er jafnt í

samræmi við hans vilja og þeirra,“ segir hann.


Eftir að fólkið hefur lokið afplánun hér má gera ráð fyrir að því verði vísað úr landi, en það var stöðvað á Keflavíkurflugvelli 7. október. Þau játuðu brot sín, en þau voru með vegabréf annars fólks þar sem búið var að skipta um mynd.

Dóminn kvað upp Gunnar Aðalsteinsson í Héraðsdómi Reykjanes.

- óká

### Í HÉRAÐSDÓMI REYKJANESS

Par á fertugsaldri fékk á þriðjudag fangelsisdóm fyrir vegabréfafölsun.



Fangi á Akureyri:

## Fékk eiturylf send í pósti

**DÓMSMÁL** Fangi í fangelsinu á Akureyri fékk 6. júní í sumar óþekktan mann til að fela eitt gramm af maríjúana í tölvulyklaborði og senda sér í pósti í fangelsið.


Héraðsdómur Norðurlands eystra ákvað í vikunni að gera manninum ekki sérstaka refsingu vegna málsins, en gerði engu að síður upptækt grammíð. Síðast hlaut maðurinn dóm í Héraðsdómi Reykjanes 10. júní, sex mánaða fangelsi fyrir brot gegn hegningar- og fíkniefnalögum. Brotið sem dómurinn fjallar um er framið fjórum dögum fyrir uppkvaðningu þess dóms og þótti ekki ástæða til að þvingja hann frekar.

- óká



## Rjúpnaveiðimenn athugið

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum starfar á grundvelli laga nr. 47/2004. Mörk þjóðgarðsins skv. 1. gr eru sýnd á meðfylgjandi korti.



Samkvæmt 11. grein reglugerðar nr. 848/2005 um þjóðgarðinn á Þingvöllum er öll skotveiði bönnuð innan marka þjóðgarðsins.

Nánari upplýsingar og hnitsett kort má finna á heimasíðu þjóðgarðsins [www.thingvellir.is](http://www.thingvellir.is)

# Stórárás íslamskra skæruliða í Kákasus

Að minnsta kosti 49 manns féllu í bardögum uppreisnarmanna og rússneskra öryggissveita í nágrennahéraði Téténú í gær.

**RÚSSLAND, AP.** Íslamskir skæruliðar úrröðum téténskra aðskilnaðarsinna gerðu í gær stórás á stjórnsýslu- og lögreglubyggingar í Nalchik, héraðshöfuðborg Kabardino-Balkaria, nágrennahéraðs Téténú í Kákasus, syðst í Rússlandi. Harðir skotbardagar og sprengingar fylgdu árásinni. Að minnsta kosti 49 manns féllu, þar á meðal 25 árásmenn.

Téténskir uppreisnarmenn lýstu ábyrgð á árásinni, en með henni færðist vettvangur stríðs íslamskra uppreisnarmanna á Kákasussvæðinu gegn Rússum enn frekar út, en það hefur nú staðið í á annan áratug.

Vladímír Pútín Rússlandsforseti fyrirskipaði hernum að loka Nalchik alveg af til að hindra að nokkur uppreisnarmaður kæmist undan. Hver sá sem gerði sig líklegan til að sýna vopnaða mótspyrnu skyldi skotinn. Ágiskanir um fjölda árásmanna léku á bilinu 60 til 300. Interfax-fréttastofan hafði í gærkvöld eftir aðstoðarmanni héraðsstjóra Kabardino-Balkaria að 59 skæruliðar hefðu verið drepnir og 17 handteknir.

Nalchik er um 100 km norð-vest-



AF VETTvangi Brunnin bíllflok sjást á þessari sjónvarpsmynd fyrir framan lögreglustöð í miðbæ Nalchik í gær, eftir að átökunum slotaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ur af bænum Beslan í Ingúsétíu, þar sem téténskir skæruliðar tóku hundruð skólábarna og foreldra þeirra í gíslingu í fyrria, en sú gíslataka endaði með ósköpum.

Á vefsíðunni Kavkaz-Center, sem álitin er málþípa uppreisnarmanna sem fylgja téténska skæruliðaforingjanum Shamil Basajev að málum, kom fram að yfirlýsing hefði borist frá „Kákasus-fylkingunni“ þar sem ábyrgð var lýst á árásinni. Þar segði að árásmennirnir væru liðsmenn

vopnaðra uppreisnarsveita Téténa, en til þeirra teldist líka Yarmuk, hópur herskárna múslima með bækistöðvar í Kabardino-Balkaria.

Samræmdar árásir á bækistöðvar lögreglu eins og gerðar voru í gær minna mjög á umsátur uppreisnarmanna um lögreglustöðvar í Ingúsétíu í fyrria, en í þeim féllu 92 manns og vopnageymslur lögreglu voru tæmdar. Basajev lýsti ábyrgð á þeim árásum og gíslátökunni í Beslan.

audunn@frettabladid.is

## Mögnuð saga eftir einn áhrifamesta samtímahöfund heims


Veronika ákveður að deyja er áhrifamikill óður til lífsins sem minnir okkur á að hver einasta stund lífsins er kraftaverk.

„Þessi bók er frábær. Hún snerti mig djúpt.“

Umberto Eco

„Stórkostlegasta bók sem ég hef nokkru sinni lesið.“

Sinéad O'Connor /  
The Irish Sunday Independent



30%  
AFSLÁTTUR  
Gildir til 31.10.2005.

ÞENNINGUR

BOKA BÚÐIR

Eymundsson

JPV  
UTGÁFA  
www.jpvis



BRUNAHANI Umferð stöðvaðist um Suðurgötuna eftir að þörupiltar skrúfuðu frá brunahana á miðvikudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/BERGSTEINN

Umferð stöðvaðist við Suðurgötu:

## Skrúfað frá brunahana

**LÖGREGLUMÁL** Vatn úr brunahana stöðvaði umferð við Suðurgötu í Reykjavík skömmu fyrir miðnætti á miðvikudagskvöld. Að sögn sjónarvotta komu þrjú ungir menn á bíl að hananum, áttu eithvað við hann, og brenndu síðan á brott þegar vatn tók að gusast úr honum.

Umferð um götuna stöðvaðist, því fáir öikumenn treystu sér í gegnum vatnsflauminn, en brunahana geta gefið frá sér á milli 1000 og 8000 lítra á mínútu.

Sömu sjónarvottar sögðu að um 20 mínútur hefðu liðið þar til lög-

regla mætti á staðinn og skrúfaði fyrir hanann. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni gekk málið mjög fljótt fyrir sig eftir að það var tilkynnt til þeirra.

„En lögreglan forgangsraðar verkefnum, og þó það komi sjaldan fyrir þá getur það gerst að allir séu uppteknir við eitthvað, og þá sérstaklega er forgangsraðað,“ sagði Pétur Guðmundsson, aðalvarðstjóri lögreglunnar í Reykjavík.

Engar meiðsl urðu við atvik- ið og engar skemmdir urðu á eignum.

- smk



# Dior

Falleg húð með  
fullkomnum raka!

## HYDRACTION

Hydraction kremið veitir fullkominn raka í öllum húðlögum, þökk sé nýrri tækni\*.

Fínar línur hverfa, húðin verður mjúk, fersk og ljómar af vellíðan.

\* Tækni við að færa raka á milli húðlaga, fékk Nóbelsverðlaunin árið 2003.

www.dior.com



## DIOR DAGAR Í DEBENHAMS

Við kynnum frábæra nýja rakalínu  
ásamt haustlitunum í ár.

Dagana 13. - 19. október

### GJÖFIN ÞÍN

Ef þú verstar fyrir 4.200 kr. eða meira þá færð þú fallest Dior snyrtiveski, augnskuggabox, DiorShow maskara og augnhreinsivatn.



\*Gjöfin fylgir á meðan birgðir endast

# DEBENHAMS

SMÁRALIND



**GYÐJUNNI SÖKKT** Gyðjan Durga er í hávegum höfð á meðal hindúa enda drap hún á sínum tíma djöflakonung nokkurn. Því er líkneskjum af henni sökkt í hið helga fljót Brahmaputra.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hulduhlíð á Eskifirði verður auglýst til sölu á næsta ári:

## Hjúkrunarheimili til sölu

**BÆJARMÁL** Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hulduhlíð á Eskifirði verður auglýst til sölu á næsta ári en ríkið á ríflega helmingshlut í húsnæðinu á mótí Fjarðabyggð.

Árni Helgason, forstöðumaður Hulduhlíðar, segir lítinn tilkostnað því samfara að breyta húsnæðinu þannig að þar verði hægt að reka hótél eða gistiheimili en einnig sé auðvelt að breyta því í skrifstofu- eða íbúðarhúsnæði. „Það vantar hótél á Eskifirði þar sem enginn slíkur rekstur er í gangi eins og er,“ segir Árni.

Hönnun á nýju 2.200 fermetra dvalar- og hjúkrunarheimili, sem rísa mun innan við byggðina á Eskifirði, er langt komin og segir Árni að það



**HULDUHLÍÐ Á ESKIFIRÐI** Forstöðumaður dvalar- og hjúkrunarheimilisins segir auðvelt að breyta húsnæðinu í hótél en á Eskifirði er ekkert hótél.

verði líklega tekið í notkun árið 2007. „Á Hulduhlíð eru núna 24 rými og eru þau fullnýtt en um 35 rými verða í nýja húsnæðinu. Endanlegur kostn-

aður við nýtt dvalar- og hjúkrunarheimili liggur ekki fyrir en mér kæmi ekki á óvart þó hann yrði um hálfur milljarður króna,“ segir Árni. - kk

Norðlenskir eiturfjásalar:

## Dæmdir til að sitja í tukthúsi

**DÓMSMÁL** Tveir menn hafa verið dæmdir í fjögurra mánaða fangelsi hvor fyrir að selja þremur öðrum 50 grömm af amfetamíni í vor. Dómur var upp kveðinn í Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Efnin voru keypt í Reykjavík en seld fyrir norðan. Þeir sögðust hafa keypt 20 grömm af amfetamíni og drýgt upp í 50 sem þeir voru ákærðir fyrir að selja á 250.000 krónur.

Hjá báðum er helmingur refsingarinnar skilorðsbundinn í tvö ár. Báðir mennirnir hafa áður hlotið refsidóma. Annar hefur tvisvar verið dæmdur en hinn er með fimm dóma á bakinu. - oká

CHE OG MARILYN

## Frábærar bækur



Yfir 250 myndir

Frábært verð 2.990 kr.

Einstök ævi Che Guevara og Marilyn Monroe rakin í lifandi texta og frábærum myndum.



Almenna bókafélagið



Koma í verslanir í dag!

Yfir 220 myndir

Bækur sem ungir sem aldnir gleypa í sig!

edda.is



**FUGLUM SLÁTRAD** Rúmensk yfirvöld hafa slátrað um 40.000 alifuglum í landinu og þúsundir manna hafa verið bólusettar. Tyrkir verða sjálfsagt að grípa til svipaðra ráðstafana.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Það eina sem er erfitt við að kaupa nýjan bíl . . .

Þú velur hvort þú leigir bílinn með einkaleigu eða eignast hann með bílasamningi eða bílaláni. Veldu bíl sem hentar þínum þörfum og ræddu svo við ráðgjafa Lýsingar eða sölumenn bílaumboðanna sem aðstoða þig við að útbúa umsókn og ganga frá fjármögnun. Bílaumboðin eru beintengd Lýsingu í gegnum Netið þannig að svar við umsókn kemur á augabragði. Þú getur svo fundið það út í rölgheitum hvernig eigi að lækka í græjunum.

Notaðu reiknivélina á [www.lysing.is](http://www.lysing.is) og skoðuðu hvernig þitt dæmi kemur út.

. . . er að læra að lækka í græjunum

Bílasamningur    Bílalán  
Rekstrarleiga    Einkaleiga

Suðurlandsbraut 22  
108 Reykjavík  
Sími 540 1500  
[www.lysing.is](http://www.lysing.is)

LÝSING

## Fuglaflensan er í Tyrklandi

Fuglaflensa af H5N1-stofni hefur fundist í evrópskum fiðurfénaði í fyrsta sinn. ESB hefur af þeim sökum aukið viðbúnað sinn vegna smithættu.

**FUGLAFLENSA** Staðfest hefur verið að alifuglar sem drápu í Tyrklandi í síðustu viku voru smitaðir af fuglaflensu af hinum hættulega H5N1-stofni. Eftir því sem veiran finnst víðar aukast líkurnar á að hún stökkbreytist og smitist á milli manna.

Í síðustu viku fundust 1.800 alifuglar dauðir á búgarði í norðvesturhluta Tyrklands. Óttast var að banamein dýranna væri fuglaflensa og því var ákveðið að setja héraðið í sóttkví og slátra 7.600 fuglum sem grunur lék á að væru smitaðir.

Þessi ótti reyndist svo sannarlega á rökum reistur því í gær staðfesti Markos Kyprianou, sem fer með heilbrigðismál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, að fuglaflensa af H5N1-stofni hefði fundist í fuglunum, en sá stofn hefur lagt um sextíu Asíubúa í gröfina undanfarin misseri. Kyprianou sagði að framkvæmdastjórnin hygðist leggja einn milljarð evra, eða 73 milljarða íslenskra króna, til mótefnisgerðar og dreifing-

ar hjálpargagna ef svo færi að flensufaraldur brytist út.

Tyrknesk stjórnvöld lýstu því aftur á móti yfir í gær að tekist hefði að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu pestarinnar og hvöttu almenning til að halda ró sinni.

Enn á eftir að greina veirustofninn sem fundist hefur í rúmenskum fuglum en margt bendir til að þar sé sami stofn á ferðinni. Evrópusambandið hefur því bannað innflutning á lifandi fuglum svo og kjöti og fiðri frá Rúmeníu og Tyrklandi í það minnsta í hálf t.ár.

H5N1-stofninn smitast enn sem komið er ekki á milli manna, þeir sem smitast hafa í Suðaustur-Asíu eiga það sameiginlegt að hafa verið í náinni snertingu við fugla eða hrátt kjöt. Hins vegar vekur það sérfræðingum ugg að veiran hafi fundist í Evrópu því eftir því sem hún dreifist víðar þeim mun líklegri er talið að henni takist að stökkbreytast svo hún geti smitast manna á milli.

[sveinng@frettabladid.is](mailto:sveinng@frettabladid.is)

# PEUGEOT 407

# TÖLUM UM NÝSKÖPUN

Meistarahönnun Peugeot 407 sem setur nýjan staðal fyrir fjölskyldubíla



Pú kemur. Við semjum.  
Pú færð 407 á tilboði sem öllum líkar.

[www.peugeot.is](http://www.peugeot.is)



Sjaldan hefur fimm stjörnu öryggi verið eins fallega hannað og Peugeot 407 - meistarahönnun sem setur fjölskyldubílnum nýjan staðal. Feiknalangur listinn yfir staðalbúnað er einungis toppaður af enn glæsilegri lista yfir öryggisbúnað. Þú velur vélar og búnað eftir óskum og þörfum en hrifandi útlitið er alltaf staðalbúnaður. Komdu og upplifðu einstakan samhljóm í sportlegum aksturseiginleikum, öryggi og fegurð – sem fær báðar hliðar hugans til að segja: - Já. Útfærslunni ræður þú, þannig að við höfum margt að tala saman um. Líttu inn og tölum um Peugeot 407 – flottasta ljónið á veginum

## 407



PEUGEOT

\* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum



BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985  
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535



## Tíu sinnum lengur í bruggun



Hinn margverðlaunaði Budweiser Budvar er heimspekkur fyrir gæði og natni í framleiðslu. Budweiser Budvar er bruggaður í 100 daga. Það er tíu sinnum lengri tími en flestir lagerbjórar!

**Budweiser Budvar**

UPPÁHALDSBJÓR MARGRA KYNSLÓÐA

Fjárlaganefnd vill upplýsingar um háan húsaleigukostnað Háskólans á Akureyri

## Fjárhagur endurskoðaður

**MENNTAMÁL** Starfshópur á vegum menntamálaráðherra vinnur að því að endurskoða reiknilíkan fyrir rekstur og fjárhag Háskólans á Akureyri.

Þetta kom fram í utandagskrárumræðum um málefni háskólans á Alþingi í gær.

Málshefjandi var Hlynur Hallsson, þingmaður vinstri grænna. Hann ræddi mikilvægi og öran vöxt skólans. Nú glímdi hann hins vegar við sársaukafullan niðurskurð og framtíðaruppbygging hans væri í hættu.

Hlynur gat þess að skólinn greiddi þrisvar sinnum hærri

leigu af nýju einkareknu rannsóknarhúsnæði en gerðist á almennum markaði og yfirvöld hefðu ekki tekið mið af því.

Einar Már Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, upplýsti að fjárlaganefnd hefði farið fram á gögn um leiguverð og kostnað skólans vegna nýja rannsóknarhúsnæðisins.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði að nemendafjöldi skólans hefði tvöfaldast á fimm árum og skólinn glímdi við vaxtarverki. Nú væri hugað að gæðakröfum og stöðugleika í rekstri hans. -jh



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI Fjárlaganefnd vill upplýsingar um húsaleigukostnað skólans.

Bolli Thoroddsen:

## Sækist eftir fimmta sæti

**STJÓRN MÁL** Bolli Thoroddsen, formaður Heimdallar og annar varaformaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, hefur lýst því yfir að hann sækist eftir 5. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



BOLLI THORODDSEN

Bolli er 24 ára verkfræðinemi í Háskóla Íslands. Hann á sæti í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins og er fulltrúi flokksins í Íþrótt- og tólmundaræði sem og í Jafnréttisráði.

Hann mun opna kosningaskrifstofu sína í Borgartúni 6 hinn 21. þessa mánaðar. -jse



Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI Flugfélagi Íslands var neitað um að leiðrétta tilboð í innanlandsflug þar sem félagið átti lægsta boð, en bauð bara til eins árs í stað þriggja, eins og átti að gera. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓK

## Ríkiskaup greiði bætur

Ríkiskaup bera skaðabótaskyldu gagnvart Flugfélagi Íslands vegna útboðs á áætlunarflugi sem fram fór í sumar. Félagið gerir ráð fyrir endurteknu útboði.

**SAMGÖNGUR** Kærufélag útboðsmála hefur fellt úrskurð vegna kærufélags Íslands á útboði Ríkiskaupa á áætlunarflugi á Íslandi. Niðurstaða kærufélagarinnar er að útboðið hafi verið villandi og ábótavant og flugfélaginu úrskurðaðar skaðabætur upp á 300.000 krónur. Nefndin leggur fyrir Ríkiskaup að bjóða þjónustuna út á ný.

„Við erum ánægðir með úrskurðinn því með honum er staðfest það sem við höfum haldið fram frá upphafi, að útboðsgögn hafi verið villandi og illa unnin,“ segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands og telur ljós að framkvæma þurfi útboðið á ný. Hann segir að auk skaðabótanna, sem komi til vegna kostnaðar við að halda uppi kær- unni, muni félagið fara fram á að fá endurgreiddan kostnað við gerð tilboðsins, en hann gæti numið nokkur hundruð þúsund krónur.



ÁRNI GUNNARSSON Framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands fagnar úrskurði kærufélagar útboðsmála.

Flugfélag Íslands bauð lægst í útboðinu, en tilboðið var hins vegar bara til eins árs í stað þriggja eins og kveðið var á um. Umleitan félagsins um að koma með leiðrétt tilboð var hafnað og því hófst kærufélagið.

„Við þurfum að fara yfir þetta með Vegagerðinni og stefnum að því að gera það strax á mánuðaginn,“ sagði Júlíus S. Ólafsson, forstjóri Ríkiskaupa og taldi því fullsnemmt að skera úr um hvort endurtaka þyrfti útboðið, enda væri málið bæði umfangsmikið og tímafrekt. [ollikr@frettabladid.is](mailto:ollikr@frettabladid.is)

Austurbyggð og Landsbanki Íslands gera samning:

## Styrkja háskólanám

**RANNSÓKNIR** Austurbyggð og Landsbanki Íslands hafa gert samstarfs- samning til fimm ára um rekstur og fjármögnun Rannsóknarsjóðs í nafni samningsaðila. Markmið sjóðsins er að efla samstarf Austurbyggðar við hinar ýmsu háskólastofnanir landsins og koma sveitarfélaginu inn í íslenskt rannsóknarsamfélag. Sveitarfélagið mun hvetja háskóla- fólk til að vinna lokaverkefni sín í og um Austurbyggð en úthlutað er úr sjóðnum árlega, til allt að fjögurra verkefna í einu, og verða styrkuppheðir frá 50 og upp í 100 þúsund krónur. -kk



KAMPAKÁTIR SAMNINGSADILAR Björn Guðmundsson, útibússtjóri Landsbankans, og Steinþór Pétursson, sveitarstjóri Austurbyggðar, takast í hendur að lokinni undirskrift.



**NISSAN PATROL**



SKIPT\_um landslag



## GRJÓTHARÐUR

**Patrol Elegance**

Verð 4.690.000,-

33" dekk, toppbogar og dráttarbeiðli. Leður, sóllúga, 7 manna, bara einn með öllu.



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 [www.ih.is](http://www.ih.is)

Opiló: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00



Í GRASKERJAGARÐINUM Katie Friesen, frá Enid í Oklahoma, er eflaust farin að hlakka til hrekkjavökkunnar en farið er að stytta í þá skemmtun. Grasker þykja mesta þarfapung á hrekkjavökku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ítrekuð vandamál í kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield rædd á Alþingi:

## Leyniskýrsla um slóðaskap

**UMHVERFISMÁL** Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, spurði umhverfisráðherra á Alþingi á miðvikudag um viðbrögð við leka síðastliðið vor á geislavirkum efnunum í kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield á Englandi. Hann sagði að blaðið The Independent hefði birt gögn nýverið um endurtekin mistök í Sellafield, meðal annars við gæðaeftirlit.

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra sagði að málinu yrði fylgt fast eftir af umhverfisráðherrum Norðurlanda og barátta þeirra hefði þegar skilað árangri. Þess vegna

væru það vonbrigði að ástandið í stöðinni væri ekki betra.

Fram kom í máli Sigríðar Önnu að skýrslu um leka á 83 þúsund lítrum af geislavirkum vökva síðastliðið vor væri ekki enn lokið af hálfu breskra yfirvalda. Hún hefði bréflaga lýst áhyggjum íslenskra stjórnvalda við breska umhverfisráðherra og umhverfisráðherra Norðurlanda myndu ræða málið frekar á fundi í Reykjavík hinn 26. október næstkomandi.

Fram kom í máli þingmanna að til stæði að einkavæða Sellafield-stöðina og það kynni að gera viðbrögð við vandanum erfiðari.



KJARNORKUENDURVINNUSLUSTÖÐIN Í SELLAFIELD Á ENGLANDI Síendurtekin leki veldur vonbrigðum.

Ólafsfjarðarbær:

## Hitaveitan seld Norðurorku

**BÆJARMÁL** Bæjaryfirvöld í Ólafsfirði og Norðurorka hafa undirritað samning um kaup Norðurorku á Hitaveitu Ólafsfjarðar. Kaupverðið er rúmur hálfur milljarður króna og verður það greitt á um hálfu ári.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðar og stjórn Norðurorku eiga eftir að staðfesta samninginn og segir Franz Árnason, forstjóri Norðurorku, að það verði væntanlega gert í næstu viku.

Norðurorka var stofnuð í ágúst árið 2000 með sameiningu Hita- og vatnsveitu Akureyrar og Rafveitu Akureyrar. Norðurorka varð hlutafélag í janúar 2003.



ÝSUFLAK Hollusta fiskis er nánast óumdeild. E.ÓL

Fiskur er hollur:

## Dregur úr minnstapi

**VÍSINDI** Fiskmeti kemur í veg fyrir heilaryrnun, minnstap og önnur einkenni sem fylgja hækkanði aldri. Það er niðurstaða nýlegrar bandarískrar rannsóknar.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar minnkar minnstap fólks sem borðar fisk einu sinni í viku um 10 til 13 prósent.

Vísindamennirnir segja að þetta megi þakka omega-3 fitusýrunum sem finnast eingöngu í fiski, ekki síst í feittum fiski á borð við túnfisk og lax. Þeir segja fitusýrurnar mjög mikilvægar fyrir heilastarfsemi og viðhald heilafrumna og hægi því um leið á hrörnun heilans. ■



LISTAMENN FRÁ SÓLHLÍÐ Ungu listamennirnir frá leikskólanum Sólhlíð gáfu heimilinu listaverk sem prýða á nýju álmuna.

Droplaugarstaðir:

## Allir í einbýli

**HJÚKRUNARHEIMILI** Ný álma með 26 hjúkrunarrýmum á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum var opnuð með pompi og prakt á miðvikudag. Þar hefur einnig öllum tvíbýlum verið breytt í einbýli og því urðu Droplaugastaðir annað hjúkrunarheimilið á landinu til að bjóða einungis upp á einbýli.

Leikskólabörn frá Sólhlíð létu ekki sitt eftir liggja á opnuninni og tóku lagið fyrir viðstadda og gáfu svo heimilinu listaverk eftir sig sem afhent var við þetta tækifæri.

Áætlaður heildarkostnaður vegna viðbyggingarinnarinnar, sem byggð var ofan á hjúkrunarheimilið, er um 370 milljónir og skiptist á milli Reykjavíkurborgar og Framkvæmdasjóðs aldraðra. -jse

## UPPLÝSINGATÆKNI

**FJÖLTENGIÐ BILAÐI** Mannleg mistök í innslætti vefslóðar urðu til þess að heimasíða Fjöltengis Orkuveitu Reykjavíkur og netpóstur urðu tímabundið óaðgengileg. Að sögn starfsmanna er búið að kippa þessu í liðinn og tengingar smám saman að komast í lag eftir því sem netmiðlarar uppfæra lista sína, en allt að þrjú sólarhringar geta liðið á milli slíkra uppfærslna.

# Aukið frelsi

Tveir nýir, einstakir hávaxta-sparnaðarreikningar á Netinu:

### ➤ SPRON VAXTABÓT

**Tvöföld vaxtabót – eftir upphæð og lengd innstæðu**

SPRON Vaxtabót er óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stighækkandi vexti eftir upphæð – og auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils.

- Algjört frelsi
- Engin lágmarksinnborgun en verðlaunað fyrir hærri innstæðu
- Enginn binditími en verðlaunað fyrir lengra sparnaðartímabil
- Engin úttektargjöld á Netinu

### ➤ SPRON VIÐBÓT

**Háir, verðtryggðir grunnvextir og vaxtaviðbót að binditíma loknum**

SPRON Viðbót er verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu, bundinn í 36 mánuði, sem ber háa grunnvexti og auk þess stighækkandi vaxtaviðbót eftir lengd sparnaðartímabils að binditíma loknum.

- Aukið frelsi
- Vaxtaumbun tryggð á áframhaldandi innstæðu að binditíma loknum
- Engin lágmarksinnborgun
- Engin úttektargjöld á Netinu

Aðeins á Netinu – stofnaðu reikning á [www.spron.is](http://www.spron.is)

Upplýsingar í síma 550 1400 eða á [www.spron.is](http://www.spron.is)

**spron**  
– fyrir allt sem þú ert







**HEIM FYRIR HÁLFRI ÖLD** Peer H. Lange, sem var meðal síðustu þýsku stríðsfanganna sem sneru heim úr fangabúðavist í Sovétríkjunum fyrir réttum fimmtíu árum, sýnir mynd af sér frá þeim tíma í Friedland-búðunum í Mið-Þýskalandi í gær. Flestir fyrirverandi stríðsfangarnir höfðu viðkomu í búðunum, sem voru þá á mörkum bandaríska, breska og sovéska hernámssvæðisins. Fréttablaðið/AP

Sinfóníuhljómsveit Íslands spilaði á landsfundi Sjálfstæðisflokksins:

## Tónleikahaldið er tekjulind

**STJÓRN MÁL** Sinfóníuhljómsveit Íslands spilaði á landsfundi Sjálfstæðisflokksins sem hófst í gær, en á dagskránni var meðal annars Hátíðarmars eftir Pál Ísólfsson og Íslenskir rímnadansar eftir Jón Leifs. Mun þetta vera í fyrsta sinn sem sveitin spilar á fundi stjórnmálaflokks.

„Það er alþekkt að við höfum farið í fyrirtæki þegar haldin hafa verið afmæli og slíkt,“ segir Sváfnir Sigurðarson, kynningarfulltrúi Sinfóníuhljómsveitarinnar, en veit ekki til þess sveitin hafi áður spilað á fundi stjórnmálaflokks. Hann segir sveitina verða fullskipaða á landsfundinum, en

fjöldi þeirra sem þátt taki fari eftir lagavali hverju sinni.

Pröstur Ólafsson, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar, segir sveitina hafa tekjur af tónleikum sem þessum, en vill ekki gefa upp nákvæmlega hversu mikið var greitt fyrir. „Svona tónleikar geta kostað frá 500 þúsundum og upp í eina og hálf milljón í hvert skipti,“ segir hann og bætir við að þurfi sveitin að ferðast eða að spila um lengri tíma geti kostnaðurinn hlaupið á milljónum. „En svo er þetta auðvitað líka kynning fyrir sveitina.“

Pröstur segir hvern sem er



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS** Á æfingu Sinfóníuhljómsveitarinnar á War Requiem eftir Benjamin Britten í hitteðfyrri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

geta pantað Sinfóníuhljómsveitina, svo fremi sem hún eigi lausa stund til tónleikahaldsins. - óká

Tvítug kona dæmd:

## Tekin tvisvar með fíkniefni

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt rúmlega tvítuga konu til tveggja mánaða fangelsisvistar, skilorðsbundinnar til þriggja ára, fyrir að hafa tvisvar á þessu ári haft fíkniefni undir höndum.

Við tvær húsleitir á heimili konunnar gerði lögregla upptækar 23 MDMA töflur, 2,04 g af tóbaksblönduðu kannabisefni, 43,47 af hassi, 10,51 g af amfetamíni og 6,34 g af kókaíni. Konan hefur þrisvar áður verið sektað vegna fíkniefnabrot, og einu sinni verið dæmd fyrir þjófnað. Konan þarf að greiða rúmar 200.000 krónur í sakarkostnað. - smk

Miðasölusími: 551 1200

Miðasala á netinu: [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)

# Koddamaðurinn

Sýningum lýkur í október!

Auglýst eftir lögum í forkeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva:

## Bestu lögin koma á plötu

**SÖNGVAKEPPNI** Sjónvarpið hefur falið fyrirtækinu BaseCamp að sjá um framkvæmd forkeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva hér heima á næsta ári.

Frestur til að skila inn lögum rennur út 18. næsta mánaðar, en skilyrði er að texti sé á íslensku, auk þess sem lagið má ekki vera lengra en þrjú mínútur.

Rafn Rafnsson, framleiðslustjóri BaseCamp, sem stýrir fyrstu skrefunum í undirbúningi forkeppinnar, segir fyrirtækið hafa lýst áhuga sínum á að sjá um keppnina og í framhaldi af því hafi verið gengið til samninga um það.

Áætlanir varðandi forkeppnina sem nú er unnið eftir gera ráð fyrir að dómnefnd velji 24 lög af þeim sem verða send inn til að taka þátt í forkeppni í sjónvarpi. „Þau keppa þrjú kvöld og komast fjögur áfram í



**SÖNGHÓPUR SELMU** Selma Björnsdóttir tók þátt fyrir hönd landsins í ár en hafði ekki erindi sem erfiði. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

hvert sinn,“ segir hann og gerir ráð fyrir að valið verði í símakosningu. „Lögin tólf keppa svo á úrslitakvöldi og ræður þá aftur símakosning úrslitum.“ Þá segir Rafn koma til greina að halda millikeppni verði raunin sú að góð lög falli úr leik í „erfiðum riðli“.

Gert er ráð fyrir að keppnin verði haldin strax í byrjun næsta árs, en aðalkeppnin fer fram í maí.

„Menn sáu marga kosti við að halda svona forkeppni, kannski ekki síst hversu mikil lyftistöng hún getur verið fyrir tónlistarlífið í landinu. Í framhaldinu verður svo gefin út plata með lögnum sem komust í úrslit,“ segir hann, en BaseCamp er í eigu Dags Group, sem einnig á útgáfufyrirtækið Senu (sem áður hét Skífan). - óká

Fyrir okkur hin...

Honey Nut Cheerios er fyrir okkur sem viljum meira. Eitthvað öðruvísi. Eitthvað sem veitir manni orku til að takast á við daginn á bragðgóðan hátt.

...sem viljum meira



# MÖGNUM TILBOÐ



## 151i HLJÓÐKERFI

### LEIÐANDI Í HLJÓÐKERFUM

Altec Lansing hafa verið leiðandi í hljóðkerfum frá 1927 og bjóða upp á einstaka hönnun og gæði

### FRÁBÆR HLJÓMGÆÐI

Altec Lansing 151i 5.1 kerfið er 35 RMS vött og skilar djúpum bassa og öflugum hljóð

### EKKI BARA FYRIR PC

151i tengist jafnt PC sem og öllum helstu leikjatölvum, allar helstu stillingar innbyggðar



## VERÐ 7.990

### VEFMYNDAVÉL



- Logitech QuickCam Messenger vefmyndavél
- Spjallaðu við vini og ættingja hvar sem er í heiminum
- Taktu upp myndskleið og sendu í MSN eða tölvupósti
- Innbyggður hljóðnemi fyrir upptökur með hljóði
- Sveigjanlegur fótur hentar bæði á borð og alla skjái

## VERÐ 5.990

### WD HARDIR DISKAR



### SPECIAL EDITION

Special Edition harðdiskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 8MB buffer

### FLUID BEARING

Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri harðdiskum

### WESTERN DIGITAL

Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harðdiskanir í dag á enn betra verði en áður

## 250GB 9.990 | 320GB 14.900

### SAMSONITE TASKA



Þú kemur ferðvélinni og öllu tilheyrandi í þennan glæsilega ferðatölvubakpoka frá Samsonite

## VERÐ 5.990

### SUPERTILBOD 2



2200+ Sempron örgjörvi, 256MB DDR minni, 128MB Geforce skjákort, 5.1 hljóðkort, Netkort, Firewire, USB

## VERÐ 16.900

### TRAXDATA CD-R



Hágæða skrifanlegir CD-R 700MB (80 mín) geisladiskar frá Traxdata 1x-52x hraða í jewel case, 10 stk.

## VERÐ 790

### HEYRNATÖL



Logitech Bluetooth heyrnatöl með hleðslu-rafflöðu og innbyggðum hljóðstilli, þægileg með mögnum hljóð, allt að 10m. drægni.

## VERÐ 14.900



Sennheiser RS110 þráðlaus heyrnatöl

## VERÐ 4.990



ZyXEL þráðlaus netkort, 128mpbs PCI, ZyAIRG360

## VERÐ 4.990



512MB Secure Digital minniskort frá Corsair

## VERÐ 4.490



2.1 THX kerfi, öflugt bassabox og fjarstýring

## VERÐ 24.900



Planet 10/100/1000 Gigabit Ethernet Adapter

## VERÐ 1.790



Sound Blaster LIVE! EAX HD 24-Bit 7.1 hljóðkort

## VERÐ 3.990



MSI GeForce NX6600GT 128MB, PCI-Express

## VERÐ 19.990



512MB DDR400 minni með lífstíðarabrygð

## VERÐ 4.990

# TÖLVULISTINN

**REYKJAVÍK**  
Nóatúni 17  
Sími 562 6730

**AKUREYRI**  
Glerárgötu 36  
Sími 464 7400

**KEFLAVÍK**  
Hafnargötu 90  
Sími 534 7400



Í GRASKERJAGARÐINUM Katie Friesen, frá Enid í Oklahoma, er eflaust farin að hlakka til hrekkjavökunnar en farið er að stytta í þá skemmtun. Grasker þykja mesta þarfaþing á hrekkjavöku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skattrannsókn á Baugi og tengdum fyrirtækjum:

## Ár liðið frá rannsókninni

**DÓMSMÁL** Skattrannsóknarstjóri lauk rannsókn sinni á Baugi og tengdum fyrirtækjum fyrir tæpu einu ári. Áð rannsókn lokinni var málið sent annars vegar til ríkisskattstjóra sem tekur ákvörðun um endurálagningu opinberra gjalda og hins vegar til efnahgsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, en þangað rata umfangsmikil brot samkvæmt reglugerð.

Ríkisskattstjóri tók ákvörðun um endurálagningu en sú ákvörðun var færð til yfirsattanefndar að sögn lögfræðinga Baugs.

Í reglugerð um framkvæmd skattaftirlits og skattrannsókna eru skattrannsóknarstjóra gefn-

## Hútleit hjá Baugi Group og Gaumi

**SKATTRANNSÓKN** Starfsmenn Skattrannsóknarstjóra ríkisins gerðu hútleit í höfuðstöðvum fjárfestingarfélagins Gaumi í gærmorgun og tóku með sér nokkuð af gögnum. Á sama tíma gerðu 12 til 14 starfsmenn Skattrannsóknarstjóra hútleit hjá Baugi Group og höfðu á brott með sér gög.

„Þeir tjasu okkur að þetta væru atmarkaðir þættir sem lítu að skattskilum sem þeir væru að skoða og að leitni væri sprottin upp úr lögregluannsókn sem í gámu hefur verið undanfarið“ sagði Hreinn.

**FRÉTTIR AF HÚSLEIT** Skattrannsóknarstjóri leitaði að gögnum hjá Baugi og tengdum fyrirtækjum þann 17. nóvember 2003.

Hreinn benti á að Baugur Group hefði lengi verið skráð á hlutabréfmarkað og litið þeim ströngu reglum sem þar gilda um uppgjöf og upplýsingagjöf. Fyrirtækið var afskráð í lítið skráðabókunum en það upplýti ekki skráningarskýrði þar sem að eini hlutfati, Mundur ehf., átti yfir 99% hlutafélagi.

„Við höfum notið ráðgjafar ferustu sérfræðinga í skattamálum og höfum því ekkert að fela í þeim efnum“ sagði Hreinn.

Hann bætti við að hútleitin hefði upphaflega verið ráðgerð



GÖGNIN TEKIN HJÁ GAUMI Starfsmenn Skattrannsóknarstjóra gerðu hútleit hjá Baugi Group og Gaumi í gærmorgun og höfðu á brott með sér töluvert af bókhaldsgögnum félagsins.

ekki gefið upplýsingar um framvindu málsins. Jón H. B. Snorrason staðfestir að málið sé til meðferðar hjá ríkislögreglustjóra en gefur ekki nánari upplýsingar.

- saj

Flugfélagið Ryanair:

## Blindu fólki vísað frá borði

**BRETLAND** Lágfargjaldaflugfélagið Ryanair sætir nú mikilli gagnrýni frá samtökum fatlaðra eftir að níu blindum og sjóndöprum einstaklingum var vísað frá borði.

Hópurinn var á leið frá Lundúnum til Ítalíu en rétt fyrir flugtak var fólkinu sagt að þar sem þegar væru þrjár fatlaðir farþegar um borð yrði það að víkja.

Árið 2002 rukkadi Ryanair hreyfihamlaðan mann um jafnvirði 2.000 króna fyrir afnot af hjólastól. Dómstóll komst að því að gjaldtakan væri óheimil og í kjölfarið hækkaði félagið öll fargjöld sín.



## Tollkvótar vegna innflutnings á blómum.

Með vísan til 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar dags. 12. október 2005, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta vegna innflutnings á blómum, fyrir tímabilið 15. október 2005 til 31. desember 2005.

**Nánari upplýsingar liggja frammi í ráðuneytinu á skrifstofutíma frá kl. 9:00 - 16:00.**

Skriflegar umsóknir skulu berast til landbúnaðarráðuneytisins, Sölvhólgötu 7, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 fimmtudaginn 20. október n.k.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. október 2005.

Reynslan góð af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins:

## Erum með í fjölda verkefna

**EVROPUSAMSTARF** Reynslan af þátttöku Íslands í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins er sögð góð og flest markmið með þátttökunni sögð hafa náðst.

Þetta kom fram á fundi 40 þátttakenda verkefna hér á landi sem haldinn var í Hótel Reyhlið í byrjun mánaðarins. Á fundinum var farið yfir framgang verkefna og fyrstu niðurstöður kynntar. Íslendingar taka nú þátt í 27 verkefnum Norðurslóðaáætlunarinnar af 45, eða 60 prósentum allra verkefna. Hér eru yfir 50 fyrirtæki, stofnanir og félög þátttakendur í verkefnum, en fram kom á fundinum að að þeim komi yfir þúsund manns.

Íslendingar gerðust aðilar að Norðurslóðaáætluninni vorið 2002, en hún nær til norðlægra svæða í Finnlandi, Svíþjóð, Nor-

egi og Skotlandi, en einnig til Grænlands, Færeyja og Íslands. „Meginmarkmið áætlunarinnar er að stuðla að eflingu atvinnu- og efnahagslífs svæða og byggða með svipaðar aðstæður, með samstarfsverkefnum yfir landamæri á milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana í þessum landslutum,“ segir í tilkynningu Byggðastofnunar, en hún er tengiliður við áætlunina. Áætlunin er rekin á svipuðum forsendum og rannsóknaráætlanir innan EES-samningsins, þar sem innsendar umsóknir keppa um það fjármagn sem til ráðstöfunar er. Framlag íslenskra stjórnvalda til áætlunarinnar er 27 milljónir á ári til ársins 2006, en heildarfjármagn áætlunarinnar er um 5 milljarðar íslenskra króna fyrir árin 2001 til 2006.



Á FUNDI NORÐURSLÓÐAÁÆTLUNAR EVRÓPUSAMBANDSINS.

Upplýsingar um Norðurslóðaáætlun ESB er að finna á vef Byggðastofnunar, [www.byggdastofnun.is](http://www.byggdastofnun.is) og á vef áætlunarinnar, [www.northernperiphery.net](http://www.northernperiphery.net). - óká

## Velkomin í glæsilegan sýningarsal á nýjum stað

Velkomin í nýja verslun okkar að Smiðjuvegi 76. Þar getur þú valið um alla breiddina - það glæsilegasta jafnt sem hagkvæmasta bæði í verði og útliti fyrir eldhúsið, baðið og þvottahúsið í meiriháttar úrvali. Hannaðu heimilið með Tengji.

Komdu, upplifðu úrvalið, skoðuðu nýjar lausnir og fáu skemmtilegar hugmyndir.

### Opið

Virka daga 08-18  
Laugardaga 10-15



### Opnunartilboð:

Ný lína frá Mora. Mora Marena sturtutæki með ömmustöng, skipti, sturtuhaus og tilheyrandi búnaði.

25%  
afsláttur  
af Mora Marena  
sturtubúnaði og sturtubúnaði



### Opnunartilboð:


Sturtuklefar og sturtuhorn af ýmsum stærðum og gerðum frá Ifó og Megius á frábærum afslætti.

25%  
afsláttur  
af öllum  
sturtuklefum og  
sturtuhornum

### Opnunartilboð:

Nú er tækifærið að eignast nuddpott frá Sundance Spas á tilboðsverði.

Tilboð  
á öllum  
heitum pottum



# Allt í einni ferð

gerðu þér glaðan dag



**BAUTABÚRIÐ**

Bautabúrs grillborgarar

**299** kr/pk



**Helgargrís** með indverskri marineringu

Helgargrís að indverskum hætti

**1299** kr/kg

Þú sparar 449 kr. per kg



X-tra hvítlauksbrauð 2 stk.

**99** kr/pk



X-tra brokkólí - 1 kg.

**199** kr/pk



X-tra blómkaalsblanda - 1 kg.

**139** kr/pk



X-tra franskar kartöflur - 1 kg.

**149** kr/pk



**Ódýrt**

Náttúra pizzur

**99** kr/pk



**Bók nr. 2 er komin í Nettó**

**109** japanskar SUDOKU talnagátur

**995** kr/stk



**DVD markaður**

DVD myndir

**799** kr/stk

**Ódýrt**

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.  
Tilboðin gilda 13. -16. okt. eða á meðan birgðir endast.

Nettó - Akureyri - Akranesi - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi

nettó

## „ORÐRÉTT“

## Langt í land

„Við eigum að mínu viti enn talsvert langt í land með að tryggja öllum börnum viðunandi meðferð.“

Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu, í Morgunblaðinu.

## Bara að prufa

„Ákærvaldið er ekki tilraunastofa þar sem menn prufa sig áfram eins og saksóknari Ríkislögreglustjóra hfur orðað.“

Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, í Fréttablaðinu.

nær og fjær  
**tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? VÖRÐUR LEVÍ TRAUSTASON, FORSTÖÐUMAÐUR HVÍTASUNNUKIRKJUNNAR

## Lærði spænsku í sumarfríinu

„Ég er nýkominn úr sumarfríi á Spáni,“ segir Vörður Leví Traustason, forstöðumaður Hvítasunnukirkjunnar Filadelfíu, sem nýttir haustin til að skella sér í sólina enda fær hann lítið frí á sumrin þegar starfsfólkið er í sumarfrí. „Þegar vetrarstarfið er komið á fullt sving fer ég og slappa af,“ segir Vörður sem býr sig undir kraftmikið vetrarstarf í kirkjunni. „Við erum að fara af stað með Alfa-námskeið sem snýst um grundvallaratriði kristinnar trúar auk þess sem biblíuskólinn er að hefja störf á ný,“ segir Vörður og er viss um að engin kirkja hafi jafn marga nemendur í Alfa-námskeiðinum eins og Hvítasunnukirkjan.

Vörður hefur fundið fyrir auknum áhuga fólks á trúmálum að undanförunni enda fjölgi stöðugt í söfnuðinum og fólk á öllum aldri komi nýtt inn í starfið. Líklegt er að fólk heillist af hinu ríka tónlistarlífi safnaðarins auk þess sem Vörður segir kirkjuna stíla inn á gleðina í guði.

Vörður dvaldi í þrjár vikur á Spáni og langaði helst að vera lengur. Þau fóru bara ein hjónin enda börnin þeirra fjögur öll gift og farin að heiman. Þau sátu þó ekki iðjulaus í sólinni heldur drifu sig í spænskuskóla í hálfan mánuð. „Maður getur orðið bjargað sér,“ segir Vörður og ætlar að skella sér aftur á námskeið í næstu ferð.



Vörður Leví Traustason, forstöðumaður Hvítasunnukirkjunnar.

### SJÓNARHÓLL

STARFSÆVI ÍSLENDINGA

## Kemur ekki á óvart

„Þetta kemur mér ekki á óvart,“ segir Karl Ágúst Úlfsson leikari um niðurstöður nýrrar könnunar OECD þar sem kemur í ljós að starfsævi Íslendinga er lengri en í nokkru öðru landi innan OECD.


„Kerfinu tekst að húka okkur mjög ung og steypa okkur í skuldir og við þurfum að vinna okkur út úr því fram á grafarbakkann og það dugir oft ekki til,“ segir Karl.

„Okkur er gert ókleift að lifa á þeim tekjum sem við höfum yfir ævina,“ segir Karl sem er ekki hissa á því að Ísland sé eitt fárra landa þar sem fólk vinni að meðaltali lengur en eftirlaunaaldur geri ráð fyrir meðan fólk í flestum öðrum löndum fari á eftirlaun nokkru áður en ráð er fyrir gert.



KARL ÁGÚST ÚLFSSON LEIKARI

Karl sér þó einnig jákvæða hlið á málinu. „Við fáum áfram að njóta reynslu þessa fólks og auðvitað eigum við að læra af kynslóðunum á undan okkur.“



ARIRANG-HÁTÍÐ Norður-kóreskir hermenn sýna listir sínar á Arirang-hátíðinni sem er fjölþjóðleg listahátíð í Pyongyang í Norður-Kóreu.



FUNDARGÖGN LANDSFUNDAR SÓTT Ólafur G. Einarsson fyrrverandi menntamálaráðherra og Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra tóku saman tal í gær þegar þau sóttu fundargögn fyrir landsfund Sjálfstæðisflokksins. Ólafur sagði fundinn merkan enda væri að kveðja formaður sem skildi eftir sig mikil og merkileg spor. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Alltaf gaman að mæta

Ólafur G. Einarsson fyrrverandi þingmaður og ráðherra Sjálfstæðisflokksins segir alltaf gaman að hitta gamla félagi á landsþingi Sjálfstæðisflokksins. Bæði hann og Guðmundur H. Garðarsson, fyrrverandi þingmaður, ætla að tala fyrir bættum kjörum aldraðra.

„Ég hef alltaf gaman af því að mæta á landsfundinn,“ segir Ólafur G. Einarsson, fyrrverandi þingmaður og ráðherra Sjálfstæðisflokksins, sem lét ekki kvefpest hindra sig í að sækja fundargögn í gær, þó svo að hann þyrfti svo að hlaupa á bankaráðsfund seinni partinn.

„Á landsfundinum hittir maður margt fólk sem maður ekki hittir dags daglega, einkum fólk utan af landi, til dæmis fólk úr mínu gamla kjördæmi og gamla samborgara frá Siglufirði og Akureyri.“ Ólafur segist líka fylgjast með fundarstörfum á þinginu þó svo hann taki ekki lengur í þeim beinan þátt. „Maður er búinn í þessu,“ segir hann, en neitar því ekki að hann skjóti að mönnum ábendingum og leiðbeiningum. „Svo taka menn auðvitað þátt í

nefndarstörfum, en misjafnlega þó. Ég er nú kominn á þann aldur að ég hef áhuga á að benda á það sem betur má fara, einkum á sviði eldri borgara,“ segir hann og telur þar úrbóta þörf.

Undir þau orð Ólafs tekur Guðmundur H. Garðarsson, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, en hann er formaður Samtaka eldri sjálfstæðismanna. Hann segist mæta á landsfund til að nýta sér sinn lýðræðislega rétt til að hafa áhrif og koma að skoðunum sínum. Fyrst segist hann hafa sótt landsfund sem ungur strákur árið 1948 á Akureyri, en þá helst til að komast á ballið. „En svo hef ég sótt þessa fundi nær óslitið síðan þá,“ bætir hann við.


Á fundinum núna segist hann leggja áherslu á tvennt, bætt kjör eldri borgara og svo breytingar sem hann vill sjá gerðar á tekjuskattkerfinu. „Staðreyndin er að þeir sem eru með milli- og lægri tekjur eru að fara illa út úr tekjuskiptingunni eins og hún er að þróast,“ segir hann og telur að eftir breytingar sem gerðar hafa verið á skattlagningu fyrirtækja sé nú komið að almennungi. „Þessir hlutir hafa lítið breyst síðan við tókum hér upp staðgreiðslu skatta árið 1998,“ segir hann og vill taka upp þrjú

skattþrep, líkt og hugmyndir séu uppi um í Þýskalandi. „Ég styð hugmyndir ríkisstjórnarinnar um að fara með persónuafsláttinn í 85 þúsund krónur,“ segir hann en vill að tekjuskattur á lágur tekjur verði ekki nema 10 prósent, eftir að gert hafi verið ráð fyrir persónuafslátti. Síðan stingur hann upp á að fólk með meðaltekjur, eða milli 250 og 500 þúsund krónur á mánuði, greiði 20 til 25 prósent tekjuskatt og hátekjufólk greiði sama skatthlutfall og er nú þegar við lýði. „En núna stöndum við frammi fyrir því að þeir sem eru ekki með nema kannski 120 til 130 þúsund krónur á mánuði, geta eiginlega hvorki lifað né dáíð, nema að til komi aðstoð annars staðar frá.“ Þessum hugmyndum ætlar Guðmundur að koma á framfæri í nefndastarfi aðalfundarinnar. „Ég er kominn á fundinn til að nota mér málfrelsið og tillöguréttinn og set mínar skoðanir fram í þessum nefndum. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur gert góða hluti í tengslum við atvinnulífið og grundvallarbreytingar tengdar skattlagningu,“ segir hann og telur tímabært að marka nú nýja stefnu gagnvart því sem verið hefur óbreytt, tekjuskattinum. „Nú koma að nýir menn og nýtt tímabil.“

## ÍSLENSK UNGLINGS-STULKA FÖRNARLAMB DÖPSALA Í LONDON

Á allt að  
15 ára dóm  
yfir höfði sér

Þeirir þegar aðrir þegja!



**FLJÚGANDI VÉLMENNI** Vélmenni með kyndil í hendi svífur yfir sviðið á opunarhátíð íþróttaleika í Nanjing í austurhluta Kína.



**NÚÐLUR** Vinsælar í Kína

## Kínverjar fundu upp núðluna: 4000 ára núðlusúpa

Lengi hefur staðið styr um upprunaland núðlunnar. Kínverjar telja að Marco Polo hafi flutt hana til Ítalíu frá Kína en Ítalir halda því fram að pasta hafi verið til í landinu fyrir þann tíma. Lausn ráðgátunnar gæti verið nærri því fornleifafræðingar í vesturhluta Kína fundu á dögnum fjögur þúsund ára skál með núðlum sem leiðir líkur að því að Kínverjar hafi fundið upp pasta á undan Ítölum.

Hnefastór klumpur af núðlum fannst í skál sem lá á hvolfi undir þremur metrum af jarðvegi sem talið er að hafi borist í flóði sem þurrkaði út menningu Qijia þjóðflokksins á síðari hluta steinaldar.

Núðlurnar voru búnar til úr tvenns konar hirsu sem finnst í nágrenninu og deigið var teygð í lengjur áður en það var soðið. Nú stefna fornleifafræðingarnir að því að reyna að búa til núðlur úr sama efni.

**MARKAÐURINN**

**AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**

## Petta tannkrem fjarlægir tannskýlu



## Petta tannkrem gerir það þrisvar sinnum betur\*



**Nýja zendium tannkremið fjarlægir tannskýlu þrisvar sinnum betur af tönnunum en mest selda tannkremið.\*\***

Þetta hefur verið sannað. Ástæðan er ný blanda af ensíum, sinki og colostrum (broddmjólk), sem hreinsar tennurnar á mildan en einstaklega áhrifaríkan hátt.

\* Skjalfest af P. Barkvold, prófessor í munnholts-lækningum og skurðlækningum við Óslóarhóskóla, í rannsókninni: "The oral health effect of colostrums containing dentifrices on patients of risk of recurrent aphthous ulcers. 2005". Sjá útdrátt/rannsóknarniðurstöður á [www.zendium.dk](http://www.zendium.dk)

\*\* Colgate Caries Control



Átt þú hlut í stærsta sjóði landsins?

Fyrirtækjabréf er stærstur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á landinu, að verðmæti 40,9 milljarðar og hefur sýnt bestu meðalávöxtun sambærilegra sjóða sl. 3 ár.

**10,8%**  
meðalávöxtun sl. 3 ár

Fyrirtækjabréf Landsbankans




**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)

Fyrirtækjabréf er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingaheimilískr skv. lögum heddur en verðbréfasjóðir. Fyrirtækjabréf fjárfesta að stærstum hluta í verðbréggjöfum brefum. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. mun á verðbréggjöfum og fjárfestingarsjóðum (útboðsþinga- og útdráttir) úr útbodslýsingu fyrir sjóðinn á algreiðuborðum Landsbankans og á heimasíðu Landsbankans, [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is). Athygli er vakin á því að verðbréfvæðisþing geta verið áhættusöm og að ávöxtun í forstö gefur engar vísbendingar um ávöxtun í framtíð.

### ÁRLEG NEYSLA ÍSLENDINGA Á HROSSAKJÖTI



Heimild: Hagstofa Íslands

## baksvið

fréttir og fróðleikur

### FBL-GREINING: FUGLAFLENSA

## Skæðasta afbrigðið breiðist út

Nú hefur verið staðfest að fuglaflensu smit hefur borist til Tyrklands. Eftir því sem veiran breiðist út um fleiri lönd og fleiri menn sýkjast og deyja af völdum hennar aukast áhyggjur manna um allan heim af faraldri.

#### Hvað er fuglaflensa?

Eins og menn og önnur dýr geta fuglar veikt af flensu. Alls eru þekktar fimmtán tegundir flensuveirusýkinga í fuglum. Skæðustu veirur, sem í flestum tilvikum valda dauða fugla sem sýkjast af þeim, eru nefndar H5 og H7. Skæðasta afbrigðið sem nú veldur mestum áhyggjum er nefnt H5N1.

Helstu smitberar eru farfluglar, ekki síst villiendur. Það eru hins vegar alifuglar sem eru viðkvæmastir fyrir smiti. Þess vegna þykir það kalla á hörð viðbrögð að skæðasta fuglaflensuveiran hafi greinst í villtum fuglum í Tyrklandi, en grunur leikur einnig á að smitið hafi líka borist í fugla í Rúmeníu.

#### Hvernig geta menn smitast af fuglaflensu?

Talið var að fuglaflensuveirur gætu aðeins valdið sýkingum í fuglum. En árið 1997 greindist fuglaflensu smit í manni í Hong Kong. Sá hafði smitast af því að meðhöndla sýkta alifugla. Veiran dreifist einkum í gegnum saur sýktra fugla. Saurinn þornar og leysist upp í ryk og þannig berst veiran við öndun í lungu og blóðrás manna. Sjúkdómseinkennin eru svipuð og af venjulegri flensu - hiti, slappleiki, hálsbólga og hósti.

Staðfest tilfelli fuglaflensu sýkinga í mönnum voru í byrjun þessa mánaðar alls 117 í Indónesíu, Víetnam, Kambódíu og Taílandi. 60 af þessum 117 dóu.

#### Getur veiran smitast milli manna?

Visbendingar eru um að skæða veiran H5N1 geti smitast milli manna, en enn sem komið er hefur hún þó ekki stökbreyst í afbrigði sem smitast



auðveldlega milli manna. Gerist það er óttast að heimsfaraldur gæti brotist út. Unnið er að þróun bóluefnis.

### SPURT OG SVAR

ÁHRIF SELLAFIELD Á ÍSLANDI

## Vinnur Hómer í Sellafield?

Lekinn í endurvinnsluöðinni í Sellafield síðastliðið vor er mörgum áhyggjuefni hér á landi. Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, spurði umhverfisráðherra í vikunni um það hvort hann hefði fengið einhver svör um lekann frá kollega sínum í Bretlandi.



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

#### Hverju svaraði umhverfisráðherra?

Hún hafði ekkert svar fengið en málið virðist hið neyðarlegasta í Bretlandi því nýlega lak innanhússkýrsla í fjölmiðla sem unnin hafði verið fyrir Sellafield og í skýrslunni er ástandinu lýst svo illa að því er slegið fram að Hómer Simpson vinni í Sellafield. Það er ekki gefulegt.

#### Hvernig snertir þetta okkur Íslendinga?

Á tvennan hátt aðallega; ef mengun verður í sjó, hvar sem það nú er í heiminum er það erfitt fyrir markaðinn því fólk hættir bara að borða fisk og það sjá allir hvaða afleiðing þá hefur fyrir okkur. Svo er þetta nálægt okkar miðum og ef geislamengunin berst hingað hefur það varanleg og óafturkræf áhrif.

# Líkir Samfylkingu við léttvægt dótturfélag auðhrings

Davíð Oddsson leit yfir farinn veg í síðustu ræðu sinni sem formaður Sjálfstæðisflokksins þegar hann setti landsfund í gær. Hann veittist hart að auðhring sem misnotaði fjölmiðla og talaði um árás forseta Íslands á þingræðið. Hann kveðst hætta formennsku á tíma sem henti Sjálfstæðisflokknum vel.

Davíð Oddsson formaður Sjálfstæðisflokksins var harðorður í garð 365 fjölmiðlasamsteypunnar í setningarræðu sinni á 36. landsfundi Sjálfstæðisflokksins í gær og sagði hana misnotaða af eignum sínum.

Hann leit yfir farinn veg, kvaðst hafa notið þess út í æsar að vera formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann kvaddi flokksmenn og sagðist einnig glaður yfir því að mega hætta á eigin forsendum. „Ég hef fagnað og þakkað þá miklu eindrægni sem ríkt hefur í miðstjórn og þingflokki alla mína formannstíð.“

#### Dótturfélag auðhrings

Davíð sagði að þjóðin hefði fylgst með hvernig fjölmiðlasamsteypa hefði verið notuð til að þjóna hagsmunum aðaleigenda



DAVÍÐ ODDSSON FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Davíð var ákaft hylltur eftir setningarræðuna í Laugardalshöll.

sinna, sem stæðu í ströngu á öðrum vettvangi. „Slíka notkun auðhrings á fjölmiðlum hef ég hvergi séð í þessum mæli og fylgist þó víða vel með. Óvægnum árásum og slúðri úr stolnum gögnum hefur verið beint gegn einstaklingum sem auðhringnum hefur verið í nöp við. Árásum hefur einnig verið beint að mér, oftast þó undir rós og með endalausum dylgjum. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja. Hver leigupenninn af öðrum heldur því fram að ég sé andvígur tiltekinni samþjöppun umsvifa í viðskiptalífni af því að mér líki ekki eigendahópurinn.“

Davíð rifjaði síðan upp að hann hefði í ræðu og riti talað gegn samþjöppun og einokun.

„Ég er andvígur því að heilbrigð samkeppni snúist upp í andhverfu sína, vegna þess að ég trúir því og hef alltaf trúað því að heilbrigð samkeppni sé góð fyrir fólkid í landinu. Ég hrósaði Alþýðuflokknum sáluga 1978 fyrir rétta afstöðu í þessu máli þá. Því er enn dapurlegra að ekki aðeins formaður Samfylkingarinnar, heldur einnig sumir þingmenn hennar, eins og ömurlegt uppistand í þinginu síð-

astliðinn þriðjudag sýndi, virðast naumast líta lengur á Samfylkinguna sem flokk en fremur sem tiltölulega léttvægt dótturfélag auðhrings. Við Sjálfstæðismenn getum því ekki vænst stuðnings úr þessari átt.“

#### Forsetinn og árásin

Davíð brýndi fyrir fundargestum að láta þessi ósköp sem nú væru uppi og ætluð væru til að rugla fólk í ríminu og skelfa lögreglu og dómstóla, hafa nein áhrif á störf landsfundarins. „Eftir fáein ár verður þessi ljótasti bluttur í sögu íslenskrar fjölmiðlunar kominn í sitt skot í sögunni. Sama má segja um þá árás sem gerð var á þingræðið í landinu og lengi verður í minnum höfð. Sjálfstæðisflokkurinn mun hins vegar áfram berjast fyrir frjálsu samfélagi, þar sem fólksvalaus samkeppni ríkir, allir eiga jafnan rétt til náms og heilbrigðisþjónustu, þar sem tækifærin eru fjöldans og allir teljast jafnir fyrir lögunum.“

#### Evrópusambandið

Davíð vék einnig orðum að öðrum átakamálum samtímans. Hann sagði að við og við blossaði upp umræða um það, hvort Ísland ætti að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Hann sagði stefnu Sjálfstæðisflokksins skýra. Samningurinn um evrópska efnahagsvæðinguna tryggði aðgang að innri markaði sambandsins. Þar með nytu Íslendingar helstu kostnaðildar án þess að vera meðlimir og þurfa að sæta ókostunum. „Það liggur líka fyrir að aðild að Evrópusambandinu myndi reynast okkur mjög dýr... Aðgöngumiðinn myndi kosta mörg þúsund milljón-

ir á ári hverju. Og hver vill kaupa slíkan miða sem engu breytir um markaðsaðgang okkar en færir yfirráð yfir íslensku fiskimiðunum til Brussel og smám saman myndi svipta okkur raunverulegu sjálfstæði í efnahagsmálum? Enginn hefði maður haldið. En það er sama hversu sýningin er slæm, illa leikin og endirinn ömurlegur, það er eins og alltaf sé hægt að finna einhvern vitleysinginn sem vill kaupa miða á uppsprengdu verði. Formaður Samfylkingarinnar vill nú að Íslendingar kasti krónunni og taki upp evru vegna snúinnar stöðu efnahagsmála um skamma hríð. Er það virkilega svo að það hafi farið fram hjá einhverjum að evra verður ekki tekin upp án aðildar að ESB? Vita menn ekki að það tæki mörg ár að ganga í ESB? Hefur enginn sagt þeim að eftir að í ESB er komið þarf íslenska myntin að fylgja skráningu evrunnar í tvö ár áður en evran verður tekin upp sem gjaldmiðill þjóðarinnar?“

Davíð bætti við að vaxtastefna ESB miðaðist við hagsmuni stóru aðildarþjóðanna auk þess sem aðild þýddi glötuð yfirráð yfir fiskimiðunum og milljarða kostnað sem aðild fylgdi.

„Hitt er svo annað mál, að við megum ekki falla í þá gryfju að halda að allt sé ómögulegt sem frá Samfylkingunni kemur. Það er alls ekki svo. Því miður er það einfaldlega þannig að 99 prósent af því kemur óorði á allt hitt.“



#### FRÉTTASKÝRING

JÓHANN HAUKSSON  
johannh@frettabladid.is

www.ru.is/simennt

## SÍMENNT HR

### Samningatækni

Vilt þú bæta samkeppnishæfni þína?

Á námskeiðinu er farið yfir undirbúning samningsumræðna, framkvæmd þeirra og eftirfylgni samninga. Þátttakendur öðlast þekkingu á samningatækni, hæfni í að greina samningsfleti og að takast á við erfiða andstæðinga.

Kennt er 25., 27., 31. október og 2. nóvember, kl. 17-20.  
Námskeiðið er samtals 12 klst.

Verð: 30.000 kr.

Frekari upplýsingar veitir:  
Lóa Ingarsdóttir  
Beinn sími: 599 6350  
Skíptíðar: 599 6200  
li@ru.is  
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍKS UNIVERSITÉT



DAVÍÐ ODDSSON OG ÁSTRÍÐUR THORARENSEN Formaðurinn og eiginkona hans í hópi flokksfélaga á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í gær.

# Ostaveisla

í Hagkaupum til 16. október

- Kynningar í búðum
- Mjólkurfræðingar kíkja í heimsókn
- Yfir 20 tegundir osta á tilboði
- Ostakörfur á ótrúlegu verði
- Frábært úrval af ostum



**KOKKARNIR**  
VEISLUÞJÓNUSTA  
JÓNS ARNARS & RÚNARS

**Spennandi tilboð**  
í ostaborðinu Kringlunni  
Kynningar alla dagana

**50%**  
afsláttur



**Létt ostur** með skinku og beikon

**20%**  
afsláttur



**Gouda sterkur**  
- frábær við öll tilefni

**20%**  
afsláttur



**Ísbúi**  
- ostur sem bragð er af

Gildir til 16. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SKÓLARMÍÐ  
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Útkoma bókarinnar Myndin af pabba - Saga Thelmu, hefur ýtt af stað mikilli umræðu.

## Samfélag sem bregst börnum

Söku sinnum gerist það að útkoma bókar hreyfir verulega við samfélaginu. Það hefur bók Gerðar Kristnýjar, Myndin af pabba - Saga Thelmu, gert og ekki að ástæðulausu. Saga hinnar hugrökku Thelmu Ásdísardóttur af því hvernig hún og systur hennar fjórar voru misnotaðar af sínum eigin föður getur engan látið ósnortinn.

Í frásögnum Thelmu kemur fram að svo virðist sem öllum í nánasta umhverfi hafi verið kunnugt um hvað fram fór á heimili systranna. Og lesandinn spyr sig: Hvers vegna í ósköpunum gerði enginn neitt? Í fyrirkennari í grunnskóla systranna í víðtali í Kastljósi að skólinn hefði vissulega brugðist þeim, þótt þar hafi verið

„Hvert og eitt fórnarlamb kynferðisofbeldis sem sækir sér hjálp hefur unnið sigur og í hvert sinn sem tekst að stöðva eða koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi gegn barni fær umst við einu skrefi nær betri heimi.“

reynt að koma þeim til hjálpar. En það var ekki bara skólinn sem brást, það voru félagsmálayfirvöld bæjarins, barnaverndarnefnd, nágrannarnir og fjölskyldan. Allir sem vissu af því sem gerðist í litla húsinu í miðbæ Hafnarfjarðar brugðust skyldum sínum sem borgarar.

Sem betur fer hefur mikið vatn runnið til sjávar frá því að ódæðisverkin áttu sér stað gegn systrunum fimm í Hafnarfirði. Stofnun Stígamóta 1990 olli straumhvörfum í umræðunni um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Áður var nánast engin umræða um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Það var einfaldlega þagað í hel. Nú eru þessi ljótu mál að minnsta kosti komin fram í dagsljósið þótt enn sé gríðarlangt í land í baráttunni við að uppræta þessa miklu glæpi.

Enn í dag leita bæði konur og karlar sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi í barnæsku til Stígamóta sem hafa veitt fórnarlömbum kynferðislegs ofbeldis ómældan stuðning og létt líf margra sem áður bjuggu við óþarfilega kvöl.

Í Barnahúsi hefur verið unnið frábært brautryðjendastarf sem talið er til fyrirmyndar í öðrum löndum. Þar er fyrsta flokks aðstaða til að yfirheyra og gera læknaþing á fórnarlömbum barnaníðinga. Sumir dómstólar í landinu sjá þó ekki ástæðu til að nýta sér þá þjónustu og má það furðu sæta. Sömuleiðis er ljóst að almennar reglur um fyrningarfrætt afbrota geta ekki átt við um kynferðisbrot gegn börnum. Brotin koma oft ekki upp á yfirborðið fyrr en barnið er orðið fullorðin og þá má ekki vera orðið of seint að sækja glæpamanninn til saka. Flestir þessara glæpamanna eru sibtrotamenn þannig að fórnarlömb hvers þeirra geta verið mörg á löngum tíma.

Fyrir fjárfesta og atvinnurekendur - Atvinnuhúsnæði - Fyrirtækjasala - Leiguhúsnæði

### Fyrir byggingaraðila :

- Byggingarréttur að litlu fjölbýli 944 fm í miðbæ Reykjavíkur.
- Byggingarréttur að 60 íbúðum í grónu hverfi.
- Byggingarfélag með byggingarétti að 7 raðhúsum í nágrenni Reykjavíkur.

### Fyrir fjárfesta :

- 18 útsýnisíbúðir í einni byggingu miðsv. í Reykjavík, þarfnast endurbóta.
- Verslunar-, skrifstofu- og lagerhúsnæði, alls 7 einingar 64-214 fm. Til sölu eða leigu.
- Þjónustueiningar í nýju hverfi í Reykjavík, um 100 fm hver eining.
- Iðnaðarhúsnæði með mikilli lofthæð í Hafnarfirði, 2x300 fm.
- 10 íbúða hús í útleigu á Stór-Reykjavíkursvæðinu.
- 11 eininga hús sem samanstendur af stúdíóbúðum og herbergjum í útleigu.

- Gistiheimili/herbergjaleiga í Kópavogi 16 herb. í útleigu.
- Íbúðar- og verslunarhúsnæði við Laugarveg, þarfnast lagfæringar, ca 275 fm allt.
- Áberandi verslunar- og þjónustuhús á 104 svæðinu 547 fm.
- Þjónustuhúsnæði í útleigu 1700 fm.
- 250 fm íbúð og 500 fm iðnaðarhúsnæði á stórrí sjávarlóð í nágrenni Reykjavíkur.
- Gistiheimili við Dugguvoginn með 10 íbúðum.
- Skrifstofuhúsnæði í til útleigu í Smáranum. 50-500 fm.

### Óskum eftir til kaups eða leigu:

- 1300 fm iðnaðarhúsnæði á einni hæð á Reykjavíkursvæðinu.
- 600 fm iðnaðarhúsnæði með 4,5 m innkeyrsluhurð á Reykjavíkursvæðinu.

## AUGLÝSTU FASTEIGNINA ÞÍNA Á RÉTTUM STAÐ

Rúmlega 60% fleiri Íslendingar á aldrinum  
25-54 ára lesa mánudagsblað Fréttablaðsins  
frekar en mánudagsblað Morgunblaðsins.

73%

Fréttablaðið

45%

Mbl.

Lestur mánudaga\*

Á mánudögum fylgja með Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð sem fjalla um fasteignir.  
Nýttu þér gott tækifæri og auglýstu fasteignina þína í Fréttablaðinu.

**allt-fasteignir**



\* 25-54 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

# Nýir íbúar og viðbrögð okkar við þeim

UMRÆÐAN  
NÝBÚAR



EINAR SKÚLASON

„Pabbi, það er ný fjölskylda flutt í íbúðina fyrir neðan okkur.“ Svona gæti setning hljómað frá barni þegar breytingar gerast í fjölbýlishúsi. Þú gætir verið í stöðu formanns húsfélagsins og veltir því fyrir þér hvers konar nágrannar þeir eigi eftir að reynast. Þú ákveður að fara til þeirra, bjóða þau velkomin og útskýra fyrir þeim hvernig húsfélagið virkar, hverjar eru skyldur

íbúanna til dæmis um að færa öskununnur, hvað húsfundur eru haldnir oft, upplýsa um jólaþing og fleira sem tengist því að búa í húsinu. Þau myndu kannski nota tækifærið og spyrja t.d. hvar hægt sé að geyma barnavagn og hvort skipulag sé á notkun á þvottahúsi í kjallara. Fyrirmyndar móttökur.

En ef setningin myndi hljóma svona: „Pabbi, það er ný fjölskylda flutt í íbúðina fyrir neðan okkur, ég held þau séu útlensk.“? Hvað myndir þú þá taka til bragðs? Jú, nákvæmlega sama, þú myndir heilsa upp á þau og útskýra sömu mál. Ef um tungumálavandkvæði væri að ræða, þá þyrftir þú að leita þér aðstoðar með túlk og væntanlega gæti hússjóður greitt kostnað vegna

hans. Þú þyrftir að vera tilbúinn að útskýra virkni húsfélagsins, hvað er greitt fyrir með húsgjöldum, hvers vegna allir íbúar þurfa að taka þátt í sameiginlegum verkefnum o.s.frv. Þau gætu haft einhverjar spurningar sem tengdust þeirra þörfum, t.d. varðandi gervihnattadisk eða reiðhjólageymslu eða eitthvað allt annað. Grundvallaratriðið er samskipti og að báðir aðilar hafi tækifæri til að fræðast um þarfir hins og þannig er hægt að skapa aðstæður til að öllum líði vel.

Þennan skilning er síðan hægt að yfirfæra á samfélagið. Þegar nýir íbúar koma til búsetu á Íslandi má fólk almennt gefa sér tíma til þess að útskýra réttindi og skyldur, það er mjög mikilvægt. Það má

byrja á því að brjóta ísinn með kurt-eisisávröpum á borð við að bjóða góðan daginn eða bjóða fólk velkomið og skýra frá einhverju sem gott er að vita. Til dæmis hvar gott er að versla, tala um það ef einhver frídagur er framundan eða segja frá starfsemi Alþjóðahússins. Það er síðan ekki síður mikilvægt að hlusta á þá sem koma hingað til að setjast að, athuga hvort það eru einhverjar þarfir sem hægt er að mæta og hvort hægt sé að gera eitthvað til að þeim líði betur í nýjum heimkynnum. Því miður er það raunin að þessi hlið gleymist, menn ganga að því vísu að nýir íbúar nálgast þær upplýsingar sem þeir þarfnast. Stundum er það hins vegar svo að í ókunn samfélagi veistu kannski

ekki hvaða spurninga þú átt að spyrja, á hvaða sviðum þú getur átt einhver réttindi, eða hvaða merkingu beri að leggja í hina og þessa atburði.

Nú í aðdraganda jóla er einmitt tilvalið að útskýra mismunandi venjur vegna jóla hér á landi og um leið fræðast um siði og venjur vegna hátíðarhalds í heimalandi nýja íbúans. Þannig geta orðið úr skemmtileg samskipti á jafnréttisgrundvelli þar sem báðir læra eitthvað nýtt. Ég vil þess vegna hvetja þig til að sýna frumkvæði og auðvelda fyrstu skref nýja íbúans í nýju landi.

Höfundur er framkvæmdastjóri Alþjóðahússins.

## Skuldir og eignir

UMRÆÐAN  
REYKJANESBÆR



ÁRNI SIGFÚSSON  
BÆJARSTJÓRI

Reykjanesbær er í fjórða lögsta sæti yfir skuldir sveitarfélaga miðað við þann lista sem Fréttablaðið birti sl. mánudag.

Eftir miklar sveiflur í rekstri vegna gjaldfærslu á stórum liðum eins og algjörri enduruppbyggingu helstu verslunargötu bæjarins og hárra óvæntra útgjalda vegna endurreiknings lífeyrisskuldbindinga, hefur tekist að færa reksturinn í jafnvægi. Í tilkynningu eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga frá ágúst á þessu ári er lýst ánægju með árangurinn.

Í Fréttablaðinu á sl. mánudag var settur fram nýr dálkur sem hét „skuldbinding vegna rekstrarleigu á hvern íbúa“ og með þeirri aðferð er fyrirsögn sköpuð sem gefur ranga mynd af stöðunni. Yfirlit um skuldbindingar þar sem leigugreiðslur, sem færðar eru til gjalda í ársreikningi hvers árs, eru uppreiknaðar sem langtímaskuldbindingar, eru mjög varhugaverðar aðferðir við útreikninga skulda. Lögbundnar skuldbindingar sveitarfélaga til að halda uppi grunnskólakennslu, félagsþjónustu, o.s.frv. eru mjög skýrar og ætti þá að reikna til greiðsluskuldbindinga sveitarfélaga mun fremur en leigugreiðslur fyrir húsnæði. Í tilviki Reykjanesbæjar er unnt er að segja húsaleigu upp, endurkaupa eða breyta á 5 ára fresti.

Við það að Reykjanesbær gerðist, ásamt öðrum sveitarfélögum, meðeigandi í félagi um fasteignir umræddra sveitarfélaga, tók félagið yfir eignirnar en sveitarfélagið greiðir fulla leigugreiðslu. Við það myndaðist skýr kostnaður í rekstrarreikningi sveitarfélags. Ef þessi leið er ekki valin gæti rekstrarreikningur sýnt lægri rekstrarkostnað og hærri eignastöðu.

Hins vegar er líklegt að skuldaaða þess sveitarfélags sem ekki velur þessa leið væri þá einnig hærri.

Ef meta skal eignir á móti skuldum er því nauðsynlegt að svonefndar skuldbindingar vegna leigu á húsnæði séu ekki samburðinum því annars þyrfti að uppreikna eignavirði fasteignanna, svo dæmi séu samburðarhæf.

### SENDIÐ OKKUR LÍNU

Víð hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðana-síðunni á vísir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

S

LEIÐABÓK  
Strætó bs.

Gildir frá 15. október 2005

0904 14 12 OKTÓBER 2005

## Ný Leiðabók hjá Strætó tekur gildi á morgun 15. október!

Til að koma til móts við þarfir notenda hafa verið gerðar breytingar á tímatöflum eftirtalinnna leiða: S1, S2, 11, 13, 14, 21, 22, 24 og 25.

Auk þess hefur þjónustutími leiða 12 og 16 verið lengdur til miðnættis.

Allt um þessar breytingar er að finna í nýrri leiðabók sem nálgast má á [solustodum.is](http://solustodum.is) eða á [strato.is](http://strato.is).

Farðu alla leið með Strætó.

**ERWIN ROMMEL (1891-1944)**  
lést þennan dag.



„Ekki taka þátt í bardaga nema þú græðir eitthvað á því að vinna.“

Erwin Rommel var þýskur marskalkur. Hann fékk viðurmerfið eyðimerkurefurinn en hann stjórnaði herliði Þjóðverja í Afríku.

## Tímamót

timamot@frettabladid.is

### ANDLÁT

**Lárus Benedikt Björnsson**, Sólvallagötu 5a, Reykjavík, lést á Landspítala Landakoti þriðjudaginn 4. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Bjarni Þórir Þórðarson**, Thysted, Jótlandi, Danmörku, lést í Thysted á Jótlandi miðvikudaginn 5. október.

**Helgi Breiðfjörð Helgason** lést á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi laugardaginn 8. október.

**Þorbjörg Jónasdóttir Bergmann** frá Helgavatni, Vatnsdal, lést á Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi þriðjudaginn 11. október.

### AFMÆLI

**Aldarafmæli Rangæinga** í kvöld halda félagarnir Jón Ólafsson og Jens Sigurðsson upp á að samtals eru 100 ár síðan mæður þeirra fæddu þá í heiminn. Af því tilefni verður opið hús í Hvolnum á Hvolsvelli þar sem þeir verða með mæðrum sínum og mökum. Við sama tækifæri verður kynntur nýr diskur hinnar einstæðu hljómsveitar, Hjónabandsins. Húsið opnar kl. 20:00.



**Bergur Felixson**, fyrrverandi framkvæmdastjóri Leikskóla Reykjavíkur, er 68 ára.

**Böðvar Bjarki Pétursson** kvikmyndagerðarmaður er 43 ára.



**Þórður Guðjónsson** knattspyrnumaður er 32 ára.

**Sigurjón Gísli Helgason** hárgreiðslumaður er 25 ára.



### JARDARFARIR

11.00 **María Guðmundsdóttir**, Austurbrún 6, Reykjavík, verður jarðsungen frá Fossvogskapellu.

11.00 **Sigríður Jóhanna Bjarnadóttir** frá Ögurnesi við Ísafjarðardjúp, fyrrum húsfreyja á Hvilft í Önundarfirði, verður jarðsungen frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Geirmundur Sigurðsson**, Austurströnd 8, Seltjarnarnesi, verður jarðsungen frá Fossvogskirkju.

13.00 **Helga Katrín Gísladóttir**, Unufelli 44, Reykjavík, verður jarðsungen frá Bústaðakirkju.

13.00 **Hjálmtyr Guðmundur Hjálmtýsson**, Unufelli 44, Reykjavík, verður jarðsungen frá Bústaðakirkju.

13.00 **Solveig Jónsdóttir** frá Hofi á Höfðaströnd, Sléttuvegi 15, Reykjavík, verður jarðsungen frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

13.30 **Ester Jósavinsdóttir**, fyrrum bóndi og húsfreyja á Mástöðum í Skíðadal, Ægisgötu 25, Akureyri, verður jarðsungen frá Dalvíkirkju.

14.00 Kveðjuathöfn **Karvels Ögmundssonar** fyrrverandi útgerðarmanns, Bjargi, Ytri-Njarðvík, verður haldin í Ytri-Njarðvíkirkju.

14.00 **Valgerður Pálmadóttir**, Patreksfirði, lengst búsett í Fjarðarstræti 38, Ísafirði, verður jarðsungen frá Ísafjarðarkirkju.

### FÆDDUST ÞENNAN DAG

1644 William Penn, enskur kvevari.

1888 Katherine Mansfield rithöfundur.

1890 Dwight D. Eisenhower, forseti Bandaríkjanna.



## PETTA GERÐIST > 14. OKTÓBER 1947

### Yeager rýfur hljóðmúrinn

Á þessum degi árið 1947 varð bandaríski herflugmaðurinn Chuck Yeager fyrsti maður heims til að fljúga hraðar en hljóðið.

Yeager fæddist í Virgíníuríki árið 1923 og var bardagaflugmaður í seinni heimstyrjöldinni. Hann fór 64 leiðangra yfir Evrópu, skaut niður 13 þýskar herflugvélar og var sjálfur skotin niður yfir Frakklandi. Heillastjarna fylgdi honum þó og var honum bjargað af liðsmönnum frönsku andspyrnu-herfingurinnar.

Eftir stríðið var hann einn þeirra sem urðu fyrir valinu til að reynslu-fljúga tilraunaflugvélinni X1, sem byggð var af Bell Aircraft-félaginu til að kanna



CHUCK YEAGER

yfir verkefninu varð afrek Yeagers ekki kunnugt fyrir en í júní 1948.

Yeager hélt áfram starfi sínu sem reynsluflugmaður og árið 1953 flaug hann X-1A flugvélinni á um 2.600 kílómetra hraða á klukkustund.

möguleikann á flugi á hljóðhraða. Margir töldu á þessum tíma að manninum væri ekki ætlað að fljúga hraðar en hljóðið enda gæti það tætt vélarinnar í sundur að fara svo hratt. Það viðmót gjörbreyttist hinn 14. október 1947 þegar Yeager flaug X1-vélinni yfir Rogers Dry-vatnið í Suður-Kaliforníu. Í 40 þúsund feta hæð komst hann á yfir þúsund kílómetra hraða á klukkustund. Þar sem mikil leynd hvíldi

### MERKISATBURÐIR

1912 Bandaríski forsetaframbjóandinn Theodore Roosevelt verður fyrir skoti.

1926 Bangsímón birtist fyrst á prenti.

1944 Þýski marskalkurinn Erwin Rommel fremur sjálfsmorð þegar hann er ákærður fyrir samsæri gegn Hitler.

1964 Rafreiknir Háskólans kemur til landsins. Hann var með 40 þúsund stafanúmer og þótti afkastamikill.

1964 Martin Luther King er sæmdur friðarverðlaunum Nóbels.

1977 Tónlistarmaðurinn Bing Crosby andast.

1994 Yasser Arafat, Yitzhak Rabin og Shimon Peres hljóta friðarverðlaun Nóbels.

1999 Nýtt og breytt húsnæði Krínglunnar er tekið í notkun.

## SVAFU GRÖNFELDT RÁÐIN AÐSTOÐARFORSTJÓRI ACTAVIS GROUP

# Skrifar í flugvélum um nætur

„Það er mjög gaman að takast á við þetta enda eru verkefni fjölbreytt og engir tveir dagar eins,“ segir Svafa Grönfeldt, nýráðin aðstoðarforstjóri Actavis Group, en hún gegndi áður stöðu framkvæmdastjóra stjórnunar-sviðs innan fyrirtækisins. „Ég mun aðallega vera í því að tryggja að strúktúrinn og skipulagið haldist í hendur við hraðan vöxt fyrirtækisins,“ segir Svafa, sem var einn af eigendum Gallup Deloitte á Íslandi í tíu ár og vann fyrir Actavis sem ráðgjafi á sínum tíma. „Fyrir einu og hálfu ári skipti ég yfir og sé ekki eftir því enda er þetta búið að vera vöðalega gaman,“ segir Svafa glaðlega en hún ferðast mikið vegna starfs síns enda er félagið á mörgum stöðum í heiminum og alltaf að stækka. „Ég sé einnig um innleiðingu á nýjum félögum og þegar við kaupum nýtt félag er það í mínum verkahring að það gangi snurðlaust fyrir sig og þau aðlagi sig hratt,“ segir Svafa, sem í þessum töluðu orðum er stödd í New York að fylgjast með þróun fyrirtækis sem Actavis festi kaup á ekki alls fyrir löngu.

Drátt fyrir að hafa aðeins starfað hjá fyrirtækinu í tiltölulega stuttan tíma vill Svafa ekki gera mikið úr hraðri framgöngu sinni innan Actavis. „Það eru margar hendur sem vinna þetta verk og þarna er mikið af góðu fólki, breitt stjórndateymi og sterk framkvæmdastjórn,“ útskýrir hún hæversklega.



AÐSTOÐARFORSTJÓRI Svafa ferðast mikið vegna vinnu sinnar og hefur lítinn tíma fyrir áhugamál. Hún leyfir sér þó þá skemmtun að kenna nokkra áfanga í stjórnun í Háskóla Íslands auk þess sem hún skrifar bækur um borð í flugvélum.

Nokkuð óvenjulegt er að konur komist í svo háar stöður innan stórra fyrirtækja. Svafa segist þó lítið finna fyrir því að hún sé kona. „Maður vinnur bara vinnuna sína og uppsker eins og maður sáir. Maður þarf samt að vera tilbúinn til að vinna mikið og ekkert af þessu kemur af sjálfu sér,“ segir Svafa, sem finnst það eina neikvæða við starfið vera að erfitt reynist að samræma það heimilislífina enda á hún tvö börn, þriggja og ellefu ára. „Þessi þriggja

ára þekkir ekkert annað og heldur að þetta eigi bara að vera svona,“ segir hún hlæjandi og bætir við að börnin hafi mikla aðlögunarhæfni. „Ég held að þetta sé erfiðara fyrir mig en hana,“ segir hún hugs.

Tíminn fyrir áhugamál er takmarkaður hjá Svöfu. „En ég fæ að kenna nokkra áfanga í stjórnun í Háskóla Íslands. Það er eiginlega áhugamálið mitt og það sem mér finnst langskemmtilegast að gera,“ segir Svafa og bætir við að líklega sé þetta hálfgerð eigin

ingirni í sér. „Þegar maður er að kenna er maður alltaf að læra eitthvað nýtt. Maður fær nýjar hugmyndir, þarf að lesa og fylgjast með og getur ekki leift sér að gleyma sér í hversdagsleikanum,“ bendir Svafa á en hún hefur einnig fengist við að skrifa bækur og á næstunni kemur út kennslubók um stjórnun í Bandaríkjunum sem hún skrifaði með bandarískum prófessor. „Ég skrifa í flugvélum á nóttunni,“ segir hin upptekna Svafa og er rokin á næsta fund.

## FYRSTA STARFIÐ: HJÁLMAR ÁRNASON ÞINGMAÐUR

# Bruggaði bjór í Færeyjum

„Fyrsta alvörustarf mitt var í Færeyjum þar sem ég var alltaf á sumrin. Þar vann ég hjá ættarfyrrtækinu, hinum merka Föroyjabjór, sem langafi minn stofnaði,“ segir Hjálmar Árnason þingmaður, sem eyddi sínu fyrsta af sex sumrum í Færeyjum aðeins átta ára gamall.

„Ég vann þar inni í ölgerðinni með gömlum færeyskum skútuskipstjóra sem kenndi mér færeysku. Við drukkuð mikið, hann pilsner og ég Jolly cola,“ segir Hjálmar, sem jafnframt var háseti á ölbátnum sem sigldi milli eyjanna. „Það voru mín fyrstu afskipti af sjómennsku og fékk ég einhver barnalaun fyrir þetta og mikla ánægju og reynslu.“

„Þegar ég var þrettán ára gamall fór ég á sjó á færeyskum bát í eigu

frænda míns. Við vorum tíu um borð og vorum á útilegu í níu vikur norður af Íslandi,“ segir Hjálmar, sem var yngstur um borð og eini útlendingurinn.

„Þá var talinn aflinn í lok dags og menn fengu borgað eftir því,“ segir Hjálmar, sem telur að það hafi haft slæm áhrif á mórallinn enda aflaði hann meira en tveir aðrir sér eldri sjómenn. „Ég er viss um það að þeir hata mig enn í dag,“ segir Hjálmar hlæjandi en hann langar mikið að skrifa sögu um reynslu sína um borð enda var þetta mikil lífsreynsla þar sem hann fékk að líta þverskurð af mannlífni.

Á þessum tíma voru margir færeyskir bátar á veiðum við Ísland og fóru þeir alltaf inn um helgar, ýmist til Siglufjarðar eða Grimseyjar, því aldreir var



veitt á sunnudögum. „Þar drakk ég kaffi um borð í kúttur Sigurfara sem nú er uppi á Akranesi,“ segir

Hjálmar kíminn og liggur við að honum líði eins og hann sé fæddur á þar-síðustu öld.

**LEGSTEINAR**  
S. HELGASON  
Skemmuvegi 48  
S: 557 6677  
www.steinsmidjan.is

Ríður Guðmundsson, Sigrður Árnason, Gísli Árnason  
**Þegar andlát ber að**  
Stöðustíðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.  
Allhliða útfararþjónusta  
Símar: 567 9110,  
893 8638 og 897 3020  
Útfararþjónustan ehf.  
Stofnab 1990

**Útför okkar ástkæru Sigríðar Jóhannu Bjarnadóttur** frá Ögurnesi við Ísafjarðardjúp, fyrrum húsfreyja á Hvilft í Önundarfirði, fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 14. október kl. 11.

Einar Þór, Birna, Bergljót, Finnur Magnús, María, Halldóra Valgerður og Sigurlaug Gunnlaugsbörn. Gunnlaugur Finnsson, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



SONY®

# Allt þetta

## í einum pakka

KLVS32A10  
SONY 32" LCD SJÓNVARP

- 32" LCD sjónvarp
- 1366x768 pixel Upplausn
- Contrast 1000:1
- Birta 500 cd/m<sup>2</sup>
- Borðstandur (hægt að snúa)
- High Definition Ready

**219.950 krónur**



Skýrari mynd en þú átt að venjast  
...og aðeins 1 fjarstýring fyrir öll tækin.



HTSS60  
SONY HEIMABIÓ

- Útvarpsmagnari 600W RMS
- S-Master Digital magnari
- Dolby Digital, DTS, Dolby Pro Logic II
- 5 hátalarar + Bassahátalari

**49.950 krónur**

DVP-NS360  
SONY DVD SPILARI

- Spilar R-1, R-2 (sjónvarp þarf að styðja NTSC)
- Spilar  
CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/MP3/JPEG  
DVD-R/DVD+R/DVD-RW/DVD+RW
- Dolby Digital DTS

**12.950 krónur**

**Heildarpakkinn!**  
**18.329 kr.**  
á mánuði\* í 12 mánuði  
eða 219.950 krónur staðgreitt.

Listaverð 382.850 krónur

like.no.other™

Sony Center Kringlunni  
588-7669 / 588-SONY  
www.sonycenter.is

# Sony Center

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.554 +0,70% Fjöldi viðskipta: 239  
Velta: 3.318 milljónir

## MESTA HÆKKUN

↑ Flaga +7,97%  
Tryggingamiðst. +3,00%  
Actavis +2,45%

## MESTA LÆKKUN

↓ Mosaic Fashions -1,34%  
Straumur-Burðarás -0,77%  
SÍF -0,66%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,90 +2,50% ...  
Bakkavör 42,50 +0,20% ... FL Group 14,30 +1,40% ... Flaga 3,25  
+8,00% ... HB Grandi 9,35 +0,00% ... Íslandsbanki 14,75  
+0,00% ... Jarðboranir 22,00 +0,50% ... KB banki 595,00  
+0,90% ... Kögun 54,50 +1,10% ... Landsbankinn 21,40 +0,90%  
... Marel 63,80 +0,00% ... SÍF 4,52 -0,60% ... Straumur 12,90 -  
0,80% ... Össur 88,00 +2,30%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Skattbyrði á Íslandi yfir OECD-meðaltali

Skattbyrði á Íslandi sem hlutfall af landsframleiðslu hefur hækkað um þrjú prósentustig frá árinu 2002 eftir því sem fram kemur í vefriti fjármálaráðuneytisins. Í vefritinu segir að OECD hafi nýlega birt tölur um skattbyrði hins opinbera, jafnt ríkissjóðs og sveitarfélaga, og hafi hlutfallið á Íslandi fyrir árið 2004 verið 41,9 prósent af landsframleiðslu. Meðaltal OECD-ríkjanna sé hins vegar 40,2 prósent af landsframleiðslu.

Á hinum Norðurlöndunum var hlutfallið mun hærra eða 47,4 prósent af landsframleiðslu. Í vefritinu segir að með þeim skattalækkunum sem koma til framkvæmda árin 2005 til 2007 megi gera ráð fyrir því að hlutfall skatteigna hins opinbera lækki í 37,3 prósent af landsframleiðslu árið 2007.

Ef miðað væri við nýjar tölur Hag-



ÁRNI M. MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐGJAFI Í vefriti fjármálaráðuneytisins kemur fram að skattbyrði hér á landi sem hlutfall af landsframleiðslu sé yfir OECD-meðaltali.

stofu Íslands um landsframleiðslu um 1,7 prósentustig eftir því sem fram myndi hlutfallið fyrir árið 2004 lækka kemur í vefriti ráðuneytisins. - hb

# Leigðu DVD



OPID TIL  
22:00  
ALLA DAGA  
Í BT SKEIFUNNI

• 1.999

BT...  
...konungleg  
skemmtun



Kingdom Of Heaven  
Mögnuð epísk stórmynd  
frá leikstjóra Gladiator

## Komin á DVD

í verslanir BT um land allt




Himneskar verslanir

## Minni hækk- anir úti á landi

Greiningardeild Íslandsbanka segir að íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hafi hækkað töluvert meira en fasteignaverð á landsbyggðinni eftir að breytingar urðu á húsnæðislanamarkaði fyrir rúmu ári.

Einbýli á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um helming á einu ári en um 35 prósent í fjölbýli. Fasteignaverð á landsbyggðinni hefur aftur á móti hækkað um 19 prósent.

Tölur sýna að íbúðaverð á landsbyggðinni hækkar nú meira en á höfuðborgarsvæðinu, enda sér fólk sér hag í því að búa úti landi eftir mun meiri hækkanir á íbúðaverði á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni. - eþa



STEVE JOBS, FORSTJÓRI APPLE Uppgjör Apple var það besta í sögu félagsins en samt ekki nógu gott.

## Gott en ekki nógu gott

Hlutabréf í Apple lækkuðu um tíu af hundruði eftir að fyrirtækið birti uppgjör þrátt fyrir að afkoma þess á síðasta ársfjórðungi hafi verið sú besta í sögunni. Tekjur félagsins hafa heldur aldrei verið meiri. Mikil sala á tölvum og iPod dugði þó ekki til þar sem að búist hafði verið við meiri sölu.

„Við fögnum besta árangri í sögu Apple með því að auka tekjur okkar um 68 prósent á milli ára og hagnað um 384 prósent,“ segir Steve Jobs, forstjóri Apple.

Hagnaður Apple nam 340 milljónum dala eða um tuttugu milljörðum króna á fjórðungnum. - eþa

## Stofngjald felt niður

Þeir sem sækja um að fá heimasíma á vef Símans þurfa ekki að greiða neitt stofngjald. Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir að með þessu sé verið að hvetja fólk til að afgreiða sig sjálft á vefnum. Ef ekki sé farin þessi leið þurfi viðskiptavinir að greiða 2.900 krónur í stofngjald.

Margir muna eftir því að það kostaði rétt undir tíu þúsund krónur að fá heimasíma hjá Landssíma Íslands fyrir nokkrum árum. Ef flytja þurfti símann annað varð réttthafi að greiða svipaða upphæð fyrir, nema ef það var gert innan hálfis árs. Þá var veittur ríflegur afsláttur.

Eva segir samkeppnisumhverfi símafyrirtækja mikið breytt frá því sem var. - bg

# Leiddu stóran samruna

Íslandsbanki ráðgjafi við sölu tedeildar Premier Foods. Tímamóta-samningur í íslenskri bankasögu.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka í London var aðalráðgjafi breska matvælaframleiðandans Premier Foods sem seldi Typhoo, tedeildina sína, til Apeejay International Tea Limited fyrir 8,6 milljarða króna.

Þetta mun vera í fyrsta skipti sem íslenskur banki hefur milli-göngu um sölu á fyrirtæki milli tveggja erlendra fyrirtækja án þess að tengjast fjármögnun

verkefnisins.

Tim Owen, yfirmaður hjá Íslandsbanka í London, segir að það leiki ekki nokkur vafi á því að þetta gefi bankanum mikil tækifæri til að fást við stærri og metnaðarfullri verkefni. „Typhoo er eitt af þekktustu vörumerkum Bretlandseyja og það voru tíu aðrir bankar sem bitust um við okkur að fá ráðgjöfina.“

Verkefnið sjálft stóð í tæpt hálft ár og fólst í því að kynna Typhoo fyrir fjárfestum og miðla gögnum og upplýsingum til þeirra og finna rétta kaupandann. „Þetta var flókinn ferill, ekki einungis vegna þess að Typhoo var hluti af drykkjarframleiðsludeild, sem Premier Foods vildi halda eftir,

heldur var þetta líka í fyrsta skipti sem Premier Foods lætur frá sér framleiðsluhluta en fyrirtækið hefur stækkað jafnt og þétt við kaup á öðrum fyrirtækjum,“ segir Tim Owen ennfremur.

Hjá tedeildinni starfa um 250 manns og velti hún um 7,4 milljörðum króna á síðasta ári. Rekstrarhagnaður var 1,2 milljarðar króna.

Íslandsbanki í London hefur verið að byggja upp ráðgjafarteymi sem sérhæfir sig í ráðgjöf til matvælafyrirtækja og á sviði sjávarútvegs. Fyrir skömmu fjármagnaði bankinn yfirtöku kanadíska sjávarútvegfélagsins FPI á The Seafood Company Limited.

- eþa



TYPHOO-TEPOLI Íslandsbanki veitti Premier Foods ráðgjöf við sölu Typhoo, tedeildar fyrirtækisins. Fyrirtækið kostaði nærri níu milljarða.



HLUTABRÉFAEIGENDUR Nú verða börn og makar tengdir aðilar verði frumvarpið samþykkt.

## Barnið skyldur aðili

Þingmenn vilja breyta lögum um verðbréfavíðskipti.

Sex þingmenn úr öllum flokkum vilja að í lögum um verðbréfavíðskipti verði tekið skýrt fram að einstaklingur teljist skyldur öðrum einstaklingi ef hann er maki hans eða barn. Einnig að lögaðilar teljist skyldir ef annar á að minnsta kosti 30 prósent hlutafjár í hinum.

Frumvarp þessa efnis var lagt fram á Alþingi í gær og standa að því þingmenn úr öllum flokkum. Flutningsmaður er Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Í greinargerð segir að á síðustu árum hefur komið í ljós að reglur laganna um yfirtökutilboð geta misst marks sökum þess að eignarhaldið dreifist á tvo eða fleiri einstaklinga og lögaðila sem tengdir eru innbyrðis. Hægt hafi verið að nýta sér orðalag núgildandi reglna og koma sér hjá yfirtökutilboðsskyldu með því að skipta eignarhaldi niður á fleiri aðila. Telja þingmennirnir að við þessu verði að bregðast. Með frumvarpinu sé lagt til að eignarhald skyldra aðila verði lagt að jöfnu í skilningi yfirtökureglna. Með því móti er komið í veg fyrir að stærri hluthafar víki sér undan þeim skyldum sem yfirtökureglur laganna leggi þeim á herðar. - bg

## Basel í sjónmáli

Evrópuþingið hefur nú afgreitt tillögur um lögleiðingu Basel II staðalsins um eigið fé fjármála-fyrirtækja. Helgi Þórsson hjá Fjármálaeftirlitinu segir að þaðan fari málið til leiðtogaáráðs Evrópusambandsins. Heilmiklar breytingartillögur hafi verið teknar til greina. Reynt verði að afreiða málið fljótt frá leiðtogaáráðinu. Gangi það eftir hlýtur staðallinn staðfestingu ESB sem tilskipun og þá eigi eftir að taka hann inn í EES-samninginn.


Helgi segir að Basel II staðallinn eigi að taka gildi um áramótin 2006-2007. Ekki sé hægt að fullyrða hvort ákvæðin í þessum nýju reglum séu íþyngjandi fyrir fjármálafyrirtækin. Í einhverjum tilvikum sé það þannig en einnig muni það létta eiginfjárvöðuna í öðrum tilvikum.

- bg

www.lin.is

# G-lán

## Ný kjör 2005-2006



Lán sem LÍN veitir frá og með skólaárinu 2005-2006 eru á nýjum kjörum, svokölluð G-lán. Allir umsækjendur um námslán verða því að skila nýju skuldabréfi og/eða skuldbreytingarbréfi til sjóðsins áður en til útborgunar kemur.

**ath!**

Lokafrestur til að sækja um skuldbreytingu er til **1. nóvember 2005**.

Lánþegar sem skulda R-lán, þ.e. lán frá árunum 1992-2004, eiga rétt á skuldbreytingu. Með henni er líklegt að þeir geti létt árlega greiðslubyrði sína.

LÍN hvetur lánþega til að kynna sér nýju lánskjörin á vef sjóðsins [www.lin.is](http://www.lin.is). Þar er auðvelt og þægilegt að sækja um breytinguna. Á vefnum má einnig nálgast upplýsingar um núverandi skuldastöðu og ábyrgðarmenn.

# LÍN

Lánasjóður íslenskra námsmanna | Borgartúni 21 | Reykjavík | [www.lin.is](http://www.lin.is) | [lin@lin.is](mailto:lin@lin.is)



### Heyrst hefur...

... að Guðjón Þórðason muni styrkja lið Notts county á næstu dögum með lánsmönnum. Notts byrjaði tímabilið með látum en síðan hefur lítið gengið hjá liðinu þannig að ekki veitir af styrkingu.

# sport

sport@frettabladid.is

## ÚRSLIT GÆRKVÖLDSINS

### Iceland Express-deild karla:

FJÖLNIR-KR	75-85
<b>Stig Fjölnis:</b>	Nemanja Sovic 23, Marvin Valdimarsson 18, Matthew Williams 13
<b>Stig KR:</b>	Niels Dungal 22, Ashley Champion 21, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 18.
ÍR-KEFLAVÍK	81-98
<b>Stig ÍR:</b>	Theo Dixon 23, Ales Zivanovic 20, Eiríkur Ónundarson 15, Ómar Sævarsson 14, Ólafur Sigurðsson 5, Fannar Helgason 4.
<b>Stig Keflavíkur:</b>	A. J. Moya 31, Magnús Gunnarsson 14, Arnar Freyr Jónsson 12, Jón Nardal Hafsteinsson 11, Sverrir Þór Sverrisson 9, Elentínus Margeirsson 8, Davíð Jónsson 4, Halldór Halldórsson 4, Gunnar Einarsson 3, Þröstur Jóhannsson 2.
HÖTTUR-ÞÓR AK.	78-100
<b>Stig Hattar:</b>	Eugene Christopher 29, Viðar Hafsteinsson 17, Loftur Einarsson 11, Viggó Skúlason 10, Björgvin Karl Gunnarsson 9.
<b>Stig Þórs:</b>	Magnús Helgason 31, Helgi Freyr Margeirsson 17, Óðin Ásgeirsson 10.
GRINDAVÍK-HAUKAR	103-73
<b>Stig Grindavíkur:</b>	Hjörtur Harðarson 25, Damon Bailey 22, Páll Axel Vilbergsson 21, Guðlaugur Eyjólfsson 18, Helgi Jónas Guðfinnsson 7, Páll Kristinsson 6, Björn Steinar Brynjólfsson 2, Davíð Páll Hermannsson 2.

GUÐMUNDUR VIÐAR METE OG ZLATAN IBRAHIMOVIC ERU ÆSKUVINIR: HALDA GÓÐU SAMBANDI

## Ég er betri en Zlatan í Playstation

„Allir Svíar hafa skoðun á Zlatan. Sumir hata hann en aðrir elska hann,” sagði Guðmundur Viðar Mete, leikmaður Keflavíkur og einn bestu vinur Zlatan Ibrahimovic stærstu íþróttastjörnu Svía. Guðmundur Viðar var staddur á Räsunda-leikvanginum í Stokkhólmi og fylgdist með vini sínum fara illa með íslenska landsliðið á miðvikudagskvöld. Eftir leik hélt Guðmundur Viðar með Zlatan til Tóríno en Zlatan er eins og kunnugt er leikmaður Juventus.

Þeir félagar kynntust ellefu ára gamlir í barnaliði Malmö FF. Báðir eiga það sameiginlegt að alast upp í Svíþjóð en vera af erlendu bergi brotnir. Foreldrar Zlatans eru frá fyrrum Júgóslavíu og ólu Zlatan upp sem knattspyrnumann.

„Ég held að það sé best að lýsa

honom með því að segja að hann sé góður drengur og mikill vinur vina sinna. Hann átti erfitt þegar hann var yngri og ólst ekki með silfurskeið í munnni. Hann hefur þurft fyrir því lífi sem hann á sér nú. Fótbolti á hug hans allan, hann ætlar sér að verða sá besti í heiminum.“

„Það kemur kannski fólk

á óvart að öll þessi frægð og athygli hefur ekkert breytt honum. Auðvitað hefur hann mikla trú á sjálfum sér sem stundum hljómar eins og hroki en þetta viðhorf þarf til að ná jafn langt og hann hefur náð.

En þótt hann sé góður í fótbolta erum við svipaðir í Playstation-tölvunni eða ég aðeins betri, að minnsta kosti í Pro Evaluation Soccer,” sagði Guðmundur hlajandi en í þeim ágæta tölvuleik er Zlatan ein aðalhetjan.



### > Við hrósum...

... forystumönnum í handknattleiksdeild ÍR sem hafa unnið þrekvirkri við að halda gangandi eftir mikil afföll í sumar. Þeir uppskaru síðan ríkulega í gær þegar einn leikmanna félagsins var valinn í íslenska landsliðið.



### > Við hrósum...

... klyfingnum Heiðari Davíð Bragasoni sem er að gera verulega góða hluti á úrtökumótum fyrir sænsku mótaröðina en hann er efstur í mótinu eftir fyrstu tvo hringina en Heiðar er að leika mjög jafnt golf og vonandi nær hann að halda sama dampi.

### > Við hrósum...

... klyfingnum Heiðari Davíð Bragasoni sem er að gera verulega góða hluti á úrtökumótum fyrir sænsku mótaröðina en hann er efstur í mótinu eftir fyrstu tvo hringina en Heiðar er að leika mjög jafnt golf og vonandi nær hann að halda sama dampi.

### > Við hrósum...

... klyfingnum Heiðari Davíð Bragasoni sem er að gera verulega góða hluti á úrtökumótum fyrir sænsku mótaröðina en hann er efstur í mótinu eftir fyrstu tvo hringina en Heiðar er að leika mjög jafnt golf og vonandi nær hann að halda sama dampi.

### > Við hrósum...

... klyfingnum Heiðari Davíð Bragasoni sem er að gera verulega góða hluti á úrtökumótum fyrir sænsku mótaröðina en hann er efstur í mótinu eftir fyrstu tvo hringina en Heiðar er að leika mjög jafnt golf og vonandi nær hann að halda sama dampi.

### > Við hrósum...

... klyfingnum Heiðari Davíð Bragasoni sem er að gera verulega góða hluti á úrtökumótum fyrir sænsku mótaröðina en hann er efstur í mótinu eftir fyrstu tvo hringina en Heiðar er að leika mjög jafnt golf og vonandi nær hann að halda sama dampi.

### > Við hrósum...

... klyfingnum Heiðari Davíð Bragasoni sem er að gera verulega góða hluti á úrtökumótum fyrir sænsku mótaröðina en hann er efstur í mótinu eftir fyrstu tvo hringina en Heiðar er að leika mjög jafnt golf og vonandi nær hann að halda sama dampi.

### > Við hrósum...

... klyfingnum Heiðari Davíð Bragasoni sem er að gera verulega góða hluti á úrtökumótum fyrir sænsku mótaröðina en hann er efstur í mótinu eftir fyrstu tvo hringina en Heiðar er að leika mjög jafnt golf og vonandi nær hann að halda sama dampi.

### > Við hrósum...

... klyfingnum Heiðari Davíð Bragasoni sem er að gera verulega góða hluti á úrtökumótum fyrir sænsku mótaröðina en hann er efstur í mótinu eftir fyrstu tvo hringina en Heiðar er að leika mjög jafnt golf og vonandi nær hann að halda sama dampi.

# KR réð betur við spennuna

Iceland Express-deildin hófst í gærkvöldi og léku Fjölnismenn á heimavelli við KR-inga sem höfðu betur, 85-75 í jöfnum leik.

„Það var mikil spenna búið að byggjast upp lengi hjá strákunum og ég vissi að þetta gæti orðið erfitt. Í seinni hálfleik tókst okkur að snúa spennunni upp í jákvæða orku sem skilaði okkur góðum útsigri í fyrsta leik,” sagði Herbert Arnarson, hjálfaari KR, í leiklok eftir að liði hans hafði tekist að leggja Fjölni að velli í fyrstu umferð Iceland Express-deildarinnar. Fjölnir byrjaði leikinn mun betur og náði þægilegri forystu í upphafi leiks. Svo virtist sem spennan væri að fara með KR-inga sem náðu sér engan veginn á strík í fyrri hálfleiknum og þá sérstaklega Ashley Champion sem skoraði aðeins fjögur stig í hálfleiknum.

Fjölnir missti þó tókin á leiknum eftir því sem á hann leið og tókst KR að minnka forskotið niður í átta



NEMANJA SOVIC Sovic var stigahæstur í liði Fjölnis.

stig fyrir hálfleik, og staðan 39-31 Fjölni í vil í hálfleik. En það var allt annað KR-lið sem kom til leiks í síðari hálfleik. Með mikilli baráttu og samtakamætti tókst KR að komast í fyrsta skipti yfir í leiknum, 60-59 og

svo virtist sem úthald Fjölnismanna væri ekki nógu gott. KR-ingar létu forystuna aldrei af hendi eftir þetta náðu og auk bilið með skynsömum leik. Sérstaklega var það Ashley Champion sem var atkvæðamikill í síðari hálfleiknum en í honum skoraði hann sautján stig. Niels Dungal átti stórleik í liði KR og skoraði 22 stig auk þess að láta mikið að sér kveða í varnarleiknum. Pálmi Sigurgeirsson kom næstur með átján stig.

Nemanja Sovic var stigahæstur í liði heimamanna með 23 stig en Marvin Valdimarsson var með átján stig. Greinilegt var á leik beggja liða að eftirvæntingum eftir byrjun tímabils var að trufla leikmenn, en KR-ingar náðu betri tókum á spennunni og unnu góðan sigur fyrir vikið. -mh

## Tími Ásgeirs og Loga er á enda!

UTAN VALLAR ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í KNATTSPYRNU



HENRY BIRGIR GUNNARSSON ÍPRÓTTAFRÉTTAMAÐUR

Það er komið að leiðarlokum hjá Ásgeiri Sigurvinnssyni og Loga Ólafssyni með íslenska landsliðið. Fyrri undankeppnin hjá þeim félögum lofaði góðu en hvorki hefur gengið né rekið í þeirri undankeppni sem nú var að ljúka.

Þjálfararnir hafa verið duglegir upp á síðkastið að benda á að landsliðið sé að ganga í gegnum kynslóðaskipti og hafa um leið látið að því liggja að það sé ástæðan fyrir þessum hörnulega árangri. Það er einfaldlega ekki rétt.

Það var ekki fyrr en liðið var endanlega búið að sturta öllum möguleikum sínum í riðlinum niður í klósettíð sem þjálfararnir ákváðu að gefa nýjum, ungum mönnum tækifæri. Margir vildu reyndar á þeim tímapunkti að skipt yrði um þjálfara sem myndi nýta síðustu leiki keppinnar til að byggja upp nýtt lið.

Þessi vörn þjálfaranna í lok móts er sorgleg og þeir blása ekki ryki í augu þeirra sem muna lengra en nokkra leiki aftur í tímann. Þá var varnarleikurinn hreinasta hörmung og þjálfararnir lifðu í afneitun. Sögðu að ekkert væri að varnarleiknum, neituðu að breyta úr sér gengnu skipulagi og prófa nýja menn. Það sem meira er þá töldu þeir unga menn, sem síðar hafa

sannað gildi sitt, ekki eiga erindi í landsliðið. Það er styttra en margur heldur síðan staðan var svona.

Árangurinn í undankeppni HM 2006 talar sínu máli og segir í raun allt sem segja þarf. 4 stig í 10 leikjum, Stigin fjögur komu gegn Möltu en allir hinir leikirnir í riðlinum töpuðust og sumir hverjir mjög illa enda fékk liðið á sig tæplega 3 mörk í leik í riðlakeppninni eða 27 í leikjunum 10. Þetta kallast að bíða afhroð. Þjálfarar eru dæmdir af verkum sínum og frammistaða landsliðsins í undankeppni HM var fyrir neðan allar hefur. Því á Eggert Magnússon aðeins eitt val að mínu mati - að skipta um þjálfara.



## AUGLÝSTU EFTIR STARFSFÓLKI Á RÉTTUM STAÐ

Þú nærð til rúmlega helmingi fleiri Íslendinga á aldrinum 20–40 ára með því að auglýsa í atvinnublaði Fréttablaðsins frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins.

60%

Fréttablaðið

37%

Mbl.

Lestur sunnudaga\*

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð inni í aðalblöðunum sem fjalla um atvinnumál. Rúmlega 60% 20–40 ára Íslendinga fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins. Láttu ekki fyrirtæki þitt verða af góðum starfsmanni með því að auglýsa á röngum stað.

allt - atvinna




\*20–40 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.



Upplýsingar gefur Pétur Ó. Stephensen sími 894-0040. Netfang: pos@itn.is

## Lausir tímar í Risanum

Bjóðum fyrirtækjum, félögum æfingar til leigu í Knattþúsínu Risanum í Kaplakrika. Lausir tímar á morgnana, hádegi og kvöldin. Topp fótbolta aðstæður.



Pro Plan fæðulínan sérsníðin fyrir hundinn þinn



Söluáðili: Gardheimar í Mjódd • Stekkjarbakka 6 109 Reykjavík • sími 540 3300 • www.grodur.is

# HOLE IN ONE LAGERSALA 40% - 80% AFSL

FRÁ FÖSTUDEGI TIL MÁNUDAGS  
**AÐEINS Í 4 DAGA**

**TILBOÐ SEM ALDREI  
HAFA SÉST ÁÐUR!**

- Fara golfskór **2.500.-** og **5.000.-**
- Golfpokar - **3.000.-** **4.000.-** og **5.000.-**
- Rafmagnskerrur á aðeins **10.000.-** (verð áður 29.900.-)
- Scanna Titanium golfkúlur 15 í pk. **1.000.-** (verð áður 2.280.-)
- Oryx golfsett aðeins **20.000.-** (verð áður 35.900.-)

**ALLT Á 40% - 80% AFSLÆTTI**

RÝMUM FYRIR NÝJUM OG SPENNANDI  
VÖRUM Í SPORTDEILDINNI

 **SPORT  
DEILDIN**



**Hole in One**  
GOLFVERSLUN

**Opnunartími:**

Mán - fös.....10 - 19  
Laugardaga.....10 - 16  
Sunnudaga.....12 - 16

# Ný leið í líkamsrækt fyrir konur

Getur þú séð af 30 mínútum prisvar í viku til að bæta heilsuna?



Fyrir konur á öllum aldri

- Sérhönnuð tæki fyrir konur
- Æfingakerfi sem hefur sannað sig
- Reglulegar mælingar
- Stuðningur og eftirfylgni
- Átakshópar
- Góður félagskapur, meira fjör

**Curves**

The power to amaze yourself.™

Yfir 9000 staðir víða um heim

Opnum  
17 október

Fyrstu 100 meðlimir fá

**66% afslátt**  
af þjónustugjaldi

Bæjarlind 12 - Sími 566 6161 - [curves@simnet.is](mailto:curves@simnet.is)

Sigurður Bjarnason þjálfari Stjörnunnar:

## Ótrúlegt að Roland skuli ekki vera í landsliðinu

**HANDBOLTI** Athygli vakti að ekkert pláss var fyrir Roland Val Eradze, markvörð Stjörnunnar, í landsliðshópi Viggó Sigurðssonar, landsliðsþjálfara í handbolta. Viggó var spurður á blaðamannafundi í gær af hverju hann hefði ekki valið Roland Val í landsliðshópinn og Viggó svaraði því að Roland Valur væri enn að ná sér af meiðslum og væri ekki í nógu góðu leikformi.

Sigurður Bjarnason, þjálfari Stjörnunnar, veit ekkert hvaðan Viggó hefur þær upplýsingar. „Roland er í góðu standi og ég er mjög ánægður með hann. Viggó hefur ekkert talað við mig. Eða jú, ég hitti hann í Austurberginu um daginn en þá var ekkert rætt um Roland.

Ég skil ekki að það skuli ekki vera pláss fyrir jafn reyndan og góðan markvörð. Í raun og veru er þetta alveg ótrúlegt. Ég get fullvissað menn um að Roland er í mjög góðu formi, hann æfir



SIGURÐUR BJARNASON Skilur illa vinnuaðferðir Viggós Sigurðssonar.

mjög vel og sýnir öllu því sem við gerum hérna í Stjörninni mikinn áhuga. En ég ræð engu í landsliðinu svo það þýðir ekkert að væla,“ sagði Sigurður Bjarnason, þjálfari Stjörnunnar, svektur fyrir hönd Rolands en skömmu áður en samtalið átti sér stað hafði Sigurður verið með Roland á hádegisæfingu. - hjó

Viggó Sigurðsson valdi hópinn fyrir Póllandsferðina:

## Viggó valdi þjá nýliða í hópinn

**HANDBOLTI** Viggó Sigurðsson, þjálfari íslenska landsliðsins í handbolta, tilkynnti í gær um leikmannahópinn sem fer í æfingafarð til Magdeburg í Þýskalandi og síðan strax í kjölfarið á æfingamót til Póllands. Þrír nýliðar eru í hópnum - Sigurður Eggertsson, Gísli Guðmundsson og Ernir Arnarsson. Eftir því var tekið að ekkert pláss var fyrir Arnór Atlason og Ásgeir Örn Hallgrímsson að þessu sinni en Viggó sagði þá ekki vera í nægilega góðri leikæfingu.

Viggó Sigurðsson neitaði Fréttablaðinu um viðtal eftir fundinn.

Hópurinn: Gísli Guðmundsson ÍR, Birkir Ívar Guðmundsson Haukum, Hreiðar Guðmundsson KA, Vignir Svavarsson Skjern, Sigfús Sigurðsson Magdeburg, Markús Máni Michaelsson Dusseldorf, Guðjón Valur Sigurðsson Gummersbach, Snorri Steinn Guðjónsson Minden, Ólafur Stefánsson Ciudad Real, Einar Hólmgeirsson Grosswallstadt, Þórir Ólafsson Lubecke, Aleksander Petersons Grosswallstadt, Jaliéska Garcia Göppingen, Róbert Gunnarsson Gummersbach, Ernir Arnarsson Aftureldingu, Sigurður Eggertsson Val. - mh

# Grillaður kjúklingur og Coca-Cola 2l



**899**kr

Gildir einnig með 2L Coke Light

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

Skemmtilegast að versla

**KOMIN Á HM 2006**

**Evrópa:**

- ÞÝSKALAND
- ÚKRAÍNA
- KRÓATÍA
- ENGLAND
- FRANKLAND
- HOLLAND
- ÍTALÍA
- PÓLAND
- PORTÚGAL
- SERBÍA
- SVÍÞJÓÐ
- ÚKRAÍNA

Þrjú sæti eru enn laus frá Evrópu á HM. Í hádeginu verður dregið um hvaða lið mæstast. Dregið verður úr tveimur pottum, Tékkland, Spánn og Tyrkland verða í öðrum pottinum og þau geta mætt Noregi, Slóvakíu eða Sviss.

**Suður-Ameríka**

- ARGENTÍNA
- BRASÍLÍA
- EKVADOR
- PARAGVÆ

Úrúgvæ mætir Ástralíu í úrslitakeppni um laust sæti á HM.

**Asía**

- JAPAN
- ÍRAN
- SÁDI-ARABÍA
- SUÐUR-KÓREA

Barein mætir Trínidad og Tóbagó í úrslitakeppni um laust sæti á HM.

**Norður- og Mið-Ameríka**

- KOSTA RÍKA
- MEXÍKÓ
- BANDARÍKIN

Trínidad og Tóbagó mætir Barein í úrslitakeppni um laust sæti á HM.

**Afríka**

- ANGÓLA
- GANA
- FÍLABEINSSTRÖNDIN
- TÓGÓ
- TÚNIS



RAFNI ANDRI HARALDSSON Þessi stórefnilegi strákur er á leið til Þýskalands. Ungur Þróttari á leið út:

**Rafni boðið til Hamborg**

**FÓTBOLTI** Rafn Andri Haraldsson, leikmaður þriðja flokks Þróttar Reykjavík, mun fara til Hamborg seinni partinn í mánuðinum en þýska stórliðið bauð honum að koma til æfinga hjá félaginu eftir að útsendari liðsins sá hann leika með U-17 ára liði Íslands á móti í Andorra.

Ólafur Gardarsson, umboðsmaður Rafns, segir skoska liðið Hearts einnig hafa sýnt honum áhuga en Rafn mun þó fara fyrst til Hamborgar. „Rafn stóð sig virkilega vel með landsliðinu og Hamborg ákvað í kjölfarið að skoða hann nánar og bauð honum út til æfinga.“ - mh

Sex leikmenn Real Madrid gætu orðið leikmenn ársins hjá alþjóða knattspyrnusambandinu, FIFA:

**Hver verður valinn besti leikmaður heims?**

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney, Frank Lampard, Steven Gerrard og David Beckham eru allir á listanum sem FIFA gaf út í gær yfir þá leikmenn sem munu berjast um það að verða valdir knattspyrnumenn ársins af landsliðsþjálfurum og fyrirliðum landsliða í heiminum en tilkynnt verður um valið þann 19. desember en sigur í þessi kjöri telst mesti heiður sem knattspyrnumanni getur hlotnast á ferlinum.

Það kom nokkuð á óvart að David Beckham var á listanum en frammistaða hans að undanförunu hjá Real Madrid er sögð hafa hjálpað honum inn á listann en hann hefur leikið einstaklega vel

í síðustu leikjum í spænsku deildarkeppninni.

Steven Gerrard fór fyrir liði Liverpool í meistaradeild Evrópu á síðustu leiktíð og var óumdeillega mikilvægasti leikmaður liðsins sem varð Evrópumeistari í vor, en hann þykir líklegastur ensku leikmannanna til þess að verða efstur í kjörinu en hann var valinn verðmætasti leikmaður meistaradeildarinnar.

Spænska stórliðið Real Madrid er með fimm menn á listanum en auk Beckhams eru Zinedine Zidane, Roberto Carlos, Ronaldo, Robinho og Raúl Gonzalez á listanum.

Eins og venjulega er mikill

meirihluti leikmanna á listanum sóknarmenn og miðjumenn en einungis einn markvörður er á listanum en það er Gianluigi Buffon, markvörður Juventus, sem hefur þótt vera besti markvörður heims síðustu ár.

Það kemur töluvert á óvart að John Terry, fyrirliði Chelsea, er ekki á listanum en hann átti stórkostlegt tímabil með Chelsea og er án nokkurs vafa einn sterkasti varnarmaður heims. - mh

**RONALDINHO** Ronaldinho var kosinn leikmaður ársins á síðasta ári og þykir hann líklegastur til þess að verða efstur í kjörinu fyrir þetta ár einnig.



**Tilboðsbækur mánaðarins 30% afsláttur**

**Óbærileg lífsreynsla**

Thelma og systur hennar fjórar ólust upp í Hafnarfirði á sjöunda og áttunda áratug aldarinnar sem leið. Hér segir Gerður Kristný sögu Thelmu á áhrifaríkan og yfirvegaðan hátt. Þetta er sönn saga barns sem var rænt sakleysinu á hræðilegri hátt en hægt er að hugsa sér. En hún er jafnframt saga konu sem tókst á við óbærilega reynslu og stóð uppi sem sigurvegari.




Thelma og Gerður Kristný

„Vel skrifuð bók um málefni sem verður að svipta hulunni af, fyrst og fremst barnanna vegna.“


- Þórhildur Lindal lögfræðingur og fyrrverandi Umboðsmaður barna.

**Tilboðsverð 3.280 kr.**  
Fullt verð 4.690 kr.

**3. sæti**  
Allar bækur  
Penninn Eymundsson og Bókabúir MM 5. – 11. okt.



★★★★ Jakob Bjarnar, DV



**1. sæti**  
Barnabækur  
Penninn Eymundsson og Bókabúir MM 5. – 11. okt.

**Tilboðsverð 2.090 kr.**  
Fullt verð 2.990 kr.

**Forn og frægt kvæði**

Í **Völuspá** segir völva frá því hvernig heimurinn var skapaður, og síðan norrænu goðin og fyrstu mennirnir. Hér gera Þórarinn Eldjárn og Kristín Ragna Gunnarsdóttir þetta forna og fræga kvæði aðgengilegt fyrir börn á öllum aldri í leikandi vísum og litríkum myndum.



Þó barðist einn alevg trylltur, hann sleppir sér alltaf við slíkar fráttir. Svíknir voru eiðar, orð og sættir, allt það helsta sem um var samið.

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

OKTÓBER	
11	12 13 14 15 16 17
<b>Föstudagur</b>	
<b>LEIKIR</b>	
19.15	Fylkir og Valur eigast við í DHL-deild karla í handbolta í Fylkishúsinu.
20.00	HK og Þór mæstast í DHL-deild karla í handbolta í íþróttahúsinu í Digralesi.
<b>SJÓNVARP</b>	
07.00	Olíssport á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til klukkan 09.00 og svo aftur klukkan 18.00.
13.00	Upphitun á Skjá einum.
13.30	Gillette-sportpakkinn á Sýn.
19.30	NFL-tilpríf á Sýn.
20.00	Motorworld á Sýn.
20.30	Meistaradeild Evrópu á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeildinni.
21.00	Sloppið naumlega á Sýn.
22.20	NBA-bestu leikimír á Sýn.

# DV

**Horfði á Birgittu deyja og gerði ekkert**

*Birgitta gefur loks hvílt í friði*

**EIÐUR Á LEIÐ Í FANGELSI**

*Þeir þegar aðrir þegja!*

## STUÐ MILLI STRÍÐA BA próf hið síðara

SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR BREYTIR ÚT AFVANANUM



Ég hófst fyrir nokkrum mánuðum handa við verkefni sem ekki sér fyrir endann á. Að breyta mér úr B-manneskju í A-manneskju. Ég hef alltaf haldið að ég yrði ekkert annað en B-manneskja, vekti fram eftir og færi seint að sofa. Kvöldin væru minn tími, morgnarnir ekki. Ég kalla þetta verkefni BA-próf hið síðara, það fyrra var tekið í sagnfræði fyrir löngu. Nú mæti ég í vinnu um áttalettið. Ég vakna klukkan sjö. Og ég ætti að fara sofa vel fyrir miðnætti. Reyndar er ég í smá millibilsástandi núna, ég fer stundum ekki að sofa fyrr en seint og um síðir, og geld fyrir það með því að vera mjög þreytt morguninn eftir. Mjög þreytt.

Einu sinni réð ég mjög vel við að fara seint að sofa þó ég þyrfti að vakna til vinnu morguninn eftir. Ég náði nefnilega að greiða svefn-skuldina um helgar þegar ég svaf til hádegis og hvíldi mig vel. En litla lifandi vekjaraklukkan sem kom í heiminn í desemberlok sér um að vekja mig snemma um helgar, rétt eins og alla aðra daga vikunnar. Og það er þessi litla vekjaraklukka sem er orsök þess að ég hef tekið mér fyrir hendur áðurnefnt verk, að breyta mér úr B-manneskju í A-manneskju. Það er ekkert gaman að vera eins og draugur á morgnana þegar litli prinsinn vaknar ferskur eftir nætursvefninn og vill fara að leika sér.

Þetta hefur ekki gengið þrautlaust fyrir sig. Ég á erfitt með að breyta út af þeim gamla vana að gaufast fram eftir kvöldi yfir smálegum verkum sem svo sannarlega geta beðið betri tíma. En æ oftar er ég komin upp í rúm vel fyrir miðnætti og vakna hress árla morguns. Málshátturinn margnotaði morgun-stund gefur gull í mund er hættur að þýða að ég hef breytt um stíl. En ef ég sef út þá er ég kannski forfallin B-manneskja eftir allt saman.

**SÁ BESTI Í BRANSANUM ER MÆTTUR AFTUR!**

**FRUMSYND**

**14/10/05**

FÖR BEINT Á TOPPINN Í USA

**TRANSPORTER 2**

**SENDU SMS SKEYTIÐ JA FBT Á NÚMERIÐ 1900! ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA Á MYNDINA FYRIR TVO! DVD MYNDIR COKE OG MARGT FLEIRA!**

**11. HVER VINNUR!**

VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND, KÓPAVOGI, 99KR SMSIÐ. MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

## myndasögur

### pondus

Eftir Frode Overli



### gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### Pú og pa

Eftir SÖB



### kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### barnalán

Eftir Kirkman/Scott



### Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

8	1	2	9	6	3	5	7	4
3	7	9	5	2	4	8	1	6
4	5	6	1	8	7	2	3	9
1	2	8	6	4	9	7	5	3
9	6	3	8	7	5	4	2	1
7	4	5	3	1	2	6	9	8
5	3	7	4	9	8	1	6	2
6	9	4	2	5	1	3	8	7
2	8	1	7	3	6	9	4	5

1			3		4	2		
4	9			8		3		
7	3		9				5	4
				4	3			8
6		1				4		9
2			8	9				
9	6				1		8	2
		5		2			6	7
		7	5	9				3





# ORMSSON

Skrifstofu- og hljómtækjudeild Ormsson er flutt í **Síðumúla 9**

**SÍÐUMÚLI 9 SMÁRALIND**  
SÍMI 530 2800 SÍMI 530 2900

## BROT AF ÞVÍ BESTA!



### PIONEER PDP-436XDE/FDE PLASMA SKJÁR

- Skjá stærð 109 cm (43 tommu). Skjáhlutfall 16:9
- Upplausn 1024 x 768 punktar
- HD ready/2 X HDMI
- Pureblack/Pure drive 2HD
- Contrast 3.000:1
- Þyngd 25,8 kg

**Verð frá kr.: 399.900,-**



### PIONEER PDP-506XDE/FDE PLASMASKJÁR

- Skjá stærð 127 cm (50 tommu) Skjáhlutfall 16:9
- Upplausn 1280 x 768 punktar
- HD Ready/2x HDMI
- Pureblack/Pure drive 2HD
- Contrast 4.000:1
- Þyngd 31,8 kg

**Verð frá kr.: 499.900,-**



### PIONEER DCS-232 HEIMABIÓKERFI

- Magnari 360 W (5x60 W) RMS
- 60 W Bassabox/Dolby Digital/DTS, MP3, JPEG og DivX
- FM útvarp með 30 stöðva minni og RDS

**Verð kr.: 33.900,-**



### PIONEER DCS-333 HEIMABIÓKERFI

- Magnari 6x100 W RMS
- 100 W Bassabox/Dolby Digital/DTS, MP3, JPEG og DivX
- FM útvarp með 30 stöðva minni og RDS

**Verð kr.: 49.900,-**



### PIONEER DCS 340 HEIMABIÓKERFI

- Magnari 5x100W RMS
- 100W Bassabox/Dolby Digital/DTS, MP3, JPEG og DivX
- FM útvarp með 30 stöðva minni og RDS

**Verð kr.: 54.900,-**



### PIONEER VSX-1015 HEIMABIÓMAGNARI

- 7x150 W (6 ohm)
- THX/Dolby Digital/DTS-ES/Dolby Prologic II
- AM/FM útvarp með RDS 30 stöðva minni
- Forritanleg fjarstýring

**Verð kr.: 79.900,-**



### PIONEER VSX-915 HEIMABIÓMAGNARI

- 7 x 100 W (8 ohm)
- Dolby Digital/DTS-ES/Dolby Prologic II
- AM/FM útvarp með RDS 30 stöðva minni
- Forritanleg fjarstýring

**Verð kr.: 49.900,-**



### PIONEER VSX-515 HEIMABIÓMAGNARI M/ÚTVARPI

- 6.1 rása heimabiómagnari (6x100 RMS @ 8 ohm)
- Styður Dolby Digital, Dolby Digital EX, DTS, DTS-ES Discrete 6.1, DTS-ES Matrix 6.1, DTS Neo:6, DTS 96/24, ProLogic, ProLogicII og ProLogic IIx
- FM/AM útvarp með RDS
- Sjálfvirk uppsetning með Auto-MCACC (hljóðnemi fylgir)

**Verð kr.: 39.900,-**



### PIONEER DVR-530 DVD SKRIFARI m/HÖRÐUM DISKI

- DVD upptökutæki með 160GB harðum disk
- Allt að 455 klst. upptaka á harða diskinn
- Allt að 24 tíma upptaka á einn dual-layer DVD disk (12 tímar á venjulega diska)
- DV inn- og útgangur
- 48x hraða afritun af hörðum disk á DVD
- Chase Play: samhliða afspilun og upptaka
- Ný og betri MPEG-2 þjöppun með VBR (Variable bit-rate)
- Spilar og skrifar DVD-Video, DVD-R/RW, DVD+R/RW, Dual-layer DVD-R, CD, VCD, SVCD, CD-R/RW, MP3, WMA og JPEG
- Eisaverðlaun 2005-2006

**Verð kr.: 69.900,-**



### PIONEER DVR-433 DVD SKRIFARI m/HÖRÐUM DISKI

- DVD upptökutæki með 80GB harðum disk
- Allt að 270 klst. upptaka á harða diskinn
- Allt að 24 tíma upptaka á einn dual-layer DVD disk (12 tímar á venjulega diska)
- DV inn- og útgangur
- 48x hraða afritun af hörðum disk á DVD
- Chase Play: samhliða afspilun og upptaka
- Ný og betri MPEG-2 þjöppun með VBR (Variable bit-rate)
- Spilar og skrifar DVD-Video, DVD-R/RW, DVD+R/RW, Dual-Layer DVD-R, CD, VCD, SVCD, CD-R/RW, MP3, WMA og JPEG

**Verð kr.: 59.900,-**



### PIONEER DV-380 DVD SPILARI

- Fjölkerfa DVD spilar með DivX
- Progressive scan - flóktfíri mynd
- Spilar DVD, VCD, SVCD, CD-R/RW og DVD-R/RW diska
- Spilar MP3, WMA tónlist og JPEG myndir
- 108Mhz/12-bit Video D/A breytir

**Verð kr.: 12.900,-**



### PIONEER DEH-P70BT BILTÆKI

- 4 X 50 W magnari • Spilar MP3/WMA
- Útvarp með RDS • FM/AM/LW. 24 stöðva minni
- 3 Banda tónjafnari/EEG forstilltur tónjafnari
- 3 x RCA útgangur (Hi-Volt)
- Fjarstýring fylgir/Tengi fyrir magasin • Grafískur skjár

**Verð kr.: kr 89.900,-**



# Pioneer

SJÁ NÁNAR Á WWW.ORMSSON.IS

## Litrík tónlist fyrir alla



**Kl. 17.00**  
Síðdegistónleikar með **Daníel Ágústi** og **Johnny Sexual** verða í **Gallerí Húmar** eða frægð í kjallara **Laugavegs 59**.

Sópransöngkonan **Björg Þórhallsdóttir** heldur um þessar mundir þrenna tónleika hér á landi ásamt Þórhildi Björnsdóttur pianóleikara og Hjörleifi Valsyni fiðluleikara. Þau nefna sig Triocolore Musica og leggja áherslu á að hafa tónlistina fjölbreytta og aðgengilega fyrir alla.

Fyrstu tónleikarnir voru reyndar í gærkvöld á Akureyri, en á sunnudaginn gefst tækifæri til þess að heyra í þeim í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð í Reykjavík. Síðustu tónleikarnir verða á Ísafirði á miðvikudaginn í næstu viku.

Á öllum tónleikunum flytja þau sönglög eftir Sigvalda Kaldalóns, íslensk rímnadanslög eftir Karl O. Runólfsson, kabarettlög eftir Benjamin Britten og hugleiðslutónlist eftir Massenet ásamt arium eftir Bellini, Puccini, Verdi, Lehár og Johann Strauss.



Heiti tríosins, Triocolore Musica, vísar til fjölbreytileika tónlistarinnar. Áherslan er á skemmtanagildið til jafns við hinn listræna þátt tónlistarinnar. Þannig hefur þeim tekist að ná til breiðari hóps og vekja áhuga margra sem ekki hafa lagt í vana sinn að sækja klassíska tónleika.

Tónleikarnir í Ými á sunnudaginn hefjast klukkan 16.30 og verður boðið upp á léttar veitingar.

### > Ekki missa af ...

... útgáfutónleikum **Tómasar R. Einarssonar** í Þjóðleikhúskjallaranum á sunnudagskvöldið. Með honum syngja þau **Kristjana Stefánsdóttir** og **Einar Örn Benediktsson**.

... sýningu á verkum **Eiríks Smith** og fimm fyrrverandi nemenda hans, þeirra **Ástu Árnadóttur**, **Ástu Pálsdóttur**, **Sigríðar Rósinkarsdóttur**, **Soffiu Þorkelsdóttur** og **Þórunnar Guðmundsdóttur**, sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjanæsbæjar. Sýningunni lýkur um helgina.

... **Thor Vilhjálmssyni** rithöfundur sem ætlar að segja frá kynnum sínum af íslenskum listamönnum í Listasafni Íslands á sunnudaginn. Þar stendur nú yfir sýningin Íslensk myndlist 1945-1960.

# menning

menning@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

11 12 13 14 15 16 17

### Föstudagur

#### TÓNLEIKAR

**17.00** Fyrrum forspraki Gus Gus og Ný Danskrar, **Daníel Ágúst**, var að senda frá sér sína fyrstu sólbreiðskífu og heldur upp á það í Gallerí Húmar eða frægð með síðdegistónleikum, þar sem **Johnny Sexual** kemur einnig fram.

**21.00** Feðginin **Ólafur Beinteinn Ólafsson** harmonikuleikari og tónskáld og **Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir** sópran koma fram á Tónahátíðinni í Þjórsárveri.

**22.00** Hljómsveitin **SKE** heldur tón-

leika á Grand Rokk annað kvöld. **The End** hitar upp.

**22.00** **Morðingjarnir** verða með tónleika á Bar 11 ásamt gestum. Dj **Krummi í Mínus** tekur við á miðnætti.

**23.00** **Trabant** heldur tónleikar á Nasa. Færeyska bandið **200** mun hita upp ásamt **Dj Alaska & Eden**.

#### LEIKLIST

**20.00** Leikritið **Halldór í Hollywood** eftir **Ólaf Hauk Símonarson** verður frumsýnt á stóra sviði Þjóðleikhússins í leikstjórn **Ágústu Skúladóttur**.

#### SKEMMTANIR

Hljómsveitin **Á móti sól** leikur á Players í Kópavogi.

**D Óli Dóri** í **Weapons** á Kaffi 22 við Laugavegin.

Hljómsveitin **Tilþrif** spilar í Lundanum, Vestmannaeyjum.

#### SAMKOMUR

**17.00** Dagskráin „Umhverfis jörðina á 80 dögum“ verður í bókasal Þjóðmenningarhússins þar sem boðið verður uppá léttu dagskrá í tengslum við haustsýningu á íslensku bókbandi. **Hjörleifur Valsson** fiðluleikari og **Tatu Kantomaa** harmonikuleikari flytja lög frá ýmsum heimshornum, **Sigurður Skúlason** leikari les kafla úr bókinni Umhverfis jörðina á 80 dögum og íslenskir bókbindarar varpa ljósi á það sem er efst á baugi í bókbandi hér á landi í dag.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



Dagskrá Menningarhátíðar FEB  
Í Borgarleikhúsinu 19. okt. n.k. kl. 14.00 - 16.00

Í anddyri leikur Júlíkvartettinn frá kl. 13.30 - 14.00  
Kynnir: Herdís Egilsdóttir

Margrét Margeirsdóttir, formaður undirbúningsnefndar býður gesti velkomna.

Ávarp: Jón Björnsson, sálfræðingur og rithöfundur.

Ljóðalestur: Vilborg Dagbjartsdóttir, skáld, les eigin ljóð.

Kórsöngur: Tólf ára börn úr Ártúnsskóla syngja lög við ljóð Tómasar Guðmundssonar.

Gunnar Eyjólfsson leikari flytur valda kafla úr uppáhaldsverkum.

### Hlé


Einsöngur: Óskar Pétursson skagfirski tenórinn, undirleikari Jónas Þórir

Ljóð og léttmeti: Séra Hjálmar Jónsson

Harmonikuleikur: Félagar úr Félagi harmonikuunnenda leika nokkur lög.

Kórsöngur: Gerðubergskórinn, stjórnandi Kári Friðriksson

Miðaverð kr. 1.800. Miðapantanir í Borgarleikhúsinu s. 568 8000 og hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík s. 588 2111.



HALLDÓR Í HOLLYWOOD

## Ævintýri Halldórs í Hollywood

Á yngri árum ætlaði **Halldór Laxness** að slá í gegn í Hollywood. Hann komst að því þar að vænlegra væri að sigra heiminn með því að skrifa fyrir Íslendinga heima á Fróni.

Í Þjóðleikhúsinu verður frumsýnt í kvöld leikritið **Halldór í Hollywood** eftir Ólaf Hauk Símonarson. Í leikritinu segir frá ævintýri Halldórs Laxness í Hollywood á árunum 1927 til 1929.

„Ólafur Haukur skrifaði þetta leikrit fyrir tíu árum eða svo“, segir Ágústa Skúladóttir, sem leikstýrir verkinu. „Svo var ákveðið að setja þetta á svið núna þegar Tinna Gunnlaugsdóttir varð leikhússtjóri.“

Það er Atli Rafn Sigurðarson sem hefur fengið það vandasama hlutverk að túlka Halldór Laxness á yngri árum. Væntanlega er það enginn hæðarleikur í ljósi þess að Halldór hefur verið eftirlæti allra eftirherma landsins svo áratugum skiptir.

„Við höfum mótað persónuna í sameiningu, Atli Rafn og ég ásamt leikhópnum öllum. Ólafur Haukur er líka mjög samvinnuþýður. Þetta hefur verið mjög skemmtilegt samstarf.“

Þegar Halldór hafði dvalist um skeið í Hollywood kom fljótlega í ljós að hræsnin í bandarísku sam-

félagi átti ekki upp á pallborðið hjá skáldinu. Hann varð fljótt gagnrýninn á efnalega mismunun og þjóðfélagslegt ranglæti.

„Halldór er á þessum tíma ungur ofurhugi sem ætlar sér að sigra heiminn, en hann áttar sig þarna á því að hans hlutverk sé að koma heim til Íslands og skrifa fyrst og fremst fyrir Íslendinga, hér geti hann sigrað heiminn á allt öðrum forsendum.“

Í leikritinu koma við sögu ýmsir vinir og velgjörðarmenn Halldórs frá Ameríkuárunum, nokkrar af skærustu stjörnum Hollywood á þessum tíma eins og Charlie Chaplin og Greta Garbo og síðast en ekki síst allar konurnar í lífi hans.

Auk Atla Rafns fara þau Baldur Trausti Hreinsson, Edda Björgvinsdóttir, Margrét Kaaber, Jóhann Sigurðarson, Kjartan Guðjónsson, María Pálsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir, Randver Þorláksson, Rúnar Freyr Gíslason, Selma Björnsdóttir og Unnur Ösp Stefánsdóttir með hlutverk í sýningunni.

„Svo er mikil tónlist í þessari sýningu“, segir Ágústa. „Hún er bæði við ljóð Halldórs og texta Ólafs Hauks.“

Höfundar tónlistar eru þeir Jóhann G. Jóhannsson og Árni Heiðar Karlsson sem jafnframt er hljómsveitarstjóri. Fjögurra manna hljómsveit tekur þátt í sýningunni.



**HAROLD PINTER** Breska leikskáldið kom ekki upp einu orði í gærmorgun þegar honum var tilkynnt að hann fengi bókmenntaverðlaun Nóbels í ár.MYND/AP

## Pinter varð orðlaus

Breska leikskáldið Harold Pinter hlýtur Bókmenntaverðlaun Nóbels í ár. Sænska akademían skýrði frá þessari niðurstöðu sinni í gær.

„Ég hafði ekki minnsta grun. Ég vissi ekkert af þessu fyrr en klukkan 11.45 núna í morgun. Ég kom ekki upp einu orði,“ sagði hann þegar blaðamenn náðu tali af honum á heimili hans.

„Ég verð að fá málið áður en ég fer til Stokkhólms,“ bætti hann við. Pinter heldur til Svíþjóðar í desember til þess að taka við verðlaununum og mun við það tækifæri flytja þakarræðu eins og hefð er fyrir.

Í tilkynningu frá Sænsku akademíunni, sem úthlutar verðlaun-

unum ár hvert, segir að Pinter hafi í verkum sínum „afhjúpað hengiflugið undir hversdagsblaðri okkar og þröngvað sér inn í lokuð herbergi kúgunarinnar“.

Enn fremur segir að Pinter hafi endurreist leiklistina og beint henni aftur að grundvallaratriðunum, sem eru „lokað rými og óútreiknanleg samtöl þar sem fólk er ofurselt hvert öðru og sýndarmennskan molnar niður.“

Pinter varð 75 ára á mánudaginn var. Hann er fæddur í Lundúnum, kominn af gyðingum og segir að gyðingahatur sem hann kynntist á yngri árum hafi átt stóran þátt í því að hann gerðist leikskáld.

**STYRKJARSÝNING  
19.OKTÓBER KL. 20**  
Allur aðgangseyrir rennur óskiptur til MND félagsins á Íslandi.

Með þessu vilja leikarar og aðstandendur sýningarinnar styðja við bakið á MND félaginu sem er félag fólks með hreyfitaugahrörnun. Félagið er að hefja söfnun til styrktar rannsóknum á þessum sjúkdómi.

**SALKA  
VÆTKA**

EFTIR HALLDÓR LAXNESS Í LEIKGERÐ HRAFNHILDAR HAGALÍN.  
LEIKSTJÓRI: EDDA HEIÐRÚN BACKMAN.

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

*Halldór í Hollywood*  
eftir Ólaf Hauk Símonarson

**HOLLYWOOD**

**Frumssýning annað kvöld!**

Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir – Leikmynd: Frosti Friðriksson – Tónlist: Árni Heiðar Karlsson, Jóhann G. Jóhannsson – Tónlistarstjóri: Árni Heiðar Karlsson – Hljóðfærarleikarar: Árni Heiðar Karlsson, Andrés Gunnlaugsson, Gunnar Hrafnsson, Ólafur Jónsson – Búningar: Þórunn E. Sveinsdóttir  
Lýsing: Páll Ragnarsson – Aðstoðarleikstjóri: Aino Freyja Järvellá

Leikendur: Atli Rafn Sigurðarson, Baldur Trausti Hreinsson, Edda Björgvinsdóttir, Jóhann Sigurðarson, Kjartan Guðjónsson, Margrét Kaaber, María Pálsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir, Randver Þorláksson, Rúnar Freyr Gíslason, Selma Björnsdóttir og Unnur Ösp Stefánsdóttir

**Tökin hert** THE TURN OF THE SCREW  
EFFTIR  
**BENJAMIN BRITTEN**

25 ára og yngri:  
50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning - ÖRFÁ SÆTI LAUS  
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning  
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning  
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert, 2. - 6. sýning  
Kl. 19.15 - Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.  
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

www.operais | opera@opera.is | Sími: 511 4200  
Íslenska Óperan | v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík | Sími: 511 6400

**BORGARLEIKHÚSIÐ**  
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

**STÓRA SVIÐ**

**SALKA VALKA**  
Í kvöld **FORSÝNING** m.v. kr. 1000,-  
Lau 15/10 **FRUMSÝNING UPPSELT**  
Mi 19/10 kl. 20 **Styrktarsýning MND félagið á Íslandi**,  
Fö 21/10 kl. 20 gul kort,  
Lau 22/10 kl. 20 rauð kort  
Su 30/10 kl. 20 græn kort  
Fi 3/11 kl. 20 blá kort

**WOYZECK**  
Frumstýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt.  
Fi 27/10 kl. 20. Forsýning **UPPSELT**  
Fö 28/10 kl. 20. Frumsýning **UPPSELT**  
Lau 29/10 kl. 20 gul kort, Lau 5/11 kl. 20 rauð kort, Fi 10/11 kl. 20 græn kort, Fö 11/11 kl. 20 blá kort

Aðeins þessar 2 aukasýningar eftir  
Su 16/10 kl. 20, Su 23/10 kl. 20

**TVENNU TILBOÐ**  
Ef keyptur er miði á Híbyli vindanna og Lífsins tré fæst sérstakur afsláttur

**KALLI Á ÞAKINU**  
e. Astrid Lindgren  
Sun 16/10 kl. 14 **UPPSELT**, Su 23/10 kl. 14, Su 30/10 kl. 14, Su 6/11 kl. 14

**NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ**

**LÍFSINS TRÉ**  
Fi 27/10 kl. 20 **FRUMSÝNING UPPSELT**  
Fö 28/10 kl. 20 **UPPSELT**, Fi 3/11 kl. 20, Fö 4/11 kl. 20 Lau 5/11 kl. 20, Fi 10/11 kl. 20, Fö 11/11 kl. 20

**FORÐIST OKKUR**  
Aðeins stýnt í október. Nemendaleikhúsið / CommonNonsense. e. Hugleik Dagsson.  
Lau 15/10 kl. 20, Mi 19/10 kl. 20, Fi 20/10 kl. 20, Fö 21/10 kl. 20, Lau 22/10 kl. 20

**MANNTAFL**  
Í kvöld kl. 20, Lau 15/10 kl. 20, Lau 22/10 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**  
Sun 16/10 kl. 20 **UPPS.**, Sun 23/10 kl. 20 **UPPS.**  
Þri 25/10 kl. 20 **AUKASÝN.** Lau 29/10 kl. 20 **UPPS.**  
Sun 30/10 kl. 20 **UPPSELT**  
Sun 6/11 kl. 20 **AUKASÝN.**

Sími miðasölu 568 8000  
www.borgarleikhuis.is

**Ávaxtakarfan**  
Í AUSTURBÆ  
Síðustu sýningar  
**Selma**  
Eva Appelsína

Ef spegillinn gæti talað þá myndi hann segja við mig að ég væri feugur flottust og finust. Það myndi hann segja við mig.

SPARISJÓÐURINN

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl. 13 til kl. 17 pantanir í síma 551 4700 www.midi.is

Athugið síðustu sýningar  
Sunnudagur 9. okt. kl: 13:30  
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30  
www.avaxtakarfan.is

**Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00**

**HALLDÓR Í HOLLYWOOD**  
Frumstýning fös. 14/10 uppselt, 2. sýn. lau. 15/10 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 20/10 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 21/10 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 22/10 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus. Sýnt í október og nóvember.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR**  
Sun. 16/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 23/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, lau. 29/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 6/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus

**EDITH PIAF**  
Sun. 16/10 uppselt, sun. 23/10 uppselt, sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 aukasýning - örfá sæti laus

**LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00**

**KODDAMAÐURINN**  
Sun. 16/10 örfá sæti laus, þri. 18/10 uppselt, mið. 19/10 uppselt, sun. 23/10 nokkur sæti laus, mið. 26/10 uppselt sun. 30/10. Síðustu sýningar.

**LJÓSIÐ Í MYRKIRINU – DAGSKRÁ UM JON FOSSE**  
Sun. 16/10 kl. 15:00, mán. 17/10 kl. 20:00

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00**

**FRELSI**  
Forsýningar mið. 26/10 uppselt og fim. 27/10 uppselt. Frumsýning fös. 28/10 uppselt, sun. 30/10, fim. 3/11, lau. 5/11. Sýnt í október og nóvember.

**LEIKHÚSKJALLARINN**  
Lau. 15/10 kl. 21:00 – Broadway-söngleikjakvöld  
Sun. 16/10 kl. 21:00 – Múlinn – Útgáfutónleikar Tómasar R. Einarssonar og félaga Miðasala við innganginn. Upplýsingar í s. 585 1295  
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Anans klukkustund fyrir viðburð.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



SKÚTUR VIÐ SÓLARLAG Þessi mynd er frá yngri árum Kjarvals, máluð árið 1910.

## Sjaldséð verk eftir Kjarval

Í tilefni þess að 120 ár eru liðin frá fæðingu Jóhannesar S. Kjarval listmálara verður opnuð á morgun stór sýning á verkum hans á Kjarvalsstöðum. Mörg verkanna hafa sjaldan eða aldrei komið fyrir augu almennings.



SÓLBAÐ OG PRÆLDÓMUR Þetta málverk gerði Kjarval árið 1946.

„Meirihluti myndanna á þessari sýningu er úr einkaeign,“ segir Eiríkur Þorláksson listfræðingur, sem er sýningarstjóri ásamt Kristínu G. Guðnadóttur.

„Þarna eru verk sem mörg hver hafa örsjaldan verið á sýningu og sum jafnvel aldrei. Þetta verður því einstakt tækifæri til þess að sjá þessa breidd í verkum Kjarvals og þennan fjölda verka.

Það verður ekki sett upp sams konar sýning á næstunni.“

Undanfarna tvo áratugi hafa stórar sýningar á verkum Kjarvals verið haldnar nokkuð reglu-

lega á Kjarvalsstöðum. Árið 1985, þegar liðin voru 100 ár frá fæðingu Kjarvals, var haldin þar stór yfirlitssýning yfir feril Kjarvals. Árni 1995, 1997 og 1999 voru einnig þrjár sýningar þar sem farið var yfir feril Kjarvals í ákveðnum tímabilum. Sú fyrsta náði yfir árin til 1930, önnur tímabilið 1930-45 og sú þriðja frá 1945 til æviloka. Loks hefur fóst sýning með verkum hans staðið lítið breytt frá árinu 2000 til þessa árs.

„Við litum því svo á að það væri búið að dekkja yfirlitssýningar með verðugum hætti og ákveðnum að einbeita okkur að ákveðnum þemum í list hans.“

Í Vestursal Kjarvalsstaða verða sýnd verk þar sem landslagið er í aðalhlutverki, og skiptast þau í fjóra flokka: Snæfellsnes, Þingvellir, nágrenni Reykjavíkur og myndir frá æskulöðum Kjarvals fyrir austan.

Í Austursalnum eru síðan verk sem flokkast undir „lífið í landinu“. „Þar eru verk sem tengjast huliðsheimum, hvernig hann sér álfa og anda í landslaginu og loftinu og alls konar fantasíur, og loks portrettmyndir.“

Sýningin hefur yfirskriftina Essens, sem er tilvísun í orð Kjarvals sjálfs sem talaði á sínum tíma um essensisma, þann kjarna lífsins og tilverunnar sem væri að finna í listinni og allir ættu að leita eftir í lífi sínu.

**HILMIR SNÆR GUÐNASON**

**ÉG ER MÍN EIGIN KONA**

fös. 28.10 uppselt  
lau. 29.10 uppselt  
fim. 20.10 uppselt  
sun. 30.10 uppselt  
fös. 21.10 uppselt  
lau. 5.11 uppselt  
lau. 22.10 uppselt  
sun. 6.11 uppselt  
sun. 23.10 uppselt  
fim. 10.11 örfá sæti  
mið. 26.10 örfá sæti

Sýnt í lönó kl. 20 // s. 562 9700  
Landsbankinn er stoltur bakgjafi sýningarinnar. Landsbankinn

★★★★ -DV Frábær fjölskylduskemmtun!  
- Fréttablaðið

**Annie**  
eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN

17. sýn. sun. 16/10 kl. 14  
Annie; Thelma Lind  
18. sýn. laug. 22/10 kl. 15  
Annie; Solveig  
19. sýn. sun. 30/10 kl. 14  
Annie; Thelma Lind

Miðasala í s:551 4700 alla daga frá kl.13-17 í gamla AUSTURBÆJARBÍÓI  
www.annie.is • www.midi.is

**allt atvinna**  
Alla sunnudaga

**Traust dráttarbeiðli**  
Ásetning á staðnum.

**VIKURVAGNAR EHF.**

Vikurvagnar ehf • Dvergshöfða 27  
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

# Sálumessa í Langholtskirkju

Tónlistardagar Dómkirkjunnar hefjast á morgun með flutningi Dómkórsins á Þýskri sálumessu eftir Johannes Brahms í Langholtskirkju klukkan 17. Verkið verður flutt í fyrsta skipti í útsetningu fyrir tvo píanóleikara og tvo einsöngvara, eins og tónskáldið hafði hugsað sér það, en yfirleitt er það flutt með hljómsveit í stað píanóleikara.



**DÓMKÓRINN Í REYKJAVÍK** Kristinn Sigmundsson og Hulda Björk Garðarsdóttir syngja einsöng í verkinu en á píanó leika Anna Guðný Guðmundsdóttir og Peter Maté.

Kristinn Sigmundsson og Hulda Björk Garðarsdóttir syngja einsöng en á píanó leika Anna Guðný Guðmundsdóttir og Peter Maté. Stjórnandi á tónleikunum er Marteinn H. Friðriksson dómorganisti. Þýsk sálumessa þykir eitt glæsilegasta verk Brahms og jafnframt það sem notið hefur mestra vinsælda. Fyrstu drögín að verkinu voru samin árið 1854 og áttu að verða hluti af sínfóníu, en þegar góðvinur Brahms, Robert Schumann, lést tveimur árum síðar ákvað hann að semja sálumessu. Verkið var frumflutt í heild í Stuttgart fimmtán árum síðar og náði fljótt miklum vinsældum. Verkið náði mikilli hylli í hljóms-

veitarútsetningu en Brahms lýsti því sjálfur að hann hefði ákveðið að útsetja verkið fyrir tvo píanóleikara svo það yrði auðveldara í flutningi og því líklegra til langlífis. Sú útgáfa gleymdist um allan skeið því útgáfurátturinn á nútönum var seldur til Ameríku en eigendur hans hirtu ekki um að gefa hann út. Það var svo ekki fyrr en á tíunda áratug síðustu aldar sem píanóútgáfan var

enduruppötuð en síðan hefur hún verið flutt allnokkrum sinnum. Tónlistardagar Dómkirkjunnar standa fram á 13. nóvember en þá verður frumflutt í Dómkirkjunni verk eftir ungt íslenskt tónskáld, Harald V. Sveinbjörnsson, sem hann samdi að beiðni Dómkórsins. Inn á milli verða hátíðarmessur og tónleikar en nánari upplýsingar um dagskrána má finna á domkirkjan.is.

## Skugga-Baldur fær góða dóma í Danmörku

Sjón er vel að bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs kominn fyrir bók sína Skugga-Baldur að mati danska bókmenntagagnrýnenda. Jákvæðir dómur og umfanginn birtust í dönskum dagblöðum í gær af tilefni útgáfu bókarinnar þar í landi.

Í Berlinske Tidende fær Skugga Baldur fimm stjörnur af sex mögulegum. Sagan er sögð vera í anda gamla íslenskra sagna en einnig minna á verk Selmu Lagerlöf, Knut Hamsun og Jóhannesar V. Jensen. Í umfjöllun Jyllands-Posten er sögunni

líkt við tepoka sem sökkvi sér niður í kraumandi höfuð lesandans og verði að bæði klassískri og nútímalegri blöndu. Lesandinn vilji meira þegar hann hefur klárað allar 117 síður sögunnar.

Gagnrýni Politiken er sömu leiðis jákvæð og Norðurlandaráði hrósað fyrir hugrekki í valinu á Skugga-Baldri eftir Sjón. Í umfjöllun blaðanna er einnig sagt frá ferli Sjóns og samstarfi hans og Bjarkar Guðmundsdóttur í gegnum árin. Verðlaunin verða afhent í Reykjavík 26. október.



**SJÓN** Danskir bókmenntarynir kunna vel að meta verðlaunabókina Skugga-Baldur.

**Waldorf uppeldisfræði á Íslandi!**

**Fegurð - Ró - Gleði**

Nýr hópur frá januar 2006.  
**Upplýsingar:**  
 waldorf.isl@get2net.dk  
 45-43425113

**Fullkomin leikhússkemmtun!**  
 Valgeir Skagfjörð  
 Fréttablaðið 28/9 2005

**HIMNARÍKI**  
 Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

**Frábær sýning, allir í Fjörðinn...**  
 Helga Vala Helgadóttir  
 Talstöðin 18/9 2005

**Næstu sýningar**  
 Fös. 14. okt. kl. 20 | Lau. 15. okt. kl. 20  
 Fim. 20. okt. kl. 20 | Fös. 21. okt. kl. 20  
 Lau. 22. okt. kl. 20

... ýktara, litríkara og fyndnara en 1995-útgáfan ...  
 Þorgeir Tryggvason  
 Morgunblaðið 19/9 2005

**HAFNARFJÖRDAR LEIKHÚSIÐ**  
 Pantanir í s. 555 2222 og á midl.is

**AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**  
 FRÉTTABLAÐIÐ

Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON

**Kabarett**  
 í Íslensku óperunni

Lau. 8. október kl. 20 (örfá sæti laus)  
 Lau. 15. október kl. 20  
 Lau. 22. október kl. 20

Miðar í síma 511 4200 og á www.kabarett.is

**Tónleikurinn BÍTL**

Föstudag 14/10 UPPSELT  
 Laugardag 15/10 LAUS SÆTI  
 Föstudag 28/10 LAUS SÆTI  
 Föstudag 11/11 LAUS SÆTI

**"Frábær skemmtun!"**

Landsbankinn  
 Banki allra landsmanna  
 leff KASTALINN  
 552 3000

**KRINGLUKRÁIN**

**Sixties**  
 í kvöld

- Sérrettamatseðill
- Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
- Hópamatseðill

Borðapantanir í síma 568 0878  
 www.kringlukrain.is

Gerðu eitthvað skemmtilegt og komdu á **Players**

Hljómsveitir um helgina:

Hljómsveitin **Á móti sól** föstud. 14. okt.  
 Hljómsveitin **Von** laugard 15. okt.

**Budweiser**  
 GORDON'S GIN OG TONIC  
**PLAYERS**  
 Bæjarlind 4 - Kópav.

**MANNTAFL**  
 EFTIR STEFAN ZWEIF

**Einstakt tækifæri!**

Í tilefni af endurútgáfu bókarinnar hjá Bjarti, býðst þér að kaupa 2 miða á sýninguna og fá eintak af bókinni með!

Fréttablaðinu finnst...  
 „að allir ættu að drífa sig á leikritið Manntafl þar sem Þór Tulinius fer á kostum í þessum einleik.“

MIÐASALA: 568 8000

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

**Glaesilegt jólahlaðborð**

Hlaðborðið svignar undan góðgætinu og rammíslensk jólastemningin svikur engan. Verð með Grýlgluggi og dansleik kr. 4.400. Á undan borðhaldi býðst gestum að heimsækja Grýlu í Hellinn. Hún býður gestum upp á Grýlumjóð, auk þess að vera veislustjóri. Dansleikir um helgar.

**Gisting og jólahlaðborð**  
 Gisting og morgunverður með jólahlaðborði í veitingastaðnum Fjörugarðinum. Gisting í tveggja manna herbergi kr. 7.000 á mann. Gildir frá 18. nóvember 2005.

**FJÖRUKRÁIN**  
 Sími 565-1213 - www.fjorukrain.is



Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

Daniel Ágúst: Swallowed a Star, Depeche Mode: Playing the Angel, Starsailor: On the Outside, The Zutons: Who Killed the Zutons?, The Mitchell Brothers: A Breath of Fresh Attire og John Lennon: Best of.

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Plötusamningur í höfn

Glyssveitin Trabant heldur tónleika á Nasa í kvöld. Færeyska rokkbandið 200, sem spilar á Iceland Airwaves í næstu viku, hitar upp ásamt DJ Alaska & Eden.

200 er þekkt fyrir andstöðu sína gegn dönskum yfirvöldum og vakti hún mikla athygli á G-festivalinu sem var haldið í Færeyjum í sumar. „Þeir voru þar með risastóran putta sem var þrjú metrar á hæð, fokkputta sem spír eldi og sprengjum,“ segir Gísli Galdur úr Trabant. „Þeir ætluðu að flytja hann inn fyrir tónleikana en það klikkaði.“



TRABANT Hljómsveitin Trabant var að skrifa undir útgáfusamning við fyrirtækið Southern Fried Records.

Hljómsveitin Trabant hefur verið iðin við kolann í sumar. Hún hefur haldið tónleika í Danmörku og London og fyrir tveimur vikum spilaði hún á skandinavískri hátíð í Rotterdam.

Að sögn Gísla gerðu þeir allt vitlaust og skemmti fólk sér konunglega þótt Hollendingarnir hafi verið frekar rólegir á tónleikunum. Var fólk ennþá með glimmer á sér rúmri viku eftir tónleikana.

Pann 24. október fer Trabant síðan til London þar sem hún heldur sex tónleika. Nýverið skrifaði sveitin einnig undir útgáfusamning við breska plötufyrirtækið Southern Fried Records. Felur hann m.a. í sér útgáfu á síðustu plötu Trabant, Emotional, í Bretlandi. Fyrsta smáskífulagið sem fer í spilun þar í landi verður Maria. Trabant kemur ekki fram á Iceland Airwaves en spilar þess í stað í 12 Tónum á föstudaginn eftir viku ásamt Mugison. Miðaverð á tónleikana á Nasa í kvöld er 1000 krónur og opnar húsið klukkan 23.00.

Popptextinn

„Our life together is so precious together We have grown, we have grown Although our love is still special Let's take a chance and fly away somewhere alone“



John Lennon vill fljúga í burtu í laginu (Just Like) Starting Over af plötunni Double Fantasy.



JEFF WHO? Hljómsveitin Jeff Who? er í efsta sæti X-Dóminoslistans.

Coldplay komin á annað stig

Hljómsveitin Coldplay segir að síðasta plata þeirra, X&Y, marki endalok fyrsta hluta á ferli sveitarinnar.

Chris Martin söngvari segir sveitina hafa verið að vinna ný lög meðan á tónleikaverðum þeirra hefur staðið og verða þau berstripaðri en það efni sem áður hefur komið frá henni. „Nýja platan á eftir að koma ykkur í opna skjöldu,“ sagði Martin.



X-DÓMINOSLISTINN TOPP 5 LISTI X-FM

- 1 JEFF WHO? THE GOLDEN AGE
2 COLDPLAY FIX YOU
3 FRANZ FERDINAND DO YOU WANT TO?
4 FOO FIGHTERS D.O.A
5 FULLI KALLINN BEFORE 2000

Fleiri melódíur og betri lög

Danski stuðduéttinn Junior Senior kemur fram á Iceland Airwaves, tónlistarhátíðinni sem hefst í næstu viku. Freyr Bjarnason ræddi við Jesper, lagahöfund og sveitarinnar.

Junior Senior spilar á Nasa á fimmtudagskvöldið 20. október á Iceland Airwaves. Sveitin var stofnuð árið 1998 af þeim félögum Jesper Mortensen (Junior) og Jeppe Laursen (Senior) sem eru frá Jótlandi í Danmörku.

Sveitin gaf út sína fyrstu plötu D-d-don't Stop the Beat á vegum Crunchy Frog útgáfunnar árið 2003 og sló smáskífulagið Move Your Feet rækilega í gegn víðs vegar um heiminn. Komst það meðal annars í þriðja sæti breska vinsældarlistans. Síðan þá hefur verið frekar hljótt um Junior Senior allt þar til önnur plata sveitarinnar, hin bráðskemmtilega Hey Hey My My Yo Yo, kom út í sumar.

„Við höfum verið að láta heyra aftur í okkur í Danmörku að undanfögnu,“ segir Jesper. „Við höfum ekki spilað þar í eitt og hálf tónleiki árið. Við vorum þar síðast á NME-kvöldi með My Morning Jacket,“ bætir hann við. Hann segir að markaðurinn í Danmörku sé ekki sérlega stór og því haldi þeir ekki svo marga tónleika þar. Meira hafi verið um tónleikahald erlendis.

Aðspurður segir Jesper að á nýju plötunni sé meira um fönk og fleiri takta en á þeirri síðustu. „Við vildum ekki fara í þennan sama gítarpakka og allar sveitir eru í núna. Við reynum alltaf að gera hlutina á eigin forsendum. Við ákváðum að eyða meiri tíma en áður í að gera þessa plötu. Við vildum einbeita okkur meira að melódíum og að semja betri lög. Á síðustu plötu gerðum við hlutina með miklum látum en núna vildum við prófa eitthvað nýtt,“ segir hann.

Á nýju plötunni fá þeir félagar m.a. aðstoð frá þeim Kate og Cindy úr hljómsveitinni B-52's. Jesper játar að hann sé mikill aðdáandi sveitarinnar. „Annars höfum við líka mikinn áhuga á gamalli blökkumantónlist, eins og sálartónlist og gömlu fönki. Við reynum að koma henni inn í okkar tónlist eins og við getum. Síðan



JUNIOR SENIOR Senior situr við trommusetið en Junior er hægra megin með gítarinn.

blöndum við því saman við alls konar áhrifavalda, til dæmis Tom Tom Club, Beach Boys, Bítlana Rolling Stones og Van Morrison. Það er til svo mikið af góðri tónlist sem hefur áhrif á okkur.“

Hvað varðar muninn á Junior og Senior segir Jesper að þeir séu líkir á suma vegu en einnig ólíkir á marga aðra vegu. „Mér finnst bara gott að slaka á, semja lög og reyna að gera eitthvað sem ég er ánægður með. Ég held að hann hafi meira gaman af því að koma fram. Hann er miklu meira lifandi náungi. Ég held að það sé aðalmunurinn. Mér finnst alveg gaman að spila á tónleikum en ég hef líka mjög gaman af því að semja lög.“

Jesper segir að lítil alvara hafi verið hjá þeim félögum þegar þeir stofnuðu sveitina á sínum tíma. „Það fílaði okkur eiginlega enginn í Danmörku þegar við vorum

blöndum við höfðum alltaf trú á okkur. Við vorum ekki alveg hvert við áttum að beina þeim metnaði. Við höfðum enga sérstaka stefnu í byrjun og ætli við höfum ekki líka verið frekar latir. Við vorum lengi að reyna að fá útgáfusamning og síðan fór fólk að reyna að semja við okkur. Þetta tók allt saman frekar langan tíma.“

Jesper hlakkar mikið til Íslandsfararinnar. „Ég hef aldrei komið þangað en ég hef heyrð góða hluti um bæði hátíðina og hvernig landið er. Mér er sagt að fyrsta skiptið á Íslandi sé alveg geðveikt. Ég hlakka líka mikið til að sjá landslagið og náttúruna. Þetta verður örugglega geðveikt,“ segir Jesper, sem kannast ágætlega við íslenska tónlist. „Ég þekki Sugar-cubes, Björk og Sigur Rós og líka Gus Gus. Íslensk tónlist hlýtur því að vera frekar fræg býst ég við.“

GÓÐAR GJAFIR STYRKJA GOTT SAMBAND

GLEDJUM STARFSMENN OG VIÐSKIPTAVINI MEÐ VÖNDUÐUM GJÖFUM UM JÓLIN

Three product images: Stormtech göngubakpokki, Stormtech microfleece peysa, Isosteel hitabrusi.

Image of Rosendahl, vatnskaraffa, tvö glös.

Við höfum áralanga reynslu af sölu á jólagjöfum til fyrirtækja og stofnana. Hafðu samband og athugaðu hvað við getum gert fyrir þig. Erum með fjölbreytt úrval gjafa frá þekktum framleiðendum.

BROS AUGLÝSINGAVÖRUR SÍÐUMÚLA 33 108 REYKJAVÍK SÍMI 581 4141

Africa United soccer team advertisement featuring Leslie Felperin and promotional text for a game on October 21st.

SMS UM NÝJUSTU PLÖTURNAR

CocoRosie: Noah's Ark „Önnur plata CocoRosie er guðdómleg. Stórkostleg framfór frá fyrri plötunni, sem var þó ekkert slor. Þeir eru örugglega með þessa á repeat í himnaríki.“

Devendra Barnhart: Crippled Crow „Devendra Barnhart hleður í kringum sig göðu fólk og gerir bestu plötu sína til þessa. Hér er tónlistarmaður sem vex og vex við hvert verk.“

The Dandy Warhols: The Odditorium or Warlords of Mars „The Dandy Warhols gera sjálfumglaða plötu

sem fáir ættu að geta haft gaman af, nema þau sjálf. Löng, þreytandi og leiðinleg plata með nánast engum alvöru lögum á.“

Leaves: The Spell „The Angela Test er nokkuð þung plata, en vinnur á við hverja hlustun. Það hefið verið skemmtilegra að heyra fleiri pælingar eins og eru í gangi í The Spell og Shakma en þær koma vonandi betur fram á næstu plötu sveitarinnar.“

Benni Hemm Hemm: Benni Hemm Hemm „Að hlusta á þessa plötu er eins og að skella sér í tivóli eða skrudgöngu. Þú gengur um,

færð þér litríkan kúluis í formi og fylgist með öllu eins og lítill krakki, dáleiddur af gleðinni og því hversu margt er í gangi í einu.“

Iron & Wine/ Calexico: In the Reins „Samstarfsverkefni Calexico og Iron & Wine er mjög vel heppnað. Hljómur eins og þeir hafi verið að gera plötur saman í áratugi. Fullkomin sunnudagsplata.“

John Legend: Get Lifted „John Legend er enn nokkuð langt frá því að vera goðsögn, en frumraun hans er ekki svo slæm. Óskabyrjun fyrir sálarfullan ungan mann.“

# Bókaútsala

í Spöng, Skeifu, Smáralind, Kringlu og á Akureyri



Súpur  
Forréttir og smáréttir  
Grænmetisréttir  
Salöt, pasta og korn  
Fiskur og skelfiskur  
Kjöt  
Fuglakjöt

Sósur  
Eftirréttir  
Kökur  
Brauð  
Súrt og sætt  
Drykkir

Mateiðslubók Nonnu er óþrjótandi brunnur uppskrifta hvort sem leitað er að gömlu, góðu réttunum frá mömmu og ömmu, léttum hversdagsmat eða nýstárlegum veisluréttum úr fjarlægum heims-álfum. Í bókinni eru hátt á fjórða þúsund uppskriftir af öllu tagi, alþekktar jafnt sem óvenjulegar.

Hér má finna ljúfmeti og leyndardóma matgerðarlistarinnar, allt sem hugurinn girnist; uppskriftir, leiðbeiningar og hugmyndir sem allir geta nýtt sér.



Eplin hans Peabodys



Ensku rósirnar



Jakob og þjófarnir sjö



Abdí og hálsmen drottningar



Leyndardómur smaragðsaugans



Bókin með svörin um ástina



Draumar



Draumar barna og merking þeirra



Djúprikið



Örlaganóttin (Múminálfarnir)



Primavera



Tertuskreytingar



Betra bak



Burt með verkina



Þú getur ennþá grennst og breytt um lífsstíl



1000 gátur



Heilabrot og þrautir



Íslenska bílaöldin



Formúla 1



Jóga og íþróttir

Gildir til 31. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



## SKRYTNA FRÉTTIN



**BILÍÐ BRÚAÐ** Brúin milli Brighton og Lewes mun vera öllu minni en þessi brú við höfnina í Sídney í Ástralíu.

## Biður um skilnað á brú

Óbrúanlegur ágreiningur hjóna einna í Englandi hefur vakið athygli og furðu vegfarenda milli Brighton og Lewes í suðurlhuta landsins undanfarið. Á brú á þeirri leið var í síðustu viku búið að hengja flennistórar grænar gardínur sem á hafði verið málað: „Wendy, ég vil skilnað. JBS.“

Á miðvikudag var búið að hengja aðra yfirlýsingu á brúna, á sams konar gardínu og notuð var í fyrra skiptið. Á henni stóð: „Ekki séns. Það varst þú sem hélt framhjá! Wendy.“

Hjónabandsráðgjafinn Christine Northam segir að hjónakornin hljóti að vera öskureið fyrst þau kjósi að bera erjur sínar á torg með þessum hætti. „Mér finnst þetta afar óþroskuð hegðun og legg til að þau leiti sér ráðgjafar,“ segir Northam í hneykslunartón. Enn sem komið er hafa ekki verið borin kennsl á turtildúfurnar en ökumenn á hraðbrautinni bíða spenntir eftir framhaldi í þessu undarlega máli.



**INGVAR E. SIGURÐSSON** Ingvar fer með aðalhlutverkið í Woyzeck ásamt Ninu Dögg Filippusdóttur.

# Woyzeck fær frábæra dóma

Sýning leikhópsins Vesturport, Woyzeck, var frumsýnd í London í fyrrakvöld við mjög góðar undirtektir.

Sýningin fékk prýðilega dóma í enskum blöðum í gær, þar á meðal í Guardian og Evening Standard en gagnrýnendur beggja blaðanna þykja frekar kröfuharðir í fagi sínu. Greinarahöfundur Evening Standard, Nicholas de Jongh, minnst á síðustu sýningu Vesturports, Rómeu og Júlíu, og hversu vel hún var heppnuð. Hann segir leikstjórnann Gísla Örn Gardarsson halda sínu striki með Woyzeck. „Gardarsson býður upp á nútímalegt svar við upphaflegu verki Büchners með dáleidandi tónlist eftir Nick Cave og Warren Ellis sem flögrar allt frá rokki yfir í sjóðheitan gospel-söng. Í staðinn fer lítið fyrir texta Büchners,“ segir m.a. í dómnum og klykkir út með því að kvöldstundin hafi verið frábær.


Gísli Örn Gardarsson segist ekki geta kvartað yfir þeim góðu dómum sem verkið fékk en heldur sig þó á jörðinni. „Við vitum sjálf hvar sýningin stendur og hvert við erum á leiðinni með hana. Hún er mjög sérstök og við höfum aldrei áður verið með svona hlut í útlöndum. Þannig að í grunninn er okkur alveg sama

um hvað einhverjum finnst um hana,“ segir Gísli Örn. „En það er hrikalega hressandi að fá svona góða dóma, sérstaklega vegna þess að Englendingar taka svo mikið mark á þeim.“

Gísli segir að mikið stress hafi verið í gangi fyrir sýninguna. „Þetta var allt unnið á einum og hálfum degi. Leikmyndahönnuðurinn var til að mynda að leggja síðustu túnþökuna á sviðið tveimur mínútum áður en salurinn opnaði. En þetta gekk eins og það gekk,“ segir hann.

Nick Cave og félagar hans í hljómsveitinni Bad Seeds voru viðstaddir frumsýninguna og skemmtu sér vel. „Hann var mjög ánægður og fannst þetta virka mjög vel. Hann hlakkar til að koma heim og sjá verkið á íslensku,“ segir Gísli um Cave og bætir því við að hann ætli að koma með alla fjölskylduna með sér til landsins. Eftir sýninguna í London var haldið frumsýning-arpertí sem stóð langt fram á nótt. Lét Cave að sjálfsögðu sjá sig þar en stoppaði þó stutt við.

Woyzeck verður sýnt tíu sinnum í London áður en Vesturport heldur heim á leið til að undirbúa sig fyrir frumsýninguna hérlandis sem verður 28. október í Borgarleikhúsinu. Einnig er búið að bjóða leikhópnum að fara með verkið til Þýskalands og standa



**NICK CAVE** Söngvarinn heimsfrægi er á leiðinni til Íslands.

samningaviðræður nú yfir. „Það er mjög mikill áhugi á verkinu, sérstaklega fyrst dómarnir eru

svona. Þeir eru bara til að kasta olíu á eldinn,“ segir Gísli.

freyr@frettabladid.is

## PRÓFAÐU ÞAÐ FERSKASTA FRÁ SÓMA

**NÝTT**

### MEIRA Á MILLI

Nýjar matarmiklar samlokur í innsigliðum umbúðum sem tryggir enn meiri ferskleika.



**SÓMI**

FRERSKUR Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI

**MEIRA Á MILLI**



www.somi.is


## Síða sem leitar að bloggi

Á miðnætti í gær opnaði íslenska vefsíðan blogleit.is. Eins og nafnið gefur til kynna er um að ræða leit- arvéll sem sérhæfir sig í að leita í gegnum blogg færslur Íslendinga á netinu.

Nú þegar eru yfir ellefu þúsund blogg síður skráðar í gagnagrunn blogleit.is og fer fjölgandi. Auk þess að vera almennt leit- arvéll, er notendum boðið upp á að skrá blogg síðu sína, sem gerir það að verkum að hægt er að leita að blogg síðum eftir nafni eiganda.

Að sögn Einars Benedikts Sigurðssonar, sem stendur að vefnum, er þjónustan netnotendum að kostnaðarlausu

og vonast hann til að síðan muni auðvelda Íslendingum að vafra í gegnum hinn ört vaxandi blogg- heim.



-bs




**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Jennifer Lopez finnst frábært þegar fólk hrósar henni fyrir vel þrýstinn aftur-enda hennar. Hún eyðir víst klukkutímum í ræktinni til geta viðhaldið þessum frægasta rassi heims. Hún hefur þjálfað undir leiðsögn líkamsræktarþjálfara og hafa þau saman fundið hina fullkomnu blöndu af æfingum til að gera



rassinn sem fegurstan. „Ég geri sérstakar æfingar og teygjur með löðum til þess að halda rassinum við. Áð vissu leyti hef ég gaman af því þegar fólk hrósar mér fyrir að vera með stóran rass,“ segir Lopez.

George Clooney segist trúa á ást við fyrstu sýn. Leikarinn og hjartaknúsarinn mikli var eitt sinn giftur Taliu Balsam í fjögur ár. Hann hefur síðan átt nokkur misheppnuð ástarsambönd við heimspæktar konur eins og



Renee Zellweger og Lisu Snowdon. „Þetta kom fyrir foreldra mína. Faðir minn starfaði við fegurðarsamkeppni í Kentucky og mamma tók þátt í henni. Hann bauð henni á stefnumót og bað hana strax um að giftast sér. Þau eru enn saman svo ég hef sönnun fyrir því að ást við fyrstu sýn getur vel gengið upp,“ segir Clooney.

Paris Hilton er þessa dagana að vinna að handtöskulínu þar sem dýrustu töskurnar munu kosta um þrjú þúsund dollara eða um 180 þúsund krónur. Töskurnar munu verða gerðar úr sjaldgæfum skinnum og leðri og bleikur verður áberandi litur, sem kemur svo sem engum á óvart. Eiga töskurnar að endurspegla fatastíl sem og lífsstíl Parisar. Sumar töskurnar eru gerðar sérstaklega með það í huga að eigandinn beri chihuahua-hundinn sinn í þeim.



Leiknonan Selma Blair vill nýta háskólamenntun sína sem mest og hyggst jafnvel skrifa sín eigin kvikmyndahandrit. Selma mun gefa út sína fyrstu bók á næstunni og er um smásögu að ræða. „Fyrsta skáldsagan mín kemur út eftir viku eða svo. Ég get vel hugsað mér að skrifa handrit. Ég ætla mér allavega að snúa mér að skrifum einn daginn, þess vegna fór ég nú í háskóla,“ sagði hún.



Robbie Williams hefur selt Paramount Pictures kvikmyndarétt á ævisögu sinni. Kvikmyndafyrirtækið hefur skoðað tvö handrit sem Williams skrifaði þegar hann var í meðferð í Los Angeles. „Það var partur af meðferðinni að skrifa handritin og svo stakk vinur minn upp á því að ég sendi þau til kvikmyndafyrirtækja. Það kom mér mjög á óvart að þeim skyldi líka þau,“ segir Robbie sem neitar þó að hann vilji leika sjálfan sig í myndunum. „Nei, alls ekki. Ég væri samt mjög til í að sjá einhverju af því sem ég hef gert varpað upp á hvíta tjaldið.“



**Ólíklegasta hetja Bandaríkjanna**

[ KVIKMYNDIR ]

UMFIJÖLLUN

Hnefaleikakappinn James J. Braddock var nálægt því að verða heimsmeistari á fyrri hluta 20. aldar. Þegar kreppan mikla dundi yfir tapaði hann aleigunni, neyddist til að sinna alls kyns vinnu til að eiga fyrir hita og rafmagni. Honum bauðst síðan óvænt tækifæri sem hann nýtti sér til fullnustu.

Hnefaleikar er sú íþrótt sem fellur hvað best að kvikmyndagerð. Michael Chapman sannaði með kvikmyndatöku sinni í Raging Bull að hnefaleikasenu gátu verið magnaðar og uppbygging þeirra dramatísk.

Í fljótu bragði virðist Óskubuskukarlinn hafa verið gerð eftir Óskarsverðlaunaformúlu. Russell Crowe með hreim, Renée Zellweger

með litað hár og Ron Howard í leikstjórastólnum. Hún er meira að segja rúmíur tveir tímar á lengd. Ég verð að viðurkenna að mér er meinilla við þessar myndir. Sýnishorn hennar hefði getað verið tilnefnt. Þjóst við eilífum gráti, Crowe að óskra eitt-hvað í grenjandi rigningu og undir niðri hljómaði dramatísk fiðlutónlist.

En kvikmyndin kemur á óvart. Óskubuskukarlinn er nefnilega ekki alveg jafn mikil óskarsræma og búast mátti við. Vissulega eru þarna atriði sem eiga eftir að heilla kvikmyndaakademíuna upp úr skónum og önnur kalla fram klúta. Hnefaleikatriðin eru vel útfærð og myndin nær að magna upp spennu fyrir lokabardagann sem er magnaður.

Það er henni til happs að leikararnir eru ekki jafn klisjukenndir og

pirrandi eins og þeir auðveldlega hefðu getað orðið. Braddock var hjartagóður boxari, hvorki skithæll né skaphundur. Bara venjulegur Íri. Crowe nær því samúð áhorfenda rétt eins og hann gerði í The Insider. Það hefði samt verið gaman að sjá einhverja aðra en Zellweger sem eigin konu Braddocks. Einhver hefur samt þurft að lita á sér hárið. Paul Giamatti bjargar síðan myndinni endanlega en hann er frábær í hlutverki Joe Gould.

Óskubuskukarlinn á eftir að fá sínar tilnefningar til Óskarsverðlauna. Hún á eftir að koma á óvart hjá þeim sem héldu að hún væri grenjað á gresjunni. Cinderella Man er tvímælalaust ein af betri myndum ársins, hvort sem okkur líkar það betur eða verr.

Freyr Gígja Gunnarsson



CINDERELLA MAN

Leikstjóri: RON HOWARD  
Aðalleikarar: RUSSELL CROWE, RENEE ZELLWEGER OG PAUL GIAMATTI

Niðurstaða: Óskubuskukarlinn á eftir að fá sínar tilnefningar til Óskarsverðlauna. Hún á eftir að koma á óvart hjá þeim sem héldu að hún væri grenjað á gresjunni. Cinderella Man er tvímælalaust ein af betri myndum ársins, hvort sem okkur líkar það betur eða verr.

J O D I E F O S T E R

FLIGHTPLAN

HVERSU LANGT MYNDIR ÞÚ GANGA TIL AÐ ENDURHEIMTA ÞAÐ SEM ÞÉR ER KÆRAST?

Spennu beltin og undirbúðu þig undir háspennumynd ársins með Óskarsverðlaunahafanum Jodie Foster!

TOUCHSTONE PICTURES AND IMAGINE ENTERTAINMENT PRESENT A BRIAN GRAZER PRODUCTION JODIE FOSTER "FLIGHTPLAN" PETER SARSGAARD ERIKA CHRISTENSEN AND SEAN BEAN  
MUSIC COMPOSED BY JAMES HORNER COSTUME DESIGNER SUSAN LYALL EDITOR THOM NOBLE PRODUCTION DESIGNER ALEXANDER HAMMOND DIRECTOR OF PHOTOGRAPHY FLORIAN BALLHAUS EXECUTIVE PRODUCERS JAMES WHITAKER CHARLES J.D. SCHLISSEL ROBERT DINOZZI ERIKA HUGGINS  
PRODUCED BY BRIAN GRAZER WRITTEN BY PETER A. DOWLING AND DILLY RAY DIRECTED BY ROBERT SCHWENTKE  
Flightplan.movies.com

FRUMSÝND Í DAG!  
REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI

989 BYLGJAN Allir eru að hlusta!  
Háskólabíó  
SAMBIÓN

**HUGSABU STÓRT**  
**SMÁRA BÍÓ** SÍMI 564 0000



Frá framleiðendum The Professional og La Femme Nikita  
För beint á toppinn í USA  
Sá besti í bransanum er mættur aftur!  
POWER-SÝNING Á MIÐNÆTTI

Sýnd kl. 4, 6, 8, 10 og 12 á miðnætti  
Sýnd í Lúxus kl. 4, 6, 8, 10 og 12 á miðnætti B.i. 16 ára



FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX  
Hrikalega hráður háloftatryllir með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jessicu Biel í aðalhlutverkum.

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.40 B.i. 14 ára



Nicole Kidman Will Ferrell  
GOLDRÓTT GAMANMYND!

Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15

FM 95.7 Audi

Dolby Digital SDDS Son Dynamic Digital Surround THX BÍÓ.IS - allt á einum stað

**REGNBÖGINN** SÍMI 551 9000



YIGGO MORTENSEN MARIA BELLO ED HARRIS WILLIAM HURT  
Tom Stall lifði fullkomnu lífi... þar til hann varð að hetju.

Sýnd kl. 5.50, 8 og 10.10 B.i. 16 ára



FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX  
Hrikalega hráður háloftatryllir með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jessicu Biel í aðalhlutverkum.

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 14 ára

**400 kr. í bíó!** Gildir á allar sýningar merktar með rauðu



Nicole Kidman Will Ferrell  
GOLDRÓTT GAMANMYND!

Sýnd kl. 8



RON SCHNEIDER EDGAR RAMBERG  
Sýnd kl. 6, og 10 B.i. 14 ára



Sýnd kl. 8 og 10.30 B.i. 16 ára



Sýnd kl. 6

Stealth kl. 5.45  
Red Eye kl. 6  
Transporter II kl. 8, 10 og 12 eftir miðn.  
A History of Violence kl. 8, 10 og 12 eftir miðn.

**Borgarbíó**

**LAUGARÁS BÍÓ** SÍMI 553 2075  
- bara lúxus



Frá leikstjóranum David Cronenberg kemur ein athyglisverðasta mynd ársins.  
Tom Stall lifði fullkomnu lífi... þangað til hann varð að hetju.

V.J.V. TOPPS.IS  
Kóngurinn & Fífilú XFM

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.i. 16 ára



FRÁ FRAMLEIÐENDUM SHREK OG BRICKEN DIN  
Wallace & Gromit  
BÖLVUN VÍGAKANNINNUNAR  
ATH! Á undan myndinni er stuttmyndin "Madagascar Mergasinnar halda í jöfoleikumur" sýnd.

Sýnd kl. 4 og 6 m/íslensku tali



EF ÞÚ ERT EKKI MYRKÆLIN, ÞÁ MUNTU VERÐA ÞAÐ!  
FRÓTAL, BLÓÐUG, ÖGNVEKANDI OG SLÁNDI... SVO MAGNBRUNGIN AD ÞU SITUR EFTIR Í LÖSTI!  
ALLS EKKI FYRIR VÍDKVÆMA!  
Sýnd kl. 6, 8, 9, 10 og 11:10 B.i. 16 ára



Sýnd kl. 4 m/íslensku tali Miðaverð 450 kr.

www.laugarasbio.is

# Endanlega búíð hjá Miller og Law

Hafi einhver efast um að Jude Law og Sienna Miller væru skilin þá sannfærast sá hinn sami hér með. Breskir fjölmiðlar hafa sem kunnugt er verið fullir af sögum um meint framhjáhald þeirra, Jude með barnfóstru og Sienna með nýja Bond-inum, Daniel Craig. Nú síðast bárust fréttir af því að Jude hefði boðið mexíkósku þokkagyðjuni Sölmu Hayek á stefnumót með sér.



JUDE LAW Sat rólegur undir ræðu Siennu Miller sem hafði margt við hegðun hans að athuga.

Sienna og Jude höfðu ráðgert að hittast yfir hádegisverði í París sem breyttist þó fljótlega í einræðu Miller. Sjónarvottar segja að hún hafi hellt sér yfir kvennagullið. Einn sjónarvottur,

SALMA HAYEK Nú er Salma orðin þýrnir í augum Siennu Miller en mexíkósku þokkagyðjan átti stefnumót við Jude Law.

sem breska blaðið Mirror náði tali af, sagði Siennu hafa verið afmyndaða af reiði en Law hafi hins vegar verið hinn rólegasti. Þegar Miller var búin að ausa úr skálum reiði sinnar stóð þetta fyrrverandi stjórnupar upp og tók lestina saman til Lundúna.

# 15 ára fangelsi

Enski söngvarinn Boy George á yfir höfði sér allt að fimmtán ára fangelsi verði hann dæmdur sekur um að hafa fíkniefni í fórum sínum.

George sló í gegn á níunda áratugnum ásamt hljómsveitinni The Culture Club með lögum á borð við Do You Really Want to Hurt Me og Karma Chameleon. Hann var handtekinn í New York í síðustu viku eftir að þrettán plastpokar með kókaíni fundust í íbúð hans. George hafði sjálfur hringt á lögregluna til að tilkynna um innbrot í íbúðina.

George, sem heitir réttu nafni George O'Dowd, heldur fram sakleysi sínu og segist ekki hafa hugmynd um hvernig kókaínid komst í íbúðina hans. „Hann er mikið fyrir að blanda geði við fólk og mjög margir koma í



BOY GEORGE OG AGUILERA Söngvarinn fornfrægi er í slæmum málum um þessar mundir. Hér sést hann ásamt söngkonunni Christina Aguilera.

heimsókn í íbúðina hans," sagði lögrfræðingur söngvarans.

George var sleppt úr varðhaldi daginn eftir handtökuna en þarf að mæta fyrir rétt hinn 19. desember.



SIGN Rokksveitin Sign hefur verið á tónleikaferð um landið að undanförmum.

## Sign spilar á Höfn

Hljómsveitin Sign hefur undanfarna daga rokkað hringinn um landið með Rás 2 og í kvöld spilar sveitin á Höfn í Hornafirði. Hringferðinni lýkur á morgun en í næstu viku spilar Sign í Öldutúnskóla á tónleikum allra félagsmiðstöðvanna í Hafnarfirði. Í framhaldinu spilar sveitin á Kerrang!-kvöldinu á Iceland Airwaves 21. október.

Nýjasta plata Sign, Thank God For Silence, kom út fyrir skömmu og hafnaði í 12. sæti Tónlistans í þessari viku.

## U2 gagnrýnir Hillary Clinton

Rokksveitin U2 hefur gagnrýnt bandaríska stjórnmálamann, þar á meðal Hilary Clinton, fyrir að nota tónleika þeirra til að safna pening í sjóði sína.

Clinton bauð nýverið stuðningsmönnum sínum sæti í svitu sinni á tónleikum U2 í Washington 19. október gegn því að þeir greiddu í kosninga- sjóð Demókrataflokksins.

„Tónleikar U2 eru ekki fjárföflun fyrir neina stjórnmálamann. Þetta eru rokk-tónleikar ein-göngu fyrir aðdáendur U2," sagði í yfirlýsingu sveitarinnar.




# FRAMTÍÐ WALDORF SKÓLA Á ÍSLANDI

Opinn fundur um framtíð Waldorf grunnskólanna og leikskólanna á Íslandi í versluninni Yggdrasil, Skólavörðustíg 16, sunnudaginn 16. okt. frá kl 13-15.

Gestur fundarins verður David Brierley, einn af stofnendum Waldorf kennaraháskólans í Oslo.

Allir áhugasamir eru velkomnir!

WALDORFSKÓLARNIR Á ÍSLANDI  
GLÓÐ samtök um Waldorfmenntun



COCOROSIE


NOAH'S ARC  
Niðurstæða: Önnur plata Cocorosie er guðdómleg. Stórkostleg framför frá fyrri plötunni, sem var þó ekkert slor. Þessi er örugglega á „repeat“ í himnaríki.

maður fær aldrei á tilfinninguna að hér sé búíð að forrita eitt eða neitt. Svo þegar þær koma fram á tónleikum er oftast bíboxari og hörpuleikari með í för.

Þær systur virðast líka vera nokkuð vinsælar því á plötunni er töluvert um gesti. Íslandsvinurinn Antony, sem vann Mercury-verðlaunin nýverið, syngur í tveimur lögum og snillingnum Devendra Barnhart bregður fyrir í einu.

Noah's Arc hefur nægilegan sjarma til þess að gera Casady-systurnar að stórstjórnnum. Enn ein frábær plata á annars ágætis tónlistarári.

Birgir Örn Steinarrson



ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
FLIGHTPLAN KL. 6-8.15-10.30 B.I. 12	WALLACE & GROMIT KL. 6	TRANSPORTER 2 KL. 6-8-10 B.I. 16
FLIGHTPLAN VIP KL. 3.45-6-8.15-10.30	FLIGHTPLAN KL. 8-10.10	FLIGHTPLAN KL. 8-10.15 B.I. 12
WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 4-6	THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 8-10.15	WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 4-6
WALLACE & GROMIT enskt tal KL. 6-8.15-10.30	GOAL KL. 5.45	MUST LOVE DOGS KL. 6-8.15-10.30
CINDERELLA MAN KL. 5-8-10.50 B.I. 14	<b>AKUREYRI</b>	SKY HIGH KL. 4
THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 5.30-8.10.30	WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 6	VALIANT ísl. tal KL. 4
GOAL KL. 8.15-10.30	FLIGHTPLAN KL. 8-10	
VALIANT ísl. tal KL. 3.40	CINDERELLA MAN KL. 10	
SKY HIGH KL. 3.50	GOAL KL. 8	
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 3.45	VALIANT ísl. tal KL. 6	

FLIGHTPLAN KL. 5.50-8-10.15	B.I. 12 ára
CINDERELLA MAN KL. 5.30-8.30-10.10	B.I. 14 ára
MUST LOVE DOGS KL. 6-10	
STRÁKARNIR OKKAR KL. 6-8-10	B.I. 14 ára
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 5.45-8	
KÓRINN - ÍSLENSK HEIMILDARMYND KL. 8	

ÁLFABAKKI 587 8900

KRINGLAN 588 0800

AKUREYRI 461 4666

KEFLAVÍK 421 1170

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN



## Neyðarhjálp vegna jarðskjálftanna í Pakistan

sími 907 2002



hringdu núna í síma 907 2002 og 1.100 kr. færast sjálfkrafa af símareikningi þínum

# TÓNABÚÐIN

## í Reykjavík er flutt í Skippholt 21

- Laugardaginn 15. október kl. 14.00 verður opunarhátíð í nýrri og stórglæsilegri verslun Skippholti 21.
- Fjöldi opunartilboða, 10%-50% afsláttur.
- Landspektir tónlistarmenn taka lagið; Santiago, Buff, Fabúla, Halli Reynis, Svavar Knútur Kristins. og fleiri.

tonabudin.is

TÓNABÚÐIN

Skippholt 21, Reykjavík s.5524515  
Sunnuhlíð 12, Akureyri s.4621415

## ashtanga vinyasa jóga byrjendanámskeið

17. október til 4. nóvember 3 laus pláss  
7. nóvember til 25. nóvember skráning hafin

skráning í síma 553 0203 og [istefan@mi.is](mailto:istefan@mi.is)  
vinyasa jóga ~ meðgöngujóga ~ hatha jóga



engjateigur 5

yoga shala

[www.yogashala.is](http://www.yogashala.is)

## Rakavarnarplast, plastdúkar og pétti-bönd á frábæru verði



Raka- og vatnspétiefnin frá Múrbúðinni eru hágæðavara á verði sem kemur verulega á óvart. Komdu og gerðu samanburð á verði i og gæðum.



MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · [sala@murbudin.is](mailto:sala@murbudin.is) · [www.murbudin.is](http://www.murbudin.is)

ÚR BIÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:  
 „Well, what if there is no tomorrow?  
 There wasn't one today.”

Svar: Þvíl úr kvikmyndinni Groundhog Day árið 1993.

# dagskrá



**VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON VILDI SJÁ FRANKIE GOES TO HOLLYWOOD SAMAN Á NÝ**

## Strengir stilltir saman á ný

Af annars ágætu úrvali sjónvarpsstöðva á fjölvarpinu hef ég sérlega gaman af tónlistarstöðinni VH-1, að undanskildum skiptunum sem hún dettur í þráspilun á hljómsveitum á borð við Fleetwood Mac, Dire Straits og Heart. Sem er nú frekar oft, svona þegar maður fer að spá í það. En hvað um það, á stöðinni kennir jú ýmissa grænna grasa, til dæmis þátturinn Bands Reunited. Þar fer skeggur þáttastjórnandi, með býsn af sannfær-ingarkrafti, í poppkrossferð og reynir að sannfæra félagi í hljómsveitum sem gerðu það gott áður fyrr, oftast á 9. áratugnum, um að hittast aftur, rifja upp hið liðna og jafnvel taka lagið. Flestar sveitanna hafa svipaða sögu að

segja. Ósætti, sem yfirleitt á upptök í frekum söngvara með háleitar hug-myndir um eigið ágæti, varð til þess að bandið liðaðist í sundur á sínum. Flestir eru því tregir til að hitta gömlu félag-ana aftur, en láta til leiðast með sem-ingi. Undir lokin er búið að magna nostal-gí-



una svo upp að þeir geta ekki beðið eftir að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Nema freki söngvarinn sem hik-ar ekki við að leggja drauma féлага sinna í rúst í annað sinn. Og það getur sko verið drama, til dæmis var hrein-lega átakanlegt að sjá Paul Rutherford á barmi þess að brynna músum þegar kom í ljós að Holly Johnson hafði engan áhuga á að endurvekja Frankie goes to Hollywood. Ekki er ég hrifnæmur maður en skal fúslega viðurkenna, að þá átti ég bág með mig. Það er svo spurning hvort ekki megi heimfæra þessa hugmynd á Ísland. Hver vill ekki sjá Brunaliðið, Rikshaw eða Geira Sæm og Hunangstunglið stíga á svið á ný?

<p>▶ <b>20.10</b> Barnaefni</p> <p>LATIBÆR</p>	<p>▶ <b>20.30</b> Keppni</p> <p>IDOL STJÖRNULEIT 3</p>	<p>▶ <b>21.40</b> Bíó</p> <p>COFFEE AND CIGARETTES</p>	<p>▶ <b>21.15</b> Raunveruleiki</p> <p>RIPLEY'S BELIEVE IT OR NOT!</p>	<p>▶ <b>21.00</b> Raunveruleiki</p> <p>AND THEY WALKED AWAY</p>
<p><b>SJÓNVARPIÐ</b></p> <p>17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Tóbbi tvisvar (7:26) 18.25 Villt dýr (3:26)</p>	<p><b>6.58</b> Ísland í bitíð <b>9.00</b> Bold and the Beautiful <b>9.20</b> Í finu formi 2005 <b>9.35</b> Oprah Winfrey <b>10.20</b> Ísland í bitíð</p>	<p><b>SIRKUS</b></p> <p>17.35 Cheers – 7. þáttaröð <b>18.00</b> Upphitun</p>	<p><b>SKJÁREINN</b></p> <p>18.30 Íslenski bachelorinn (e) Nú er komið að því að gera íslenska útgáfu af þáttunum.</p>	<p><b>SYN</b> Besta svarið</p> <p>7.00 Olíssport 7.30 Olíssport 8.00 Olíssport 8.30 Olíssport</p>
<p>18.30 Ungar ofurhetjur (21:26) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.40 Kastljós 20.10 Latibær 20.40 Hanastél (Cocktail) Bandarísk bíómynd frá 1988 um efnilegan barþjón í New York sem fær vinnu á Jamaíka og verður ástfanginn. ▶ 22.25 Tviskinnungur (Segunda Piel) Spænsk bíómynd frá 2000. Læknir verður ástfanginn af giftum manni og samband þeirra hefur djúpstæð áhrif á líf þeirra beggja. Leikstjóri er Gerardo Vera og meðal leikenda eru Javier Bardem, Jordí Mollà, Ariadna Gil og Cecilia Roth. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.</p>	<p>18.30 Neighbours 12.45 Í finu formi 2005 13.00 Perfect Strangers (144:150) 13.25 George Lopez (3:24) 13.55 Punk'd (2:8) (e) 14.20 Jag (24:24) (e) 15.05 LAX (11:13) 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.45 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours</p> <p>18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag 20.00 Arrested Development (10:22) (Tómír asnar) Einn umtalaðasti og frumlegasti gamanþáttur síðari ára. ▶ 20.30 Idol Stjörnuleit 3 (3:45) (Áheyrnarpróf) 21.20 Two and a Half Men (24:24) (Tveir og hálfur maður) Gamanmyndaflokkur um þrjá stráka, tvo fullorðna og einn á barnaldri. 21.45 Entourage (7:8) (Viðhengi) Gamanþáttaröð. 22.10 Blue Collar TV (9:32) (Grínsmíðjan) Bráðskemmtilegir grínþættir. 22.35 The Big Man (Crossing the Line) (Yfir strikið) Dramatísk kvikmynd.</p>	<p>18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Laguna Beach (2:11) Einn rikasti og fallegasti strandbær veraldar. 19.30 Idol extra 2005/2006 Svavar Örn sýnir þér allt það sem gerðist á bak við tjöldin á 2. prufudegi. 20.00 Joan Of Arcadia (15:23) (Night Without Stars) 20.50 Tru Calling (16:20) (Tvo Pair) Þættir í anda Quantum Leap. ▶ 21.40 Coffee and Cigarettes Samansafn af bráðfyndnum sjálfstæðum senum, hálfgerðum stuttmyndum, þar sem ótrúlegur stjórnumans þekktra leikara og tónlistarmanna, leikur oft ýkta útgáfu af sjálfum sér og fer á kostum. Jim Jarmusch í toppformi.2003.</p>	<p>21.15 Ripley's Believe it or not! 22.00 The Jamie Kennedy Experiment Grínarinn Jamie K veiðir fólk í gildru og kvikmyndar með falinni myndavél. 22.30 Dirty Sanchez Í þættinum kynnumst við nýjum fleti á því hvað sársauki getur verið, þegar við fylgjumst með þremur Wales-búum og einum brjáluðum Lundúnabúa.</p>	<p>18.00 Olíssport</p> <p>18.30 Gillette-sportpakinn 19.00 Timeless (Íþróttahetjur) Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum. 19.30 NFL-tílfrið Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum. 20.00 Motorworld Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþróttanna. 20.30 UEFA Champions League Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu. ▶ 21.00 And They Walked Away (Sloppið naumlega) Í sumum greinum akstursíþróttanna eru óhöpp tíð. 22.20 NBA – Bestu leikimír (LA Lakers – Boston Celtics 1987)</p>
<p><b>BIÓ</b> STÖÐ 2 BIÓ</p> <p>6.00 The Good Girl (Bönnuð börnum) 8.00 Duplex 10.00 Try Seventeen 12.00 Spy Kids 3-D: Game Over 14.00 Duplex 16.00 Try Seventeen 18.00 Spy Kids 3-D: Game Over 20.00 The Good Girl Rómantísk gamanmynd. 22.00 Edge of Madness Kanadísk kvikmynd. 0.00 Quicksand (Str. b. börnum) 2.00 American Outlaws (Str. b. börnum) 4.00 Edge of Madness (Str. b. börnum)</p>	<p><b>OMEGA</b></p> <p>Dagskrá allan sólarhringinn.</p> <p>0.05 Freddy Vs. Jason (Stranglegra bönnuð börnum) 1.40 Lesser Prophets (Stranglegra bönnuð börnum) 3.10 Justice (Stranglegra bönnuð börnum) 4.50 Fréttir og Ísland í dag 6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi</p>	<p><b>E! ENTERTAINMENT</b></p> <p>12.00 E! News 12.30 The Soup UK 13.00 The E! True Hollywood Story 14.00 101 Best Kept Hollywood Secrets 15.00 E! Entertainment Specials 16.00 Style Star 16.30 Style Star 17.00 Kill Reality 18.00 E! News 18.30 The Soup UK 19.00 The E! True Hollywood Story 21.00 Rich Kids: Cattle Drive 22.00 Wild On Tara 22.30 Wild On Tara 23.00 E! News 23.30 Behind the Scenes 0.00 Rich Kids: Cattle Drive 1.00 The E! True Hollywood Story</p>	<p><b>AKSJÓN</b></p> <p>Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15</p>	<p><b>ENSKI BOLTINN</b></p> <p>19.00 Upphitun 19.30 Stuðningsmannapátturinn „Liðið mitt“ (e) Hörðustu áhangendur enska boltans á Íslandi í sjónvarpið. 20.30 Upphitun (e) 21.00 Stuðningsmannapátturinn „Liðið mitt“ (e) 22.00 Stuðningsmannapátturinn „Liðið mitt“ (e) 23.00 Upphitun (e) 23.30 Dagskrárlök</p>

**Eitt símtal**

550 5000

### Margföld áhrif með samlesnum auglýsingum!

Þú getur fimmfaldað tíðni auglýsinganna þinna með samlesnum auglýsingum sem birtast á **Bylgjunni, Talstöðinni, Létt 96,7, Fréttablaðinu** og á **visir.is**. Þegar þú hringir og pantar auglýsingu líða innan við tvær klukkustundir þar til hún er komin í loftið. Daginn eftir birtist hún svo í smáauglýsingum í **Fréttablaðinu** og á **visir.is**.

**Einfalt, fljótlegt og gríðarlega áhrifaríkt!**

**Fimm miðlar**

Hringdu í síma 550 5000 og margfaldaðu tíðni auglýsinganna þinna

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## Segunda Piel

## Sjónvarpið kl. 22.25

### Flókinn ástarpríhrningur

Samband Diegos og Albertos er mjög erfið

Tvískinnungur er spænsk biómýnd frá 2000. Læknirinn Diego verður ástfanginn af manninum Alberto sem er bæði kvæntur og á son. Diego tekur ekkert mark á heilræðum yfirmanns síns né bestu vinkonu, Ceciliu Roth, og heldur ástarsambandi sínu við Alberto áfram. Sambandið hefur ekki einungis djúpstæð áhrif á líf þeirra beggia heldur einnig á eiginkonu Albertos. Leikstjóri er Gerardo Vera og meðal leikenda eru Javier Bardem, Jordi Mollà, Ariadna Gil og Cecilia Roth. Þessi sérstaka mynd hlaut Glitter-verðlaunin og fékk einnig tilnefningar á Butaca- og Goya-verðlaunahátíðunum.



### TALSTÖÐIN FM 90,9

7.00 Fréttir 7.10 Morgunútvarpið 9.10 Margrætt með Elísabetu Brekkan e. 10.10 Morgunstund með Ásdísu Olsen e. 11.10 Símatími með Illuga Jökulssyni.  
12.25 Fréttaviðtalið. 13.10 Hrafnáping 14.05 Birta 15.10 Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar 17.59 Á kassanum. Illugi Jökulsson. 18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag  
19.30 Morgunútvarpið e. 20.50 Margrætt e. 21.30 Morgunstund e. 22.10 Símatími e. 22.50 Á kassanum e. 23.20 Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e. 0.50 Hrafnáping e.  
1.35 Birta e. 2.25 Fréttaviðtalið e.

### BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson  
12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalagahádeggi Bylgjunnar 13.00 Þjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis  
18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.05 Árla dags 6.50 Bæn 7.30 Morgunvaktin 9.05 Óskastundin 9.50 Leikfimi 10.13 Sagna-slóð 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútvarp  
12.20 Fréttir 12.45 Veður 12.57 Dánarfregnir 13.00 Vít og breitt 14.03 Útvarpsagan 14.30 Hálfímínn 15.03 Uppá teningnum 16.13 Fimm fjórðu 17.03 Vísjás 18.00 Fréttir  
18.25 Spegillinn 19.00 Lög unga fólksins 19.30 Heimsókn 20.30 Kvöldtónar 21.00 Borgarsögur 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Pipar og salt 23.00 Kvöldgestir  
0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

### ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþróður Karlsd. 10.00 Rósa Ingólfsdóttir 11.00 Bláhornið 12.25 Meinhornið 13.00 Ylfa Lind 14.00 Kjartan G. Kjartansson 15.00 Hildur Helga 17.00 Gústaf Nielsson 18.00 Meinhornið 19.00 Bláhornið 20.00 Arnþróður Karlsdóttir 22.00 Rósa Ingólfsdóttir 23.00 Kjartan G. Kjartansson 0.00 Hildur Helga 2.00 Gústaf Nielsson 3.00 Rósa Ingólfsdóttir 4.00 Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþróður Karlsd.

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Einn og hálfur 7.30 Morgunvaktin 8.30 Einn og hálfur með Gestu Einari 10.03 Brot úr degi 12.03 Hádegisútvarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland  
16.00 Fréttir 16.10 Dægurmálaútvarp Rásar 2 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar  
18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir og Kastljósið 19.30 Tónlist að hætti hússins 20.00 Popp og ról 22.10 Næturvaktin  
22.10 Næturvaktin 0.00 Fréttir

### AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útvarp Latíber / Fjölskylda útvarp  
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni  
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum  
FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 104,5 Rádió Reykjavík / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS

Fréttir alán sólarhringinn.

### CNN INTERNATIONAL

Fréttir alán sólarhringinn.

### FOX NEWS

Fréttir alán sólarhringinn.

### EUROSPORT

12.30 Snooker: Grand Prix Preston United Kingdom 15.00 Tennis: ATP Tournament Vienna 16.30 Fencing: World Championship Leipzig Germany 18.00 Snooker: Grand Prix Preston United Kingdom 21.00 Xtreme Sports: Yox Xtreme 21.30 Freestyle Motorcross: US Tour Milwaukee 22.00 Freestyle Motorcross: US Tour Milwaukee 22.30 Snooker: Grand Prix Preston United Kingdom

### BBC PRIME

12.00 Two Thousand Acres of Sky 13.00 Teletubbies Everywhere 13.10 Little Robots 13.20 Andy Pandey 13.25 William's Wish Wellingtons 13.30 Boogie Bees 13.45 Fimbles 14.05 Tikiballa 14.35 50/50 15.00 Location, Location Location 15.30 Ready Steady Cook 16.15 The Weakest Link 17.00 Hobby City 18.00 The Life of Mammals 19.00 French and Saunders 19.30 Manchild 20.00 Knowing Me, Knowing You... With Alan Partridge 20.30 Vacuuming Completely Nude in Paradise 21.45 Black Cab 21.55 Table 12 22.05 Sparkhouse 23.00 A History of Britain 0.00 Terry Jones' Medieval Lives 0.30 Landscape Mysteries 1.00 Spain on a Plate 1.30 Make German Your Business

### NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 Sperm Whale Oasis 13.00 When Expeditions Go Wrong: Sunken Sub 14.00 Extraterrestrial: Aurelia 15.00 Extraterrestrial: Blue Moon 16.00 Seconds from Disaster: Flood At Stava Dam 17.00 Paranormal?: Bigfoot 18.00 Sperm Whale Oasis 'Living Wild' 19.00 When Expeditions Go Wrong: Ramping River 20.00 Billabong Odyssey 'film' 22.00 Extraterrestrial: Aurelia 23.00 Extraterrestrial: Blue Moon 0.00 Witnesses to Victory

### ANIMAL PLANET

12.00 Lyndal's Lifestline 13.00 Killing for a Living 14.00 Animal Cop Houston 15.00 Pet Rescue 15.30 Wildlife SOS 16.00 Amazing Animal Videos 16.30 Big Cat Diary 17.00 Lyndal's Lifestline 18.00 Meerkat Manor 18.30 Predator's Prey 19.00 Animal Precinct 20.00 Miami Animal Police 21.00 Meerkat Manor 21.30 Monkey Business 22.00 Venom EP 23.00 Pet Rescue 23.30 Wildlife SOS 0.00 Animal Precinct 1.00 Meerkat Manor 1.30 Lyndal's Lifestline

### DISCOVERY

12.00 Rex Hunt Fishing Adventures 12.30 Buena Vista Fishing Club 13.00 Super Structures 14.00 Extreme Machines 15.00 Scrapheap Challenge 16.00 Thunder Races 17.00 American Chopper 18.00 Mythbusters 19.00 Brainiac 20.00 The Great Biker Build-Off 21.00 Spy 22.00 Mythbusters 23.00 Forensic Detectives 0.00 Europe's Secret Armies

### MTV

12.00 Vva La Bam 12.30 Punk'd 13.00 Wishist 14.00 TTL 15.00 Dismissed 15.30 Just See MTV 16.30 MTVnew 17.00 Dance Floor Chart 18.00 Punk'd 18.30 Vva La Bam 19.00 Wild Boyz 19.30 The Osbournes 20.00 Top 10 at Ten 21.00 Wonder Showzen 21.30 Wonder Showzen 22.00 Party Zone 23.00 Just See MTV

### VH1

12.00 VH1 Hits 15.00 So 80s 16.00 VH1's Viewers Jukebox 17.00 Smells Like the 90s 18.00 VH1 Classic 18.30 MTV at the Movies 19.00 MTV Live Coldplay 19.30 MTV Live Alanis Morissette 20.00 Storytellers 21.00 Friday Rock Videos 23.30 Flipside 0.00 Chill Out 0.30 VH1 Hits

### CLUB

12.10 Weddings 12.35 Lofly Ideas 13.00 Staying in Style 13.30 The Review 14.00 Girls Behaving Badly 14.25 The Villa 15.10 The Rossmore Show 16.00 Yoga Zone 16.25 The Method 16.50 Petal Therapy 17.15 The Review 17.40 Girls Behaving Badly 18.05 Staying in Style 18.30 Paradise Seekers 19.00 Design Challenge 19.25 Single Girls 20.15 Sextasy 21.10 Women Talk 21.35 My Messy Bedroom 22.00 Cheaters 23.00 Entertaining With James 23.30 City Hospital 0.25 Girls Behaving Badly 0.50 Completely Hammered 1.15 Innertainment 1.45 The Review

### CARTOON NETWORK

12.00 Dexter's Laboratory 12.30 Edd n Eddy 13.00 Codename: Kids Next Door 13.30 The Powerpuff Girls 14.00 Sabrina, The Animated Series 14.30 Atomic Betty 15.00 Teenage Mutant Ninja Turtles 15.30 B-Daman 16.00 Codename: Kids Next Door 16.30 Foster's Home for Imaginary Friends 17.00 Duck Dodgers in the 24 1/2 Century 17.30 Charlie Brown Speicals 18.00 What's New Scooby-Doo? 18.30 Tom and Jerry 19.00 The Flintstones 19.30 Looney Tunes 20.00 Dastardly & Muttley in Their Flying Machines 20.30 Scooby-Doo 21.00 Tom and Jerry 22.00 Dexter's Laboratory 22.30 The Powerpuff Girls 23.00 Johnny Bravo 23.30 Edd, Edd n Eddy 0.00 Skipper & Skeeto 1.00 Spaced Out 1.30 Spaced Out

### JETIX

12.20 Goosebumps 12.50 Black Hole High 13.15 Spiderman 13.40 Movie Mysteries 14.05 Digimon II 14.30 Totally Spies 15.00 W.L.C.H 15.30 Sonic X

### MGM

12.05 Stella 13.55 Cry For The Strangers 15.30 Till There Was You 17.00 Defiant Ones, The (TV Movie) 18.35 Johnny Ryan 20.15 Out On Bail 21.55 Audrey Rose 23.45 Valet Girls 1.10 Warm Summer Rain

### TCM

19.00 Forbidden Planet 20.40 The Hearting 22.30 Pennies from Heaven 0.15 Action of the Tiger 1.45 The Good Earth

### HALLMARK

12.45 Category 6: Days of Destruction 14.15 To Dance With The White Dog 16.00 Larry McMurtry's Dead Man's Walk 17.30 McLeod's Daughters V 18.30 Early Edition IV 19.15 Mom At Sixteen 20.45 Floating Away 22.30 Early Edition IV 23.15 Boyfriend For Christmas 0.45 Mom At Sixteen

### BBC FOOD

12.00 Secret Recipes 12.30 A Cook's Tour 13.00 Beyond River Cottage 13.30 United States of Reza 14.00 Off the Menu 14.30 Deck Dates 15.00 Douglas Chew Cooks Asia 15.30 Masterchef Goes Large 16.00 Nigel Slater's Real Food 16.30 Forever Summer With Nigella 17.00 The Thirsty Traveller 17.30 Great Wine Walks 18.00 Gary Rhoades 18.30 Diet Trials 19.00 Neil Perry: Foodpool Sessions 19.30 The Tanner Brothers 20.00 Secret Recipes 20.30 Giorgio Locatelli - Pure Italian 21.00 The Best 21.30 Saturday Kitchen

### DR1

12.00 Reibattan 12.30 Showtime: Utdrögingin 13.00 TV Avisen með veitir 13.20 Sports 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 Boogie Listen 15.00 Svampbob Fikant 15.20 Jungletrommer 15.30 AMIGO 16.00 Fies vuggestue 16.10 Den lille røde traktor 16.20 Pingu 16.30 TV Avisen með Sport og Veitir 17.00 Disney Show 18.00 Showtime 19.00 TV Avisen 19.30 Showtime: Klängen 19.45 Múnninn vendar líbaga 21.50 Hernaldi 0.05 Boogie Listen

### SV1

11.45 Tv-huset 13.00 Debat 14.00 Rapport 14.10 Gornorron Sverige 15.00 Dn státsaga 15.30 Mitt í naturen 16.00 BolliBorra 16.01 Supernalástversara och Stálhennik 16.25 Popperfestin 16.45 Hákon Surtani 17.00 Combo 17.30 Rapport 18.00 Tílsamans fyrir Vákars barn 19.30 Mitt stóra fela grekiska bróðir 21.05 Rapport 21.15 Kúlumyhlerna 21.25 Popcorn 21.55 Batman - áterkonstan 0.00 Batman Forever

# Full búð af nýjum útsöluvörum!

## 30-70% afsláttur



~~9.990~~  
Súlur flísjakki  
KR 5.900



~~11.990~~  
Askja flísjakki  
KR 7.900



~~8.990~~  
Barnaúlpa  
KR 4.900



~~7.990~~  
Súlur flíspeysa  
KR 4.900



~~4.450~~  
Óðinn barnaflíspeysa  
KR 2.900



~~1.450~~  
Húfur, treflar og vettlingar  
KR (stk) 800

# ÚTSÖLUMARKAÐUR

Faxafeni 12, 108 Reykjavík, Opið 10-18 virka daga og 10-16 laugardaga, [www.66north.is](http://www.66north.is)





## HRÓSÍÐ

...fær Ari Alexander en myndin hans, Gargandi snilld, hefur verið á dagskrá þrjátíu kvikmyndahátíða um allan heim. Myndinni var einnig nýlega boðið á AFI-hátíðina sem kennd er við American Film Institute en hún er haldin í Los Angeles.

1	2	3	4	5
6	7	8		
9	10	11		
12		13		
14				15
16		17		
18	19	20		
21				

**LÁRÉTT:** 2 á bil 6 skammstöfun 8 traust 9 dauði 11 bogi 12 land 14 niðurstaða 16 klukkan 17 innan í horni 18 gól 20 tveir eins 21 glufa.

**LÓÐRÉTT:** 1 flík 3 utan 4 lítill þúki 5 blundur 7 fugl 10 málmur 13 eins um d 15 leiktæki 16 belja 19 tveir eins.

### LAUSN

LAUSN: 1. Svava Johansen, George Weah, Kínverjar. Öruggr, auðkenning, dulkodun.is. LÁRÉTT: 2 á bil 6 eh, 8 trú, 9 lát, 11 yr, 12 Sviss, 14 endir, 16 kl, 17 síð, 18 ýlu, 20

## [ VEISTU SVARID ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Svava Johansen
2. George Weah
3. Kínverjar

Öruggr  
auðkenning



dulkodun.is

## REYKJAVÍKURNÆTUR HÖRPU PÉTURSDÓTTUR FINNST ALLTAF JÁKVÆTT ÞEGAR

FÓLK FINNUR ÁSTINA

### Mitt svæði – æði?

Nýjasta trendið í dag er eitthvað sem heitir „Myspace“ og er hreint út sagt að tröllríða öllu. Allir sem telja sig vera hip og kúl eru þátttakendur í þrjúlaðinu. Myspace er þannig að fólk býr til „prófil“ um sjálft sig með myndum, lýsingum á sjálfu sér og áhugamálum. Svo er vinum safnað. Þetta er sem sagt eins konar vinanet þar sem fólk getur valið sér vini eftir hentisemi eins og maður gerir sennilega í rauveruleikanum líka. Fólk er að eignast nýja vini jafnvel oft á dag. Þá er það að skrifa skilaboð sín á milli og gefa komment á hvort annað. Ég komst í kynni við þennan heim fyrir svölutlu síðan og hef verið ansi ódugleg við að viðhalda þeim 50 vinum sem ég hef eignast þar. Sem dæmi um þessa veröld má skoða einn vin minn. Hann kynntist

stelpu á Myspace sem honum leist vel á og henni greinilega á hann því þau voru sífellt að kommenta á hvort annað (í þessum heimi telst það vera daður). Svo tóku þau sambandið á næsta stig og skiptust á msn-um sem er greinilega örliði nánara samband. Þau náðu svo svakalega vel saman á msn að þau flýttu sér upp á næsta stig og skiptust á símanúmerum. Til að byrja með voru þau í sms-sambandi og svo á endanum komust þau á toppinn þegar hann hringdi í hana. Þá varð ekki eftir snúð. Þau voru sem sagt að gera hrikalega góða hluti saman, sáu glitta í finustu vinatengsl og jafnvel eitthvað meira í framhaldinu. Að lokum gerðist hið ótrúlega, þau hittust og smullu saman. Stuttu síðar var mér boðið í matarboð til

þeirra og ég hreint út sagt gapti af undrun yfir þessum heimi sem er að verða til. Við verðum víst að gera okkur grein fyrir því að svona hlutir gerast ekki oft og þegar þeir gerast er það jafn svakalegt og að vinna í spilakassa. Þá hefurðu dottið í lukkupottinn. Ég verð að viðurkenna að mér finnst eitthvað hálfslúrt við þetta allt saman. Það að vera boðið á deit í gegnum Myspace eins og oft er raunin eða að kynnast einhverjum eftir að hafa lesið prófil viðkomandi til hlítar, til



að fullvissa mig um að við eigum eitthvað sameiginlegt, finnst mér svölutlu undarlegt. Það er eitthvað við það að hittast ekki augliti til auglitis og upplifa fyrsta augnabliknið sem svo oft er erfið en þó fyndið, sem mér finnst óeðlilegt og ópersónulegt. Staðreyndin er hins vegar sú, óháð því hvernig hlutirnir gerast, að það er alltaf af hinu góða þegar fólk eignast vini eða finnur ástina!



STEFÁN MÁNI: Ætlar að skaupast með sjálfan sig og aðra í nýrri bók sem heitir Túrísti. Bók hans, Svartur á leik, var tilnefnd til Glerlykilsins sem afhentur verður í maí. FRÉTTABLAÐIÐ / E.ÓL

### STEFÁN MÁNI: GÁTTAÐUR Á TILNEFNINGUNNI

## Var alveg rosalega hissa

Hið íslenska glæpafélag hefur valið bók Stefáns Mána, Svartur á leik, í samkeppnina um Glerlykilinn. Hann er veittur fyrir bestu norrænu glæpasöguna og fer afhending hans fram í maí. Arnaldur Indriðason hefur hlotið þessi verðlaun tvívegis, 2002 og 2003, fyrir bækur sínar Grafarþögn og Röddina. Svartur á leik er fimmta skáldsaga Stefáns og gerist í undirheimum Reykjavíkur. Athygli vakti þegar Stefán Máni upplýsti að hann hefði verið í slagfoti við glæpamenn þegar hann víðaði að sér efni fyrir bókina.

Rithöfundurinn var nokkuð gáttaður á ákvörðun glæpafélagsins. „Ég var alveg rosalega hissa því í mínum huga á bókina ekkert heima í þessari deild,“ svaraði hann samviskusamlega. „Það kom

mér því skemmtilega á óvart að menn skyldu hafa þorað þetta,“ bætir hann enn fremur við. Stefán viðurkennir að hann hafi ekki vitað af þátttöku sinni og hann taki því hattinn ofan fyrir nefndinni. Glæpamenn undirheima Reykjavíkur hafa verið mikið í umræðunni undanfarin ár og má líkja umfjöllun um þá við fréttir af rokkstjörnum. Stefán tekur að einhverju leyti undir það en segir þetta ekki nýtt af nálinni. „Á bannarunum voru það Al Capone og félagar sem voru hetjurnar,“ segir hann og telur fjölmiðla vera í sífelldri leit að hetjum og andhetjum. „Þetta eru nútímapjöðsagnapersónur en það er ekkert óeðlilegt að setja spurningarmerki við þessa umfjöllun,“ segir hann.

Stefán vinnur nú að gerð kvik-

myndahandrits eftir bókinni en ráðgeft er að tókur hefjist 2007 en það eru ZikZakk og Filmus sem koma til með að gera hana. „Þetta er hörkupúl, miklu meiri vinna en við skáldsögu,“ segir Stefán og telur það vandasamara að búa til handrit. „Þú getur leyft þér að vera með eina leiðinlega síðu í bók en það má ekki vera ein dauð mínúta í kvikmynd.“

Þá er væntanleg ný bók eftir rithöfundinn um jólin sem ber heitið Túrísti. Þar gerir Stefán grín að sjálfum sér og öðrum í hans stétt. „Í bókinni eru raddir skálda og rithöfunda sem agnúst út í allt og alla. Þetta er ekki jafn gróft og áramótaskaup en þarna er verið að skaupast með menn sem eru ekki vanir því,“ segir hann dularfullur.

### FRÉTTIR AF FÓLKI

Reski leikstjóri Ridley Scott telur að ef markaðssetning myndarinnar Kingdom of Heaven hefði verið öðruvísi hefði hún gengið mun betur en hún gerði. Myndin var auglýst sem rómantísk spennumynd, en Scott segist líta á hana sem epískt verk með trúarlegum og pólitískum undirtóni. Hefði hún verið markaðssett sem slík hefði hún laðað fleiri að. Hann heldur að bandaríska markaðsdeildin hafi ekki þorað að markaðssetja myndina með áherslu á krossferðirnar af ótta við að það kynni að vekja deilur.



Sá orðrómur gengur fjöllumum hærra í Hollywood um þessar mundir að stórstjarnan Al Pacino og Kirstey Alley, sem er þekktust fyrir leik sinn í Staupasteini, séu par. Pacino er nú árum eldri en Alley. Nýlega sást til þeirra á veitingastað í félagi við annað fólk og segja sjónarvottar að Alley og Pacino hafi látið afar vel hvort að öðru svo ekki fór á milli mála að um rómantískt stefnumót var að ræða. Fulltrúar stjarnanna hafa ekki tjáð sig um málið.



Leikkonan Angelina Jolie var heiðruð á þriðjudaginn fyrir framlag sitt til göðgerðarmála sem göðgerðasendiherra Sameinuðu þjóðanna. Þá var henni afhent sérstök viðurkenning Sameinuðu þjóðanna fyrir óeigingjarnt starf í þágu mannúðarmála. Jolie, sem er tveggja barna móðir, sagði við þetta tækifæri að á eftir móðurhlutverkinu væru göðgerðarstórf þá sem skipti hana mestu máli.



## Leynifélag Snorra Sturlusonar

Norski rithöfundurinn Tom Egeland er væntanlegur til Íslands í næstu viku. Erindi hans hingað er tvíþætt en fyrst og fremst er hann að kynna bók sína Við enda hringsins sem er að koma út í íslensku þýðingu en að auki ætlar hann að fara á slóðir Snorra Sturlusonar vegna heimildarvinnu fyrir sína næstu bók.

Við enda hringsins hefur vakið heimsathygli þar sem hún þykir minna um margt á hina geysivinsælu bók Dans Brown um Da Vinci lykilinn en Egeland skrifaði sína bók tveimur árum á undan Brown. Hann vakti þó litla athygli utan heimalandsins fyrr en Da Vinci lykillinn sló í gegn og var þá hvattur til þess að höfða mál á hendur Brown fyrir hugmyndastuld. Egeland sá þó ekki ástæðu til þess enda vinna báðir höfundar með sögulegar heimildir sem þeir blanda við skáldskap sinn.

Egeland er að vinna að framhaldi Við enda hringsins og þar mun Snorri Sturluson koma nokkuð við sögu og hann mun því nota Íslandsheimsóknina í rannsóknarvinnu. Sagan segir að aðalpersóna Við enda hringsins, albinóinn og fornleifafræðingurinn Björn Beltó, muni rekja slóð Snorra í leit að týndum handritum. Snorri mun nefnilega hafa verið meðlimur í leynireglu sem gætti leyndarmáls sem tengist fornum egyptskum handritum. Björn mun svo finna íslenska þýðingu handritsins sem leiðir hann áfram að frumtextanum.

Tom Egeland gaf út sína fyrstu glæpasögu árið 1988. Hann er fréttastjóri hjá TV2 í Osló en hefur skrifað spennubækur með starfi sínu. Hann áritar Við enda hringsins í Bókaverslun Máls og menningar á Laugavegi í næstu viku.



TOM EGELAND Hefur heyrt tróllasögur um mataræði Íslendinga og óttast að á borðum sé aðallega hákarl og súrsaðir hrútsþungar. Þetta veldur honum nokkrum áhyggjum þar sem hann getur ekki einu sinni borðað sushi.

# Stór Humar Medium Humar Risa Rækjur

Fiskbúðin Vör  
– Fiskikóngurinn –  
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

FISKBÚÐIN HAFBERG  
Gnodarvogi 44, sími 588 8686

SKÍFAN KYNNIR

# HELGI BJÖRNS

YFIR ESJUNA – 12 PERLUR EFTIR MAGNÚS EIRÍKSSON



**NÝTT!**


**1.999 kr.**

Á þessari frábæru plötu flytur Helgi Björnsson ásamt úrvals hljóðfæraleikurum 12 af helstu perlum Magnúsar Eiríkssonar. Glæsileg plata!

Lagalisti:  
Kóngur einn dag, Reyndu aftur, Ef þú ert mér hjá, Blús í G, Samferða, Gamli góði vinur, Ég elska þig enn, Óralengt í burt, Komdu í partí, Ómissandi fólk, Þá byrjar hann að birta til, Ræfilskvæði.

BaseCamp

Nú á tilboði í verslunum Skífunnar



...skemmtir þér ; )

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

KONUNGLEGUR!  
ÍSKALDUR  
**FAXE**  
ROYAL  
LÉTTUR ÖLLARI



**BAKÞANKAR**

SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR

## Kúkað á blinda

Persóna sem er alltaf með kjaftinn upp í raftinn er stundum kölluð til, til þess að endurtaka orð sín, eða útskýra þau, við hátíðleg tilefni. Í fyrra kvöld var ykkar einlæg boðuð á fund hjá Blindrafélaginu til þess að endurtaka orð sem hún viðhafði á þessari síðu fyrir stuttu. Tilefnið var fundur með stórmönnum almenningssamgangnakerfisins sem hét einu sinni Strætó en heitir eitthvað svo flókið í dag að ég hef ekki vit til þess að læra það. Hljómar eins og það hafi verið smíðað af rússneskri málvitund.

**BLINDIR** og sjónskertir vildu koma vanda sínum í ferlismálum á framfæri eftir að leið 6 var aflögð um Hamrahlíð til hæstráðandi kerfisins, í þeirri von að mæta skilningi. Hvernig þeim datt það í hug er mér hulin ráðgáta. Það var ekki langt liðið á fundinn þegar blindum og sjónskertum var tilkynnt að ákveðið hefði verið að skipuleggja það „þjónustu“kerfi sem nú ríkir án tillits til sérhópa. Markmiðið var að lokka til sín þá sem þeysast um götur borgarinnar á hraðskreiðum ósonmengandi jeppum með alltof stór dekk - hinn svallaða almenning.

**BLINDUM** og sjónskertum var líka tilkynnt að þeim væri engin vorkunn að læra að rata nýjar leiðir yfir mestu hraðbrautir borgarinnar í hvaða veðri sem er og þreifa sig síðan áfram margfalt lengri leið að húsi Blindrafélagsins en áður, jafnvel þegar farið verður að skafa snjó af götum upp á gangstéttir svo bíleigendur komist leiðar sinnar. Auðvitað ekki. Við sem höfum sjónina sjáum að þetta er enginn vandi. Miklu minni vandi en mætir okkur sjálfum þegar við þurfum að leggja bílum okkar og fyllumst gremju ef við fáum ekki stæði við dyrnar á því húsi sem við ætlum inn í. Erum ekki hönnuð til þess að ganga spönn frá rassi.

**ÁSTÆÐAN** fyrir því að strætó má ekki aka Hamrahlíðina er sú að þar er 30 km hámarkshraði. Hvernig væri að hækka hámarkshraðann þar og banna bílastöður við gangstéttarbrúna meðfram götunni? Bíleigendur gætu lagt á bílastæði hinum megin við götuna. Þeir hljóta að geta gengið yfir götu rétt eins og blindir og sjónskertir. Eða hvað?

NÆTURVAKTIN

KIRINO NATSUO

# EINS OG FERÐALAG UM UNDIRHEIMA TÓKIÓ MED QUENTIN TARANTINO SEM LEIÐSÖGUMANN

SELDIST Í MILLJÓNAUPLAGI Í JAPAN  
JAPÖNSKU GLÆPASAGNAVERÐLAUNIN  
JAPÖNSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN  
TILNEFND TIL BANDARÍSKU EDGAR-VERÐLAUNANNA

  
BJARTUR

TILBOÐSVERÐ Í PENNANUM: 2990 KR.  
FRAM TIL MÁNAÐAMÓTA





**AEG**

Þvottadagar

**ORMSSON**



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

NÚ ÞJÓÐUM VIÐ PARIÐ Á  
KR. 159.000,-

NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN  
OG ÞURRKARINN FRÁ **AEG**

**EFTIRSÓTTASTA  
PAR LANDSINS**



**RADIONAUST**  
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

**ORMSSON**

LÁGMÚLA SÍMI 530 2800  
SMÁRALIND SÍMI 530 2900  
UMBODSMENN UM LAND ALLT